

ROALD DAHL

Matthildur

SÖNGLEIKURINN

JÓLAGJAFATILBOÐ

2.000 kr. afsláttur af
gjafakortum í desember á Matthildi.
Salan hefst kl. 12 í dag.





GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu gjöf sem lifnar við





Hafist var handa við að rífa rústir hússins sem brann á Kirkjuvegi á Selfossi í lok síðasta mánaðar. Karl og kona létu lifið í eldsvoðanum en þau fundust á efri hæð hússins degi síðar. Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Oddur Arnason að rannsókn málsins væri í fullum gangi en óskaði hefur verið eftir því að sakhæfismat verði gert á meintum geranda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Segir borgina í forystu í húsnæðismálum

Borgarstjóri kallar eftir samtali um húsnæðismál í tengslum við kjarasamninga. Hann segir borgina í ótvíræðri forystu í húsnæðismálum og að uppbygging eigi sér stað fyrir alla hópa. Tæplega fimm þúsund íbúðir í borginni á framkvæmdastigi segir ný greining.

HÚSNÆÐISMÁL „Reykjavík er í ótvíræðri forystu í húsnæðismálunum. Ekki bara í því að það er verið að byggja meira og hraðar hér en annars staðar eins og við sjáum í talningu Samtaka iðnaðarins. Líka í því að við erum að sinna húsnæðisuppbyggingu fyrir alla hópa. Það þurfa auðvitað öll sveitarfélög að gera sitt og það dugir ekki að Reykjavík ein og sér sé að draga vagninn í þessu,” segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri um húsnæðisuppbygginguna í borginni.

Samkvæmt nýrri greiningu um fasteignamarkaðinn sem Capacent hefur unnið fyrir borgina og kynnt verður formlega í dag eru tæplega fimm þúsund íbúðir á framkvæmdastigi á 32 stöðum í borginni.

Þá kemur fram í greiningunni að yfirstandandi ár verði metár í uppbyggingu íbúða en búist er við að bygging 1.400-1.500 íbúða verði hafin á árinu. Síðastliðin þrjú ár hefur þessi fjöldi verið um 900

íbúðir á ári. Dagur segir að á næstu árum sé verið að sigla inn í meira jafnvægi framboðs og eftirspurnar.

„Stóru tíðindin í þessu er að það er lengi búið að kalla eftir uppbyggingu en nú er mjög mikill kraftur í henni og við erum bæði að fá inn á markaðinn í ár, á næsta og þar næsta ári mjög mikið af íbúðum, inn á kaupendamarkað. Fyrstu mjög stóru árgangarnir getum við sagt af leigubúðum á lægra verði á vegum verkalyðshreyfingarinnar og tölu-

vert á vegum stúdenta kemur inn á næsta ári og þar næsta,” segir Dagur.

Húsnæðismálin hafa töluvert verið í umræðunni í tengslum við kjarasamninga. Drífa Snædal, forseti ASÍ, hefur til að mynda sagt að það vanti átta þúsund íbúðir og skipulag til framtíðar. Markaðsaðilar geti ekki stýrt framboði hverju sinni heldur þurfi að taka mið af raunverulegri þörf fólks.

„Eg kalla eftir því nú í tengslum við kjarasamninga að við í samein-

ingu leggjum á ráðin um það hvað eigi að byggja mikið í samstarfi við verkalyðshreyfinguna, hvað þurfi mikið af íbúðum fyrir stúdenta, hvað þurfi mikið af íbúðum fyrir eldra fólk og hvert verði framlag stjórnvalda inn í þessa heildarmynd. Það mun ekki standa á borginni frekar en hingað til að eiga þetta samtal og leggja fram okkar áætlanir til þess að mæta þessu,” segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri að lokum. – sar

Bronslíð Belga beit frá sér

FÓTBOLTI Ísland tapaði fyrir Belgíu, 2-0, í síðasta leik sínum í Þjóðadeildinni í gær. Íslendingar töpuðu öllum fjórum leikjum sínum í þessari nýju keppni og féllu fyrir vikið niður í B-deild hennar.

Bronslíð Belga frá HM sýndi ekki sínar bestu hliðar en beit frá sér í síðari hálfleik og lagði vængbrotið lið Íslands.

– hó / sjá síðu 18



Fréttablaðið í dag

SKODUN Þórlindur Kjartansson fjallar um kappið og fegurðina. **15**

SPORT Fin frammistaða í ljósi aðstæðna en 2-0 tap fyrir Belgum staðreynd. **18**

MENNING Þórhallur Þráinsson fornleifafræðingur tók við heidursverðlaunum fyrir teikningar. **42**

LÍFIÐ Áhrif Friends rannsókuð í leikritinu *Insomnia*. **34**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

POTTURINN STEFNIR Í

25 MILLJÓNIR

LEIKURINN OKKAR

VAXTALAUS AFBORGUN V

VAXTALAUS AFBORGUN V

VAXTALAUS AFBORGUN V

VAXTALAUS AFBORGUN V

Vaxtalaus afborgun af ÖLLUM ÚRUM OG SKARTGRIPUM

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
michelsen.is

RUMFOT.IS
Nýbýlavegi 28

Velkominn í búðina

Rúmefót í miklu úrvali
www.rumfot.is

Veður



Gengur í suðaustan hvasuviðri eða storm með rigningu. Hríðarveður til fjalla á Vestfjörðum í kvöld. Lygnara og þurr á NA-verðu landinu.

SIÁ SÍÐU 22



Katrín Oddsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

600 andlit að láni á sólarhring

SAMFÉLAG Hundruð kvenna lánðu andlit sitt til stuðnings nýrri stjórnarskrá og fóru viðbrögðin fram úr björtustu vonum.

„Við settum auglýsingu eftir andlitum inn á hópinn og áttum kannski von á einhverjum tuttugu til fjórtíu andlitum. Þegar ég vaknaði [í gærmorgun] höfðu 500 skráð sig og svo bættust hundruð yfir daginn.“ segir Katrín Oddsdóttir lögmaður.

Katrín var ein þeirra 25 sem skipuðu stjórnlagaráð sem skilaði af sér frumvarpi að nýjum stjórnskipunar-lögum árið 2012 en það náði ekki fram að ganga. Reglulega er kallað eftir nýju stjórnarskránni.

„Þetta eru konur á öllum aldri og öllum stigum þjóðfélagsins. Sumar eru trans, sumar eru fatlaðar og þarna eru forstjórar, lögræðingar, leikkonur. Í raun eru þarna konur alls staðar frá. „Like“ á Facebook er eitt og undirskrift er annað en þegar maður sér öll þessi andlit saman komin þá verður þetta allt miklu meira,“ segir Katrín.

Andlitasöfnunin fer fram í Facebook-hópnum Samtök kvenna um nýja stjórnarskrá sem í eru ríflega 2.300 konur. Markmiðið var að setja saman auglýsingu til birtingar á fullveldisafmælinu 1. desember.

„Við erum eiginlega þínu dolfallnar yfir viðbrögðunum. Gallinn er hins vegar sá að undirtektirnar eru slíkar að það verður erfiðleikum háð að koma þessu fyrir í heilsuauðgýsingu. En við munum finna lausn á því svo allar komist fyrir,“ segir Katrín. – jõe

Keðjusöngur við Háteigsskóla



Nemendur og starfsfólk Háteigsskóla fögnuðu í gær fimmtíu ára afmæli skólans með því að umkringja bygginguna og syngja saman afmælissönginn. Keðjusöngurinn ómaði svo fagur um hverfið að eftirtekt vakti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ **+PLÚS** Fleiri myndir frá viðburðinum er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

Skellur fyrir Rússa hjá MDE

RÚSSLAND Mannréttindadómstóll Evrópu sakfelldi Rússa í gær fyrir að hafa brotið á réttindum stjórnarandstæðingsins Alexej Navalnij með því að handtaka hann samtals sjö sinnum árin 2012 og 2014. Í hinum einróma dómi segir að í tveimur tilfellum hafi skort raunverulegan tilgang með handtöku og að hinar fimm hafi verið ónaðsýnlegar í lýðræðisríki.



Alexej Navalnij stjórnarandstæðingur.

„Þetta er í fyrsta skipti í fjórtán ár sem Rússar eru sakfelldir fyrir pólitískar ofsóknir og dagurinn er því svo sannarlega sögulegur,“ tísti Navalnij. – þea

Kistubrot fundust við ljósleiðara í Víkurgarði

Minjastofnun stöðvaði í fyrradag framkvæmdir á Landsimareitnum eftir að viðir úr líkkistu fundust við uppgröft. Fornleifafræðingur skráði og ljósmyndar kistubrotin. Engin bein fundust. Mokað verður yfir staðinn eftir skráningu.

FORNMINJAR „Það var engin beinagrind, heldur bara kistuleifar,“ segir Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur um fréttir af líkkistufundi með beinagrind á Landsimareitnum.

Að sögn Jóhannesar Stefánssonar, framkvæmdastjóra Lindarvatns ehf., fundust viðarbutar vestan við Landsimahúsið, í kverkinni upp við Aðalstræti 11 þar sem Landsbankinn var áður í viðbyggingu frá 1967. Þar undir er mikið af ýmsum lögnum, meðal annars ljósleiðari sem þurfti að fjarlægja vegna jarðvegsskipta og steypuvinnu sem er að fara í gang.

„Þar undir komu í ljós viðarbrót og þá stoppuðum við gröfuna, hringdum í Minjastofnun og sögðumst hafa fundið mögulegar minjar,“ segir Jóhannes. Minjastofnun stöðvaði síðan framkvæmdir á þessum afmarkaða bletti á byggingarreitnum.

Minjastofnun fól Völu Garðarsdóttur fornleifafræðingi, sem stýrði minjauppgreiftri í Víkurgarði, að kanna málið. Vala segir ekki rétt sem fram hafi komið í Morgunblaðinu að fundist hafi kista og beinagrind undir Landsimahúsinu. „Það var ekki það sem gerðist heldur fundum við kistubrot í lagnaskurði,“ segir Vala. Engin bein hafi fundist.

„Við mælum upp, teiknum, ljósmyndum og skráum og mokum svo yfir því þetta er náttúrulega ekki á framkvæmdasvæðinu heldur var bara verið að skipta um lagnir og setja í hólka,“ segir Vala. Aðspurð segist hún telja kistuna vera frá sautjándu eða átjándu öld.

Fyrr átta dögum vísaði úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála frá kærðu sóknarnefndar Dómkirkjugarðs.



Kistuleifar fundust í kverkinni vestan Landsimahúsins, í norðausturhorni Víkurgarðs og biða skráningar undir plasthlífum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Við mælum upp, teiknum, ljósmyndum og skráum og mokum svo yfir því þetta er náttúrulega ekki á framkvæmdasvæðinu.

Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur



unnað vegna byggingarleyfis sem byggingarfulltrúinn í Reykjavík veitti í mai fyrir áformaðri hótélbyggingu á Landsimareitnum. Í september hafði úrskurðarnefndin vísað frá sambærilegri kærðu félagsins Kvosarinnar, sem er félagskapur hóps sem einnig hefur kallað sig Varðmenn Víkur-

garðs. Báðum kærnum var vísað frá nefndinni þar sem þessir kærendur eru ekki taldir eiga aðild að málinu. Sóknarnefndin taldi sig eiga aðild að málinu, meðal annars þar sem Dómkirkjan hefði eignar- og umráðarétt yfir landi Víkurgarðs.

„Hinn 15. ágúst 2018 var móttækili til þinglýsingar skjál undirritað af ráðherra Íslands, dags. 21. október 1904. Kunnngjörir ráðherra þar að Reykjavíkarkaupstað sé afsöluð löð kirkjugarðs í Reykjavík er lagður hefði verið niður á árinu 1837. Var skjalið fært inn í þinglýsingarbækur 6. september 2018. Getur sóknarnefnd Dómkirkjunnar því ekki byggt aðild sína á eignar- og umráðarétti yfir Víkurgarði,“ segir úrskurðarnefndin meðal annars.

gar@frettabladid.is

Hágæða jólaljós frá Svíþjóð

Grillbúðin
www.grillbudin.is

LED



Opið virka daga kl. 11-18

KONST SMIDE

Smíðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400



Nemendur og starfsfólk myndaði keðju kringum skólann sinn í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Fimmtíu árum skólans fagnað

Nemendur og starfsfólk fagnaði fimmtíu ára afmæli Háteigsskóla í gær. Mörg hundruð manns umkringdu skólann og síðan var sunginn afmælisöngurinn að hætti hússins. Til stendur að blása til afmælisveislu skólans næstkomandi laugardag klukkan 13.00 þar sem margt verður í boði.





TOYOTA


ALWAYS A
BETTER WAY

Verið velkomin í

PIPARKÖKUAKSTUR

Stórsýning á laugardag kl. 12-16

RENSKAUPTUNIR 0001118



RAV4 á hátíðlegu verði í Toyota Kaupúni

Ilmurinn úr Kaupúninu verður lokkandi í dag þegar við efnum til stórsýningar með pipruðu ívafi frá kl. 12-16. RAV4 á sérstöku sýningartilboði, aðrir bílar á góðum kjörum og piparkökur eins og þið getið í ykkur látið, að ógleymdri ískaldri mjólkinni. Kíkið við og komið allri fjölskyldunni í jólaskap. Við hlökkum til að sjá ykkur.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

PIPARKÖKUGETRAUN
Giskaðu á fjöldann og þú gætir unnið 100 þúsund króna gjafakort frá Smáralind og 100 þúsund króna gjafabréf frá Kjötkompaníinu fyrir jólin.

REYNSLUAKSTURS-
HAPPRÆTTI

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Ábyrgar tillögur sem komi þeim verst stöddu best

ALÞINGI „Í upphafi voru forsendur fjárlaga allf of veikar. Það kemur nú á daginn og þegar gengið fer að falla og forsendurnar breyta þá er brugðist við og stigið skref aftur á bak. Það er skorið niður hjá þeim hópum sem ekki nutu góðærisins og hefði þurft að verja.“ segir Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, um fjárlagafrumvarpið og breytingartillögur meirihlutans.

Hann segir hugmyndir stjórnar-flokkanna óásætlanlegar og stríða gegn síðferðiskennni sinni. Samfylkingin hefur lagt fram breytingartil-

lögur við fjárlagafrumvarpið. „Allar okkar tillögur eru fjármagnaðar, ábyrgar og koma þeim sem verst standa og millitekjufólki best.“ segir Oddný Harðardóttir þingflokksfor- maður.

Tillögunar gera ráð fyrir 24 milljarða auknum útgjöldum og að tekjurnar aukist um 26 milljarða. „Aðalatriðið er að við viljum að tekjufangangur ríkissjóðs sé rúmur þannig að hægt sé að ganga á afganginn þegar að kreppir en að öryrkjar og þeir sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda þurfi ekki

að taka á sig skellinn.“ segir Oddný.

Meðal tillagnanna er auknið fé til aldraðra og öryrkja, barna- og vaxtabóta auk húsnæðisstuðnings. Þá er lagt til að bætt verði í fjárveitingar til samgöngu- og heilbrigðis- mála auk ýmissa annarra verkefna.

Samfylkingin vill fjármagna þessar tillögur með því að falla frá lækkuð veiðigjalds, hækka fjármagnstekjuskatt og kolefnisgjald, setja aftur á auðlegðarskatt sem verði tekju- og eignatengdur, setja á sykurskatt og bæta eftirlit með skattundanskotum. – sar



Samfylkingarfólk kynnr breytingartilögur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Of djúrt að lækka verð á skólamáltíðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Segir börnum mismunað

REYKJAVÍK Tillaga Flokks fólksins um þriðjungs lækkuð verði skólamáltíða var felld á fundi borgar- ráðs í gær. Kom fram á fundinum að áætlaður kostnaður við tillögu- na væri 361 milljón króna á ári. Í sumar hafði tillaga flokksins um friar skólamáltíðir verið felld.

Í bókun Kolbrúnar Baldursdóttur, áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, segir að verði sé að mismuna börnum í borginni með því að hafa skólamáltíðir ekki friar og með því að geta heldur ekki lækkað verðið. Minnt er á að fordæmi fyrir lækkuð skólamáltíða séu til staðar í öðrum sveitarfélögum.

„Við vitum að það hafa ekki allir foreldrar ráð á að leyfa barni sínu að vera í mat í skólanum. Með því að gæta ekki að jafnræði er verðið að brjóta ákvaði í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það hlýtur að vera vilji okkar allra að ekkert barn sé svangt í skólanum.“ – sar

Hollensk ferðaskrifstofa býður beint flug norður til Akureyrar

„Ferðamenn vilja sjá meira en Gullna hringinn.“ segir framkvæmdastjóri hollensku ferðaskrifstofunnar Voigt Travel sem sérhæfir sig í ferðum á norðurlöndum. Ætla að fljúga beint til Akureyrar frá og með næsta sumri. Bæjarstjórnin á Akureyri segir þetta endurspeglar tækifærin sem felast í því að stækka flugvöllinn.

FERÐAÞJÓNUSTA Hollenska ferðaskrifstofan Voigt Travel ætlar að bjóða flug til Akureyrar frá og með næsta sumri og hyggst einnig selja hollenskum ferðamönnum flugferðir þangað næsta vetur. Fréttir um að uppsetning ILS-búnaðar yrði lokið næsta sumar á Akureyrarflugvelli hafði mikil áhrif á ákvörðun ferðaskrifstofunnar. Framkvæmdastjóri Voigt Travel segir ferðamenn vilja sjá meira en bara Gullna hringinn.

„Þessu fögnum við og þetta mun hafa jákvæð áhrif á allt Norðurland. Þessi áform endurspeglar líka þörfina á uppbyggingu flugvallarins.“ segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri.

„Við þurfum að dreifa ferðamönnum betur um landið með því að opna fleiri gáttir inn í landið, bæði til að nýta betur þá fjárfestingu sem til er í ferðaþjónustu vitt og breitt um landið auk þess að vernda viðkvæma íslenska náttúru.“

Ferðaskrifstofan Super Break á Bretlandseyjum er nú að hefja annan veturinn í áætlunarferðum til Akureyrar en vel hefur gengið hjá þeim að selja ferðir norður. Markaðsstofa Norðurlands og Flugklasinn á Norðurlandi hafa leitt verkefnið og nú standa yfir viðræður við ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurlandi um samstarf við Voigt Travel og þjónustu við farþega.

Voigt Travel er ferðaskrifstofa í Hollandi með um þriggja áratuga reynslu af ferðum á norðurlöndum, þá helst til Skandinavíu. Nú er stefnan sett á að stækka svæðið og bjóða



Áform Voigt Travel sýna að þörf er á uppbyggingu við flugvöllinn á Akureyri að mati bæjarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þó að þetta sé minna þekktur áfangastaður á hinu vinsæla Íslandi, þá þyóir það í raun að hann er meira aðlaðandi í augum ferðamannsins.

Cees van den Bosch, framkvæmdastjóri Voigt Travel



upp á Akureyri sem kost bæði að sumri og vetri.

„Þó að þetta sé minna þekktur áfangastaður á hinu vinsæla Íslandi, þá þyóir það í raun að hann er meira aðlaðandi í augum ferðamannsins sem vill upplifa meira en Gullna hringinn. Slikt passar mjög vel við stefnu Voigt Travel, því markmið okkar er að viðskiptavinir okkar kynni betur hinum óþekktu svæðum í Norður-Evrópu með flugi beint frá Hollandi.“ segir Cees van den Bosch, framkvæmdastjóri Voigt Travel.

Ferðaþjónustuaðilar eru mjög

ánægðir með þessa viðbót sem mun styrkja heilsársferðamennsku á Norðurlandi og dreifa ferðamönnum betur um landið.

„Hér er afrakstur vinnu síðustu ára að koma í ljós. Það er ljóst að beint millilandaflug á vegum ferðaskrifstofunnar Super Break frá Bretlandi til Akureyrar hefur haft jákvæð áhrif á þróun millilandaflugs um Akureyrarflugvöll og vakið athygli fleiri ferðaskrifstofa og flugfélaga á áfangastaðnum.“ segir Hjalti Páll Þórarinnsson, verkefnastjóri Flugklasans Air 66N.

sveinn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

**TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN OG
GLÆSILEGAN FIAT TIPO
MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ**

**FIAT TIPO EASY HATCHBACK
TILBOÐSVERÐ FRÁ 2.390.000 KR.
LISTAVERÐ FRÁ 3.090.000 KR.**

**FIAT TIPO EASY STATION
TILBOÐSVERÐ FRÁ 2.590.000 KR.
LISTAVERÐ FRÁ 3.290.000 KR.**

TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BODI.

STADALBÚNAÐUR: 120 HÖ, LOFTKÆLING, BAKKMYNDAVÉL, BLUETOOTH, SNERTISKJÁR, HITI Í SÆTUM OG SPEGLUM, 16" ÁLFELGUR, AKSTURSTÖLVA O.FL.

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD



UMBODSADILI FIAT Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RISA

TAX

FREE

DAGAR

15.-19. nóvember

**Taxfree* af öllum fatnaði,
öllum skóm, öllum leikföngum,
öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði
og öllum snyrtivörum.**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% vörðsáukaskatt af þessari sölu.



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*



Porgils Þorgilsson, verjandi Sindra, t.v. á mynd. FRÉTTABLAÐID/STEFAN

Bitcoin-máli ekki vísað frá

DÓMSMÁL Frávísunarkröfu þriggja ákærou i svokölluðu gagnavermáli var vísað frá með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness í gær. Þorgils Þorgilsson, verjandi Sindra Þórs Stefánssonar, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið. Þeir verjendur sjó sakborninga í málinu kröfðust fyrir hönd skjólstæðinga sinna að málinu yrði vísað frá vegna ólögmatra aðferða við rannsókn málsins.

Við munnlegan málflutning í síðustu viku fór Þorgils ófögrum orðum um störf lögglunnar á Suðurnesjum.

Þá sagði hann að alvarlega hefði verið brotið gegn mannréttindum sakborninga við rannsókn málsins, meðal annars með því að reyna itrekað að komast inn í trúnaðarsamband ákærou við verjendur sína. Kröfunni var þó sem fyrr segir vísað frá. – bsp



Hámarksupphæð reiðufjár sem taka má við í Danmörku er 50 þúsund dansk krónur. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Sekt fyrir að taka við reiðufé

DANMÖRK Kokkur á Jótlandi, sem rekur veitingastað og veisluþjónustu, hefur verið dæmdur til að greiða 5 þúsund dansk krónur í sekt fyrir að hafa tekið við 53 þúsundum danskra króna í reiðufé. Greiðslan var fyrir veitingar í silfurbrúðkaupi. Kokkurinn fór með peningana í bankann sinn og greindi frá því að þá hefði hann fengið frá viðskiptavini.

Samkvæmt lögum sem koma eiga í veg fyrir peningabætti er hámarksupphæð reiðufjár sem taka má við 50 þúsund dansk krónur. Ákæruvaldið hafði krafist sektar upp á 10 þúsund dansk krónur en upphæðin var lækkuð þar sem ljóst þótti fyrir hvað greiðslan var. – ibs

Bótamál hjúkrunarfræðings fer til Hæstaréttar

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur samþykkt beiðni Ástu Kristín Andrésdóttur um afbrýjun dóms Landsréttar sem hafnaði kröfu hennar um skaðabætur frá ríkinu. Skaðabótanna krafðist Ásta eftir að hún var sýknuð af ákæru fyrir manndráp af galeysi.

Hæstiréttur telur dóm um mál hennar geta haft fordæmisgildi þar sem ekki hefur áður reynt á það bótakvæði sakamála laga sem hún reisir kröfu sína á við þær aðstæður sem uppi eru í máli hennar.

Bótakröfuna reisir Ásta meðal annars á því að starfsmenn ríkisins hafi gert mistök við upphaf rannsóknar á andláti sjúklings Ástu, sem leitt hafi til þess að Ásta tók á sig ábyrgðina á andláti sjúklingsins að ósekju.

Lagaákvæðið sem Hæstiréttur telur ekki hafa reynt á í sambærilegum aðstæðum og í máli Ástu fjallar um bótarétt þess sem orðið hefur fyrir ólögmatum aðgerðum lögreglu við rannsókn máls og í kjölfarið verið borinn sökum um reysi-



Ásta Kristín Andrésdóttir fer með mál sitt fyrir Hæstarétt.

verða háttsemi en sýknaður af þeim sakargiftum í endanlegum dómi.

Í rökstuðningi sínum visar Hæstiréttur til þess að ekki hafi áður reynt á hvort dómur sem féllu áður en ný lög um meðferð sakamála tóku gildi geti enn haft fordæmisgildi. Hæstiréttur felst á að afstaða dómsins til þess og niðurstaða um skilyrði réttar til skaðabóta og hugsanlega meðábyrgð Ástu sjálftrar geti haft almennt gildi og þar af leiðandi séu efni til að verða við beiðni hennar um afbrýjun. – aa

Þjóðleikhússtjóri sýnir Lilju hollustu og ætlar ekki tjá sig

Ari Matthíasson tjáir sig ekki um hin gagnrýndu drög að frumvarpi um sviðslistir. Segist koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðherra verði óskað eftir því. Ráðherra hefur framlengt frest til að skila umsógnum. Bandalag íslenskra listamanna bætist í hóp gagnrýnenda. Skrifstofustjóri vill þjóðleikhúsráð út.

STJÓRNÝSLA Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri tekur ekki opinberlega afstöðu til frumvarpsdraga menntamálaráðherra um sviðslistir. Drögin, sem eru á samráðsgátt Stjórnarráðsins til kynningar, hafa verið gagnrýnd mjög af sviðslistafólki og ráðherra gagnrýndur fyrir meint samráðsleysi í aðdraganda málsins við þá sem málið varðar, það er, sviðslistafólk.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudag lýtur gagnrýnin meðal annars að auknum völdum þjóðleikhússtjóra og er vísað til þess að hann verði allt að því einvaldur og þjóðleikhúsráð sé gert nánast valdalaust.

„Embættismaður hefur ákveðna hollustu við sinn yfirmann og embættismanni ber að fara eftir þeim lögum og reglum sem um viðkomandi starfsemi gildir. Þannig að ég tjái mig ekki um þetta frumvarp þess vegna, en ég mun koma mínum sjónarmiðum á framfæri við ráðherra verði eftir því leitað og mun reyna að aðstoða ráðherra eftir minni bestu getu. Það er mín skylda sem embættismaður,“ segir Ari inntur eftir afstöðu sinni til frumvarpsdragna og gagnrýni kollega sinna í listageiranum.

Í viðtali við Fréttablaðið hafnaði Lilja Alfredsdóttir menningarmálaráðherra því að samráð hefði ekki átt sér stað og vísaði meðal annars til fundar sem haldinn var með sviðslistafólki í janúar síðastliðnum. Þá benti Lilja á að samráðsgáttin væri einmitt ætluð til samráðs og þess vegna væru frumvarpsdrögin þar í kynningu. Frestur til að senda



Ari Matthíasson er reiðubúinn að lýsa sjónarmiðum sínum við ráðherra verði eftir því leitað. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Úr umsögn BÍL

Allur textinn og hugmyndir frumvarpshöfunda er í engu samræmi við sviðslistaumhverfið í dag og án grundvallarbreytinga mun frumvarp í anda þess sem nú liggur fyrir valda verulegum skaða á hundrað ára uppbyggingu sviðslista í landinu.

inn umsagnir um málið á samráðsgáttina hefur nú verið framlengdur til 27. nóvember.

Meðal þeirra sem skilað hafa inn umsögn um málið, auk Sviðslistasambands Íslands sem fjallað

Úr umsögn Tómasar

Þjóðleikhússtjórar bera skv. lögum fulla ábyrgð á öllum þáttum starfsemi og rekstrar þjóðleikhússins og verða að fá svigrúm til að gegna hlutverki sínu með aðkomu þeirra aðila, sem þeir sjá ástæðu til að hafa sér til ráðuneytis hverju sinni.

var um í Fréttablaðinu á miðvikudaginn, er Bandalag íslenskra listamanna. Í umsögn þess er tekið undir umsögn Sviðslistasambandsins, hvatt er til þess að drögin verði lögð til hlíðar í heild sinni og tekið verði

upp samtali við sviðslistageirann um endurskoðun sviðslistalaga.

Á öndverðum meiói við gagnrýnisráddirnar er skrifstofustjóri þjóðleikhússins, Tómas Zoega, sem leggur til í umsögn frá 13. nóvember að þjóðleikhúsráð verði lagt niður. Skrifstofustjórnin leggur þannig til að gengið verði enn lengra en frumvarpsdrögin gera ráð fyrir. Rök hans eru helst þau að þjóðleikhússtjóri, líkt og aðrir forstöðumenn ríkisfyrirtækja, beri fulla ábyrgð á öllum þáttum starfsemi stofnunarinnar og þurfi að hafa svigrúm og traust til að rækja þau störf sem hann ber ábyrgð á gagnvart ráðherra. adalheidur@frettabladid.is

Jólin eru komin í name it

Skyrta 4590 kr.

name it®

Skyrta 6.790 kr.

VERO MODA®



Hvert er íslenskan að fara?

16. nóvember er dagur íslenskrar tungu.

Í tilefni af degi íslenskrar tungu er rétt að staldra við og íhuga hvert íslenskan er að fara. Margt bendir til að hún eigi undir högg að sækja um þessar mundir vegna erlendra áhrifa og sé jafnvel á förum.

Í rúma tvo áratugi hefur MS beitt sér fyrir því að efla íslenskuna með fjölbreyttum leiðum og hvatt landsmenn til að standa vörð um tungumálið.

Verum samtaka um að hlúa að íslenskri tungu - hún hefur þjónað okkur vel og á skilið að fá að dafna.

Til hamingju með daginn!



Theresa May er forsætisráðherra Bretlands. NORDICPHOTOS/AFP

Nítján prósent styðja drög May

BRETLAND Tveir ráðherrar í ríkisstjórn Íhaldsflokksins undir forseti Theresu May sögðu af sér í gær. Ástæðan er óánægja með drög að samningi um útgönguna úr Evrópu-sambandinu sem samninganefndir Breta og ESB hafa náð samkomulagi um. Dominic Raab, ráðherra útgöngumála, sagði að alvarlegir gallar væru á drögnum og Esther McVey tók í sama streng.

May var spurð spjörnum úr um drögin í gær, bæði á þingi og á blaðamannafundi. Á blaðamannafundinum sagðist hún ekki ætla að segja af sér þrátt fyrir að ósáttir Íhaldsmenn væru að sækjast eftir því að atkvæðagreiðsla um vantraust færi fram. „Ég trúi því af öllu minnu hjarta að stefnan sem ég hef markað sé sú rétta fyrir land okkar og þjóð,“ sagði May.

Alls þurfa 48 þingmenn að senda hinni svokölluðu 1922-nefnd

19%

styðja samningsdrög Theresu May.

42%

eru andvig.

flokksins bréf um vantraust til að atkvæðagreiðsla fari fram. Jacob Rees-Mogg, harður andstaðingur May, sagði að í drögnum fælist engin raunveruleg útganga og skiladi sínu bréfi til nefndarinnar.

Sky birtu könnun í gær þar sem viðmælendur höfðu verið spurðir hvort þeim listist best á samning May, útgöngu án samnings eða að hætta alfarið við Brexit. Fjórðan prósent studdu May, 32 vildu engan samning og 54 ekkert Brexit.

Að því er kom fram í könnun YouGov sögðust 19 prósent styðja samkomulagsdrögin, 39 prósent voru óviss og 42 andvig. Sé horft til stuðningsfólks Íhaldsflokksins eins studdu 28 prósent drögin, 31 prósent var óviss og 41 andvig. —þea

Enn syrtir í álinn hjá Snapchat

Verðbréfaeftirlitið á hælum Snap vegna hópmálsóknar ósátttra hluthafa. Snap sakað um að hafa leynt upplýsingum um samkeppnina við Instagram. Notendum miðilsins fækkar og fjárhagsstaðan er sögð afar erfið.

TÆKNI Vandræði bandaríska tækni-fyrirtækisins Snap, sem einna helst er þekkt fyrir rekstur samfélagsmiðilsins Snapchat, halda áfram að hrannast upp. Notendum fækkar, fjárhagurinn er í ólestri og málaferli yfirvofandi.

Helstu tíðindi vikunnar eru þau að Verðbréfaeftirlit Bandaríkjanna (SEC) hefur stefnt Snap um gögn er varða frumútboð fyrirtækisins sem fór fram í kauphöllinni í New York fyrra. Reuters greindi frá málinu og setti í samhengi við málsókn ósátttra hluthafa sem halda því fram að Snap hafi leynt mikilvægum upplýsingum í aðdraganda útboðsins.

Snap á til dæmis að hafa leynt því hversu mikið samkeppnin við Instagram skaðaði vöxt fyrirtækisins og því að fyrrverandi starfsmaður hefði höfðað mál gegn fyrirtækinu vegna meintrar rangrar upplýsingagjafar um fjölda notenda. Það mál fer fyrir gerðardóm í apríl.

Snap sagði, í svari við fyrirspurn Reuters, að fyrirtækið telji að rannsakendur verðbréfaeftirlitsins séu að skoða mál tengd málsókn hluthafanna. „Þótt við vitum ekki allt um þessar rannsóknir teljum við að dómsmálaráðuneytið einbeiti sér helst að upplýsingagjöf okkar í kringum frumútboðið er varðar samkeppnina við Instagram.“

Í yfirlýsingu frá Snap kom svo fram að fyrirtækið telji ásakanir hluthafanna marklausar og að upplýsingagjöf í aðdraganda frumútboðsins hafi verið sönn, rétt og fullnægjandi. Gögnin sem SEC fór fram á voru svo afhent í gær.


Staðan er svo sannarlega svört þessa dagana hjá Snap. Virði hlutabréfa í fyrirtækinu var 6,54 Bandaríkjadaliir við lokun markaða í gær. Það hefur því lækkað um tíu dali frá frumútboðinu. Vöxtur Snapchat er sömuleiðis enginn. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs náði miðillinn hápunkt sinn, 191 milljón notenda, en sú tala stóð í 186 milljónum á síðasta ársfjórðungi. Þá er einnig vert að taka fram að Snap tapaði um fjórtíu milljónum dala í myndavélgleraugnum Spectacles sem það setti á markað í september 2016.

Rót vandans, sem Snap stendur nú frammi fyrir, má rekja til ársins 2013 þegar Evan Spiegel, forstjóri Snap, hafnaði þriggja milljarða dala kauptilboði Facebook. Mark Zuckerberg, stofnandi og forstjóri Facebook, setti þá af stað þróun svokallaðra Stories á Instagram til þess að miðillinn gæti keppt við Snapchat. Fidusinn fór í loftið í



Stjórnendur Snap vona að flestir á þessari mynd séu að nota Snapchat. Raunin gæti verið allt önnur. NORDICPHOTOS/AFP

Vöxtur Snapchat og Instagram Stories



ágúst 2016, tæpu ári fyrir frumútboð Snap. Á þeim tveimur árum sem hafa liðið frá því Stories fór í loftið er fjöldi daglegra notenda kominn upp í 400 milljónir. Það þarf ekkert stærðfræðisni til að sjá að Instagram Stories er sum sé orðið tvöfalt stærri en Snapchat.

Til þess að bregðast við því að farið var að hægja á vexti Snapchat ákvað Snap að endurhanna miðillinn. Hið nýja viðmót fór í loftið í febrúar en þótti ruglandi og úr öllu samhengi við væntingar notenda.

Kylie Jenner, sem þá var trúlega einn stærsti áhrifavaldurinn á miðlinum, sagði á Twitter að hún væri einfaldlega hætt að nota Snapchat eftir að uppfærslan fór í loftið. Á fyrsta ársfjórðungi, þegar uppfærslan fór í loftið, náði fjöldi daglegra notenda hápunkt, fyrrnefndri 191 milljón. Nú er notendum í fyrsta sinn að fækka.

Önnur viðbót við Snapchat, Discover, virðist ekki heldur skila miklum árangri. Sú fór í loftið 2015 og leyfir notendum að nálgast efni

frá stórfyrirtækjum og fjölmiðlum á borð við ESPN og Warner Music. Þótt lítið sé vitað um hversu margir nýta sér Discover greindi Engadget frá því að uppsögn Nicks Bell, varaforseta Snap sem hafði umsjón með Discover-verkefniinu, frá því fyrir í vikunni væri ágætis vísbending um stöðuna.

Óg þá er ótalin fjárhagsstaða fyrirtækisins. Techcrunch greindi frá því í lok síðasta mánaðar að Snap ætti eignir að verðmæti 1,4 milljarða Bandaríkjadala. Hins vegar spáir greiningarfyrirtæki MoffetNathanson því að Snap muni tapa 1,5 milljörðum á næsta ári. Enn aðrir greinendur hafa svo spáð því að Snap muni í allra fyrsta lagi skila hagnaði 2020 eða 2021.

Samkvæmt greiningu Recount á Snapchat einnig í töluverðum vandræðum með að hagnast á daglegum notendum sínum. Þannig velti fyrirtækið 1,4 Bandaríkjadöllum á hvern daglegan notanda á öðrum ársfjórðungi samanborið við 8,99 dali Facebook.

Dyggir og traustir notendur Snapchat geta þó glaðst yfir því að miðvikudaginn fór víða í loftið uppfærsla sem felur í sér að notendur fá loks hefðbundna samfélagsmiðla-prófila. Prófilarnir eru, samkvæmt The Verge, einungis aðgengilegir vinnu og þar má sjá það vistada efni sem viðkomandi hafa deilt hvor með öðrum. Þá hefur Snap einnig sett í sölu varning tengdan Bitmojis, sérsníðnum teikningum notenda. thorgnyr@frettabladid.is



Hreinar hendur með nýjum Voltaren Gel nuddhaus

gsk

NÝTT



1. Rjúfa



2. Toga



3. Bera á

Voltaren


Voltaren 11,6 mg/g hláup. Inniheldur diklofenaktylamin. Staðbundnir bolgukvillar. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lýfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Ljósadýró Garðheima

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTISERÍUM

MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA ÚTISERÍUM SEM
HAFA REYNST VEL VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR


20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM POTTAPLÖNTUM
OG SÍGRÆNUM PLÖNTUM



Glæsilegt úrval af
fallegri gjafavöru



GRENIÐ ER
KOMIÐ!



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

*Tilboðin gilda til mánudagsins 19. nóvember 2018

„Jemen er helvíti á jörðu fyrir börn“

Óttast er að þær meiriháttar mannúðarhörmungar sem dunið hafa á Jemenum muni magnast enn frekar nái átök stríðandi fylkinga í Jemen að hafnarborginni Hodeida. „Þetta eru dauðsföll sem hægt er að koma í veg fyrir,“ segir fulltrúi Barnahjálpar SP í Jemen.

JEMEN Hinn 10 ára gamli Adam átti sína síðustu daga á spítalanum Al Thawra, í grennd við hafnarborgina Hodeida við Rauðahaf í Jemen þar sem hlúó er að alvarlega vannæðum börnum. Þegar Juliette Touma heimsótti spítalann var Adam aðeins 10 kíló að þyngd. Hann var með alvarlegan heilaskaða.

„Hann lést nokkrum dögum eftir að ég heimsótti spítalann,“ segir Juliette í samtali við Fréttablaðið. Juliette er kynningarfulltrúi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Mið-austurlöndum og Norður-Afríku.

Örlög Adams eru langt í frá einsdæmi.

Átök stríðandi fylkinga upp-reisnarmanna Húta og hernaðar-bandalags sem Sáði-Arabar leiða hafa farið stigvaxandi í Jemen. Nú hafa víglínurnar færst nær Hodeida, vígi Húta. Borgin er lífæð Jemen. Um 80 prósent af nauðsynjavörum og hjálpargögnum Barnahjálparinnar sem flutt eru til landsins koma í gegnum höfnina við Hodeida.

„Við flytjum nærri öll okkar hjálpargögn í gegnum Hodeida. Við höfum aðrar leiðir, en höfnin í Hodeida er ein sú mikilvægasta. Við höfum miklar áhyggjur af því núna að annaðhvort höfnin skemmist í átökum, eða í versta falli, að hún lokist algerlega. Þá mun okkur ekki að takast að koma hjálpargögnum til fólks. Auk þess sem innflutningur á mat, eldsneyti og annarri nauðsynjavöru lokast inn í allt landið,“ segir Juliette.

Alvarlega vannæð

Á Al Thawra-spítalanum þar sem Juliette hitti Adam fyrir eru nú 59 börn. Af þeim eru 25 á gjörgæslu vegna vannæringar. Hún segir spítalann einn þann mikilvægasta í landinu en starfsmenn þar hafi greint frá því undanfarnar vikur að átökin færist sífellt nær spítalanum.

Í Jemen eru um 400 þúsund börn sem eru alvarlega vannæð. Juliette segir að það þurfi að bregðast við þessu ástandi sem fyrst, áherslur UNICEF undanfarna mánuði hafi verið á að reyna að ná til barna sem eru vannæð.

„Síðustu ár höfum við lagt meira í



Saga þessara barna er mikilvæg. Þetta eru einar mestu hörmungar í sögu heimsins og við horfum á þetta eiga sér stað.

Juliette Touma

- Mannfjöldi er um 30 milljónir – helmingur er börn
- 11,3 milljónir barna búa við mikla neyð í Jemen
- 1,8 milljónir barna eru vannæðar
- 400 þúsund börn undir fimm ára aldri eru alvarlega vannæð
- Frá því átökin hófust hafa 6.659 börn látist eða særst í átökunum
- 2.700 börn berjast í átökunum
- 2 milljónir barna hafa ekki aðgengi að menntun – hálf milljón hefur bæst við frá því að átökin hófust

að berjast gegn vannæringu barna í Jemen, að reyna að koma í veg fyrir að fleiri börn verði vannæð,“ segir hún.

Hjálparstarfið nauðsynlegt

Juliette segir að það sé mikilvægt að greina vannæringu sem fyrst. UNICEF reyni því að starfa eins mikið og þau geta á vettvangi. Þau starfi bæði með öðrum hjálparstátökum og heilbrigðisstarfsfólki frá Jemen sem fari á milli borga og bæja og veiti fólki heilbrigðisþjónustu á vettvangi.

Hún segir að þau sjái verulegan árangur af verkefnum sínum í Jemen. Fjöldi vannæðra barna hafi staðið í stað og þau hafi um einhverja stund núna ekki séð fjölgun. Til þess að ná enn betri árangri sé þó nauðsynlegt að þau geti haldið starfi sínu áfram og að hjálpargögn komist á vettvang.

„Þetta er ástæðan fyrir því að við verðum að fá að halda vinnu okkar áfram og að við faum tækifæri til að leggja enn meira af mörkum til að ná til fleiri barna. Svo að börn eins og Adam lifi af, en deyi ekki,“ segir Juliette.

Saga barnanna í Jemen mikilvæg Aðspurð hvernig Íslendingar geti lagt sitt af mörkum segir Juliette að það sé einkar mikilvægt að halda áfram tala um Jemen og að segja sögur barnanna í Jemen.

„Saga þessara barna er mikilvæg. Þetta eru einar mestu hörmungar í sögu heimsins og við horfum á þetta eiga sér stað. Ef einungis er lítið til 21. aldarinnar eru þetta verstu hörmungar sem við höfum horft upp á,“ segir Juliette.

Hún segir það vera hneyksli að samhlíða framförum í læknavísindum skuli börn enn deyja af völdum

vannæringar, kóleru og niðurgangs á 21. öldinni.

„Því að þetta eru dauðsföll sem hægt er að koma í veg fyrir. Staðan í Jemen er afmannavöldum. Þetta eru ekki náttúruhamfarir. Allt sem á sér stað í Jemen er af völdum manna og akvæðana þeirra.“

Hún segir afar mikilvægt að muna að hver og einn geti þrýst á stjórn-málamein að beita sér fyrir því að átökunum linnir í Jemen.

„Þessi styrjöld hefur leitt mann-kyn á afar dimman stað, og þetta land í helvíti. Jemen er helvíti á jörðu fyrir börn,“ segir Juliette.

Það sem tekur við

Spurð hvort hún sjái fram á að aðstæður breytist í bráð í Jemen segist hún ávallt vongöð. Að átökunum muni ljúka og að vopn verði lögð niður. Þannig geti fólk í Jemen unnið saman að jákvæðri framtíð,

bæði fólksins og landsins.

Hún tekur þó fram að þó að átökum myndi ljúka á morgun ætti Jemen langt í land því þar er gríðar-leg fátækt.

„Ef átökin myndu hætta núna væri það mjög jákvætt. Fólk myndi þá fá tækifæri til að halda áfram með daglegt líf sitt og ná sér á strík eftir stríðið. Það gæti í sameiningu byggt upp það sem eyðilagðist í stríðinu. Unnið að því að koma á göðum stjórn-málum og stjórnsýslu með það að markmiði að allir geti lifað göðu lífi og haft sama aðgengi að grunnþjónustu eins og menntun og heilbrigðisþjónustu. En Jemen er mjög fátækt land svo það er margt sem þarf að gera þegar stríðinu lýkur,“ segir Juliette að lokum.

Til að styrkja starf UNICEF í Jemen er hægt að senda skilaboðin „Jemen“ í símanúmerið 1900 og gefa þannig 1.900 kr. lovissa@frettabladid.is

Jóladagatöl fyrir fullorðna

Sjáðu úrvalið á kronan.is

Jóladagatal, súkkulaði og lakkriskúlur

1999 kr. pk.

Osta jóladagatal

3999 kr. pk.

Revolution snýrtívörudagatal Varalitr, augnskuggar og burstar

6090 kr. pk.

Hyundai i10.

Stórkostlega vel útbúinn smábíll.

Verð frá:
2.190.000 kr.



5 ÁRA
ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKADUR AKSTUR

Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Bláðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki. **Hyundai i10 Comfort - verð frá 2.190.000 kr.**

 **HYUNDAI**

Comfort útgáfa - Upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar / rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

Úlfur, úlfur



Hörður Ágísson
hordur@frettabladid.is

Það er meiri háttar va fyrir dyrum. Samþykki Alþingi innleiðingu á þriðja orkupakka Evrópu-sambandsins, sem væri brot á stjórnarskránni ef marka má málfutning síðustu vikna, mun Ísland afsala sér forræði á orkuauðindum landsins og vera gert skylt að tengjast innri orkumarkaði ESB með lagningu sæstrengs með þeim afleiðingum að orkuverð til heimila og fyrirtækja snarhækkaði – og íslensk garðyrkja leggst af. Sem betur fer er þetta allt saman tóm dilla.

Staðreyndir málsins eru tiltölulega skýrar. Innihald þriðja orkupakkans er um margt rökrétt framhald af fyrri orkulöggjöf sambandsins þar sem áhersla hefur einkum verið lögð á virka samkeppni með því að koma á fót innri markaði, bann við ríkisaðstoð og aukinni neytendavernd. Það regluverk var innleitt í íslenskan rétt fyrir um fimmtán árum og fullryðingur um að nýjasti orkupakkinn feli í sér einhverja eðlisbreytingu stenst enga skoðun. Í nýlegri greinargerð Birgis Tjörva Péturssonar lögmanns kom skýrt fram að ekkert í orkupakkanum kallaði sérstaklega á endurskoðun á EES-samningnum, engar skyldur væru lagðar á stjórnvöld um að tengjast innri markaði ESB með sæstreng og þá varða reglur hans á engan hátt eignarrétt á orkuauðindum hér á landi. Aðrar skýrslur og greinar ólíkra sérfræðinga hafa komist að sömu niðurstöðu.

Helstu nýmæli þriðja orkupakkans lúta meðal annars að auknu sjálfstæði eftirlitsstofnana innan ríkjanna, sem og samstarfi þeirra yfir landamæri. Í þeim tilgangi var komið á fót samstarfsstofnun á orkumarkaði (ACER) sem getur tekið lagalega bindandi ákvarðanir í tilteknum álitamálum gagnvart eftirlitsaðilum aðildarríkja ESB. Gagnvart ríkjum EES eru þær valdheimildir í höndum eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) en vegna þess að raforkuakerfi Íslands tengist ekki hinum evrópska orkumarkaði þá er útilokað að ESA geti beitt bindandi valdheimildum gagnvart Orkustofnun. Sú staða breytist ekki nema þá aðeins að lagður verði sæstrengur, ákvörðun sem er alfarið undir íslenskum stjórnvöldum komin. Þótt líklegt sé að slíkur strengur gæti skilað miklum þjóðhagslegum ábata fyrir Íslendinga þá er fát sem bendir til að ráðist verði í þess konar framkvæmd í náninni framtíð.

Örfá ár eru síðan ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks samþykkti innleiðingu regluverks um sameiginlegt evrópskt fjármálaefirlit. Sú ráðstöfun fól í sér mun meira framsal fullveldis heldur en þriðji orkupakkinn. Ísland hefur enda aldrei tekið ákvörðun um að afletta ekki stjórnskipulegum fyrirvara til að innleiða tilskipun um innri markaðinn. Það kemur ekki til að ástæðulausu, lön- aðarráðherra hefur réttilega bent á að við slíka ákvörðun þá yrðu „menn bara að vera tilbúnir að taka afleiðingunum“. EES-samstarfið væri með öðrum orðum í uppnámi.

EES-samningurinn, sem er vissulega ekki fullkomin, er mikilvægasti alþjóðsamningur Íslands. Sú skoðun hefur hingað til verið nokkuð óumdeild. Það er ábyrgðarhlutur, sérstaklega hjá þeim þingmönnum sem ættu að minnsta kosti að vita betur, að standa fyrir þeirri umræðu sem við höfum orðið vitni að, þar sem röngum upplýsingum hefur visvitandi verið haldið að almenningi. Ef hinn raunverulegi tilgangur með þessu rugli er að setja af stað atburðarás sem felur í sér að Ísland segi sig að lokum frá EES-samningnum þá eiga menn bara að gangast við því. Það er kominn tími til að lyfta þessari umræðu á aðeins hærra plan.

Það er kominn tími til að lyfta þessari umræðu á aðeins hærra plan.

Oktoberfest
Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!

Hokus Pokus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Haldór



Frá degi til dags

Della í þriðja veldi

Þriðji orkupakkinn hefur alla burði til þess að verða jafn úldið þrætuepli og Icesave. Frá degi til dags fjölgar þeim sem garga sig hása með eða á móti. Flestir sem hæst bylur í eiga þó sameiginlegt að vita lítið um pakkann. Illugi Jökulsson hefur fundið einfalda lausn þannig að allir geti tekið afstöðu án þess að kíkja í pakkann: „Brynjar, Sigmundur Davíð, útvarp Saga eins og hún leggur sig, Davíð Oddsson, þau berjast öll af hörku gegn þriðja orkupakkanum,“ segir Illugi og bætir við að þetta dugi honum til þess að ákveða að stygja orkupakkann fram í rauðan dauðann.

Einn, tveir og...

Wikileaks-ristjórinn Kristinn Hrafnsson reyndi á Facebook að greina ötta Framsóknarfólks við orkupakkann án þess að fá nokkurn botn í málið enda fær hann ekki séð að pakkinn hafi nokkur áhrif, „á Íslandi nema þá og því aðeins að einhver nenni að setja nokkur hundruð milljarða í lengsta rafstreng veraldarsögunnar yfir úthafið og til Evrópu“. Hann sér þó einn skemmtilegan möguleika í pakkafarinu. „Ef þið viljið vera virkilega illkvittin skulið þið hringja í framsóknarnámen einhvers flokks og hvísla í simann: „Þú veist að fyrsti OG annar orkupakki ESB komust inn í landið – hindrunarlaust“, og leggja síðan á.“
thorarin@frettabladid.is

Burt með ábyrgðarmannakerfið



Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður BHM



BHM telur ótækt að lantakendum hjá LÍN sé mismunad með þessum hætti og krefst þess að ábyrgðarmannakerfið verði afnumið að fullu.

Allt fram til ársins 2009 þurfti námsmaður sem hugðist taka lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) að fá einhvern annan, t.d. foreldri, náinn ættingja eða vin, til að ábyrgjast lánið. Árið 2009 var lögum um sjóðinn breytt og skilyrðið um ábyrgðarmann afnumið. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu var talið að skilyrðið samræmðist ekki þeim tilgangi laganna að tryggja jafnrétti til náms, enda væru ekki allir námsmenn í þeirri stöðu að geta útvegað ábyrgðarmann.

Á sama tíma var ákveðið að sjálfskuldarábyrgð ábyrgðarmanna yrði áfram virk á útistandandi námslánum. Það var gert með þeim rökum að afnám ábyrgðarmannakerfisins að fullu gæti komið niður á innheimtuhlutfalli lánanna og stefnt fjármögnun sjóðsins í hættu. Röksemin fyrir þessu ósamræmi er sem sagt fjárhagsleg.

BHM telur ótækt að lantakendum hjá LÍN sé mismunad með þessum hætti og krefst þess að ábyrgðarmannakerfið verði afnumið að fullu. Það er réttlætismál að breyta þessu fyrirkomlagi. Mýmörg dæmi má rekja um dapurlega afleiðingar þess fyrir fjölskyldur lantaka. Þar að auki hafa að undanförmu fallið dómur sem leiddi í ljós að reglur um ábyrgðarmenn eru ófullkomnar og að ábyrgðarmenn námslána njóta ekki jafnræðis á við ábyrgðarmenn annarra lána í sjálfmálakerfinu.

Fleiri atriði er vert að endurskoða hjá LÍN. Samkvæmt lögum eru námslán ótímabundin og fyrnast ekki. Fólk sem tekur há námslán og/eða hefur lágar tekjur getur lent í því að þurfa að greiða af námslánunum alla ævi. Það getur verið verulega íþyngjandi fyrir fólk á eftirlaunum að þurfa að greiða af námslánunum. Nærtekkt dæmi um slíkt eru konur sem fóru seint í háskólanast, hófðu margar fyrir börnum að sjá, og sitja margar uppi með sligandi skuldir en oftast lágar tekjur. Annað atriði sem huga mætti að er uppgreiðsluafslátturinn. Samkvæmt núgildandi reglum er veittur 7% uppgreiðsluafsláttur þegar greitt er upp gjaldfallið lán. Spyrja má hvort hvatinn til uppgreiðslu sé nægur.

Kappið og fegurðin

Í DAG

Bórlindur Kjartansson



Ég átti einu sinni samtál við mann um mann. Og sá hafði ekki margt um þann náunga að segja, enda taldi hann ekki þurfa marga orða við. Náunginn hafði gert út um orðspor sitt í huga mannsins á einu augabragði fyrir margt löngu síðan.

Og hver var hinn ofyrirgefandi glæpur náungans? Þjófnadur, ofbeldi, rán eða morð? Nei. Ekkert slíkt. „Hann var tekinn með maðk,“ sagði maðurinn um náungann og þar með þurfti ekki frekar að velja fyrir sér kostum hans eða eðli. Hann var einfaldlega afskrifaður.

Æran við árbakkann

Það að virða ekki settar reglur í laxveiði er lítið grafalvarlegum augum af þeim sem hafa áhuga á því sporti. Það getur nefnilega sagt svo mikla sögu ef einstaklingi er svo ómögulegt að sætta sig við ill aflabróðis að hann gripri til þess óyndisúrræðis að laumast til þess að setja stórvirkari veiðifæri en leyfð eru út í ána. Þannig eykur hann vissulega mjög sínar eigin líkur á því að landa fiski, en

eyðileggur um leið fyrir öllum hinum sem fara að reglunum. Það er kannski leiðinlegt að snúa fisklaus úr rándyrri veiðiferð; en þó skárna en að skilja æruna eftir við árbakkann.

Í ýmsum sakleysislegum leikjum okkar leggjum við ofurkapp á að allir virði reglurnar umfram sinn eigin árangur. Það ennir enginn að spila á spil við þann sem verður uppvís að því að svindla. Sá sem skrifar viljandi niður rangt skor í golfi mun ekki þykja eftirsóknarverður félagi—og ýmsum þykir það eflaust til marks um djúpt óöryggi að geta ekki horfst í augu við sannleikann um árangur sinn í saklausum leik. Og þau hvatningarorð eru höfð eftir sr. Friðriki, stofnanda Vals og Hauka, að kappið megi ekki bera fegurðina ofurlíði. Sem sagt—það er mikill sannleikur í því að meiru skipti að spila leikinn vel heldur en að sigra með öllum tiltækum ráðum.

Réttlæti og jafnræði

Þegar tveir aðilar keppa þá vitum við líka að það er ekki skemmtilegt ef annar aðillinn vinnur alltaf. Einhverjar rannsóknir munu hafa sýnt fram á að slakari aðillinn þurfi að sigra í um það bil 30% tilvika til þess að hann nenni að halda áfram að keppa. Þess vegna er það góð hugmynd að snúa reglurnar stundum þannig að þær aukni sigurlíkur þeirra sem standa hallari fæti. Í golfi er skráð forgjöf, þannig að allir eru í raun að keppa við sjálfa sig; þegar tveir einstaklingar vilja

tefla skák en mikill getumunur er á þeim þá er alþekkt að sá sterkari fjarlæggi nokkra menn úr sínu líði áður en leikur hefst, og þar fram eftir götunum.

Íþróttaliðum er skipt í aldursflokka og deildir eftir landsvæðum og styrkleika því markmið íþróttanna er ekki endilega að finna einn alheims sigurvegara; heldur einmitt að sem flestir geti notið keppninnar og jafnvel fagnað sigri stundum.

Allir leikir þurfa þess vegna að innihalda bæði réttlæti og jafnræði til þess að gaman sé að taka þátt í þeim eða horfa á þá. Sá sem svindlar eða niðist á veikari andstæðingi telst því ekki vera sniðugur eða klár—heldur er honum réttilega álassað fyrir að láta kapp sitt bera fegurðina ofurlíði. Þannig kapp eyðileggur leikinn fyrir öllum hinum. Þetta á við jafnvel þótt allir stórsigrarnir séu verðskuldaðir og ekkert rangt sé haft við.

Svindlað í skjóli marmara

Þessi sjónarmið eru svo djúpstæð í mannlegri tilveru að þau eiga alls staðar við. Ef samfélagsskipanin okkar skilar ítreakað þeirri niðurstöðu að tiltekni hópar hafa miklu meira upp úr krafsinu heldur en aðrir—þá er hætt við að þeim sem verða undir finnist smám saman eins og kerfið sé hvorki réttlætt né sanngjarnt. Og miðað við stöðuna í dag þá er ekki annað hægt að segja en að þeir hafi algjörlega rétt fyrir sér.

Þótt það sé slæmt og leiðinlegt



Ef samfélagsskipanin okkar skilar ítreakað þeirri niðurstöðu að tiltekni hópar hafa miklu meira upp úr krafsinu heldur en aðrir—þá er hætt við að þeim sem verða undir finnist smám saman eins og kerfið sé hvorki réttlætt né sanngjarnt. Og miðað við stöðuna í dag þá er ekki annað hægt að segja en að þeir hafi algjörlega rétt fyrir sér.

þegar sömu aðilar sigra alltaf þá er hálfu verra ef reglur leiksins sjálf eru ósanngjarnar eða ef hinir svokölluðu sigurvegarar ná árangri sínum með svindli. Þetta er þó því miður staða sem allir unndur frjáls markaðshagkerfis (eins og sá sem þetta skrifar) þurfa að velja fyrir sér. Dæmin um svindl eru mýmörg; til dæmis um stórfellt peningþvætti marmaralagðra og virðulegra stofnana á borð við Deutsche Bank og Danske Bank; og nýlegum upplýsingum um að bankar í Evrópu hafi stolið að minnsta kosti 50 milljörðum evra af skattgreiðendum með því að beita frumlegum kokteilum af misnotkun, falsi og svindli.

Bognar leikreglur

Fyrir utan hreint og klárt svindl, sem virðist skila miklum gróða í efstu lögum alþjóðlega fjármála-kerfisins, þá verða þeir sem trúa á frjálsan markað að horfast í augu við að jafnvel innan leikreglnanna sýnist sitthvað vera býsna bogið. Er það til dæmis ásættanlegt að yfirburðafólk, sem getur valið milli þess að nýta hæfileika sína til að gera eitthvað gagnlegt—eins og til dæmis að lækna sjúkdóma—eða eitthvað fullkomlega gagnlaust—eins og að beita háþróaðri stærðfræði til þess að spá fyrir um verð hlutabréfa í tiskufyrirtækjum—hefur margfalt meira upp úr því síðarnefnda en hinu fyrrnefnda?

Það er vissulega miklu einfaldara að setja reglur um laxveiði heldur en allt samfélagið. En það sama gildir um þá sem nýta sér ólögleg veiðarfæri til þess að óðlast ríki-dæmi—þeir bjóða heim hættu á því að stuðningur molni undan því þjóðskipulagi sem hefur skilað langsamlega mestum og bestum leiðarferum í gervallri sögu mannkynsins. Þeir sem raunverulega hafa trú á því að markaðshagkerfið sé þess virði að verja það þurfa því að beina athygli sinni ekki síður að því hvernig rétt sé að treysta tilverugrundvöll þess heldur en því hvernig þeir geti sjálfir fengið sem mest út úr því.

Græðgi er ekki góð. Þeir sem starfa með græðgina eina að leiðarljósi hafa fyrir löngu látið kappið bera fegurðina algjöru ofurlíði.



Innovation that excites

KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM NISSAN MICRA



AutoTrader

BEST BÚNI BÍLLINN 2018

VIBURKENNING

NISSAN MICRA

VERÐ FRÁ: 2.550.000 KR.

NISSAN hlaut viðurkenningu bílasöluritsins AutoTrader sem **BEST BÚNI BÍLLINN 2018**. Viðurkenningin er byggð á könnun meðal rúmlega 40 þúsund bílegjenda á því hvaða framleiðandi uppfylli best þarfir um staðalbúnað í nýjum bifreiðum.

Bil í mynd Nissan Micra Tekni. Verð 2.790.000 kr.

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bilasaln Bilás Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bilasaln Akureyrar Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf. Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

JÓLAKLEMENTÍNURNAR ERU KOMNAR



Robin klementínur

Þessar einu sönnu 2,3 kg

749 kr/ks



Sætar Syndir Sörur

Himneskar Sörur

2.990 kr/pk



NÝJUNG

Nói Siríus súkkulaðirúsínur

Með karamellubragði

659 kr/stk



Dagatöl

Dagatöl í úrvali

verð frá **239** kr/stk



Protein Pro kartöflufliögur

40% minni fita, 3x meira prótein

299 kr/stk



NÝJUNG

Lífærnar Sesamstrasse skvísur

Innihalda 100% ávexti og grænmeti

verð frá **249** kr/ks



Joe & Seph's

Poppkorn við öll tækifæri

599 kr/pk

Meira girnilegt

100%
HREIN
AFURÐ



NÝJUNG

Hin eina sanna Sriracha sósan
loksins á Íslandi

Ein vinsælasta sriracha sósan í Ameríku
búin til úr fyrsta flokks hráefnum,
uppstaðan er cayenne pipar,rauður
jalapeno og hvítulaukur.

899 kr/stk



15%
afsláttur

Holta

Kjúklingabringur

2.039 kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg



Ferskar
tortillur

Maria and Ricardo's
tortillur

10 tegundir af ferskum tortillum,
3 mismunandi stærðir

verð frá **449** kr/stk



15%
afsláttur

Heill ferskur kjúklingur

764 kr/kg

Verð áður 899 kr/kg



25%
afsláttur

Lamba Prime

3.224 kr/kg

Verð áður 4.299 kr/kg



25%
afsláttur

Trufflu- og piparnautasteik

2.849 kr/kg

Verð áður 3.799 kr/kg

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Öldrunarþjónustan á Íslandi – brettum upp ermar!



Þórhildur Kristinsdóttir



Baldur Helgi Ingvarsson



Guðlaug Þórsdóttir
öldrunarlæknar
á Landspítala
sem skipa stjórn
Félags íslenskra
öldrunarlækna

eflingu, skimunum, meðhöndlun áhættuþátta sjúkdóma og lífsstílsbreytingum. Við stöndum okkur líka vel í að afstýra ótímabærum dauðsföllum vegna sjúkdóma. Þessu ber sannanlega að halda á lofti og fagna.

Við Íslendingar lifum nú að meðaltali lengur en nokkru sinni áður í sögu þjóðarinnar og margir við mjög góða heilsu. Breytt aldrurs-samsetning þjóðarinnar kallar þó á nýjar áskoranir fyrir heilbrigðiskerfið sem ekki hefur verið hugað nægilega að. Það er skortur á heildstæðari heilbrigðis- og félagsþjónustu fyrir aldraða á Íslandi. Þessi skortur birtist meðal annars í stórauknu álagi á Landspítala. Við verðum að bretta upp ermar og hugsa eftir nýjum leiðum, öðruvísi mun álagið á sjúkrahúsum landsins bara aukast. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur lýst yfir vilja til að gera betur í þessum efnum og nú stendur yfir vinna í velferðarráðuneytinu við að fullmóta langtíma heilbrigðis-stefnu á Íslandi. Það er kærkomið fyrsta skref. Við bindum vonir við að lausnir í heilbrigðisþjónustu við aldraða fái þar sérstakan forgang.

Langur legutími á Landspítala
Forstjóri Landspítala hefur bent á að vandi tengdur útskriftum aldraðra einstaklinga sé ein helsta áskorun Landspítalans. Við viljum leggja áherslu á að þessir einstaklingar eru ekki fyrir á sjúkrahúsinu. Þetta eru einstaklingar sem nú eru komnir á þann stað í sínu lífi að þurfa að þiggja meiri umönnun en veitt er í heimahúsi á Íslandi í dag.

Ráðgjafarfrýrtækiað McKinsey



Til eru fyrirmyndir erlendis að þverfaglegum heimateymum fyrir fjölveika og farniskerta aldraða einstaklinga. Slik heimateymi hafa verið rannsökuð meðal annars í Bandaríkjunum og hafa sýnt sig að veita persónumiðaða og heildræna þjónustu og spara útgjöld.

& Company vann skýrslu fyrir velferðarráðuneytið um fullnýtingu tækifæra Landspítalans og var sú skýrsla birt árið 2016. Þar var meðal annars bent á að meðallegutími á sjúkrahúsinu væri of langur. Við sem vinnum mikið með öldruðum ein-

staklingum vitum vel að það getur tekið langan tíma fyrir okkar skjólstæðinga að ná sér eftir bráð veikindi og margir þurfa aukinn stuðning og endurhæfingu til að ná upp fyrri færni. Þegar bráðameðferð á sjúkrahúsi er lokið er gjarnan óskað eftir frekari meðferð og endurhæfingu á endurhæfingardeildum fyrir aldraða en þau rými eru of fá og anna ekki eftirspurn. Einstaklingur sem lokið hefur bráðameðferð getur þurft að bíða í nokkrar vikur á bráðalegudeild eftir að komast í slíkt úrræði.

Sérhæfð þverfagleg heimateymi
Við vitum að aukin þjónusta kostar fé en í dag er verið að nota mikið fé með því að þjónusta einstaklinga sem lokið hafa bráðameðferð á dyrasta þjónustustiginu, bráðalegudeildum, sem þar að auki eru ekki sniðnar að þörfum þessara einstaklinga. Við verðum að hugsa eftir nýjum leiðum til að veita öldruðum heildstæðari og meira persónumiðaða þjónustu.

Til eru fyrirmyndir erlendis að þverfaglegum heimateymum fyrir fjölveika og farniskerta aldraða einstaklinga. Slik heimateymi hafa verið rannsökuð meðal annars í Bandaríkjunum og hafa sýnt sig að veita persónumiðaða og heildræna þjónustu og spara útgjöld. Hér á landi búa einstaklingar sem lifa við mikla sjúkdómsbyrði, eru farniskertir og/eða félagslega einangraðir. Þessir einstaklingar eru oft að fá mjög brotakenna heilbrigðisþjónustu. Vegna farniskerðingar eiga þeir orðið erfitt með að leita til læknis og missa þannig gjarnan tengslin við sinn

heimilislækni. Komi eitthvað upp á heilsufarslega er þeirra eina úrræði oft á tíðum að leita á bráðamóttöku.

Hefði slíkur einstaklingur möguleika á að innskrifast í þverfaglegt heimateymi, sem meðal annarra fagstétta hefði lækni, væri mögulega hægt að koma í veg fyrir heilsuþrest eða meðalvíðum hættu að greina vandann og hefja meðferð heima við. Slíkt teymi gæti veitt aukna þjónustu meðan á veikindum stæði og endurhæfingu eftir veikindin. Reynst nauðsynlegt að leggja viðkomandi inn á sjúkrahús gæti einstaklingurinn útskrifast fyrir heim aftur en ella, með heimastuðningi og möguleika á endurhæfingu heima við. Með bættum stuðningi heima má oft á tíðum seinka og jafnvel koma í veg fyrir innlögn á hjúkrunarheimili en umönnun í hjúkrunarrými er kostnaðarsamt úrræði þannig að hver mánuður sem einstaklingurinn dvelur heima sparar samfélaginu háar upphæðir.

Með skynsamlegri heilbrigðis-stefnu og innleiðingu verkefna sem miða að núverandi og komandi áskorunum í þjónustu við aldraða einstaklinga teljum við að hægt verði að byggja upp á okkar litla Íslandi framúrskarandi heilbrigðiskerfi.

Við viljum í lokin minna á það að stór hluti af okkur sem yngri erum í dag mun þurfa að reiða sig á þá öldrunarþjónustu sem samfélagið hefur byggt upp. Kröfurnar um góða þjónustu munu síst minnka.

Lengri útgáfa af greininni er á frettabladid.is



5 ára ábyrgð

Á 85 árum hefur HEKLA verslað með raftæki, vinnuvélar, sjampó, rakvörur, þurrkaðar aprikósar og bíla, eða löngu fyrir þann tíma er eðlilegt var að nefna „gjaldeyris- og innflutningsleyfi“ í bílaauglýsingum og orðið „jeppi“ var nýyrði í gæslöppum.

Vörumerki eins og Hudson, Kenwood, Caterpillars, Remington, Servis, Rambler, International, Land Rover, Bendix og John Deere voru nánast hilluvara hjá HEKLU þegar vel áraði á landinu bláa en smám saman færðist fókusinn á bíla einvörðungu.

Önnur vara s.s. þvottavélar, ísskápar, hrærivélar, disilvélar fyrir báta og múgavélar hurfu úr vörurvali HEKLU og þá þótti við hafi að birta tilkynningar sem þessa í dagblöðum: Það tilkynnist hér með að frá og með 1. apríl hættum við sölu á Gillette rakvélablöðum, rakakremi og rakvélum.¹⁹⁵⁶

Öryggi, þægindi, gæði¹⁹⁸⁰ sagði í gamalli Mitsubishi auglýsingu. Þau orð eru í fullu gildi enn í dag og nýtur Mitsubishi vinsælda sem aldrei fyrr.

Mitsubishi var fyrsti bílaframleiðandinn til að fjöldaframleiða rafbíla og nýjasta vistvæna útspilið, Outlander PHEV, hefur fengið ótrúlegar viðtökur. Hann er fyrsti fullvaxni og fjórhjóladrifni tengiltvinnbillinn í heiminum. Íslendingar hafa tekið Outlander PHEV fagnandi og hann er lang söluhæsti billinn á Íslandi í ár.



Outlander PHEV Invite FRÁ 4.690.000 KR



Outlander PHEV Intense FRÁ 5.290.000 KR



Outlander PHEV Instyle FRÁ 5.690.000 KR



L200 Club cab FRÁ 4.990.000 KR



L200 Club cab með pallhúsi FRÁ 5.465.000 KR



Eclipse Cross Invite FRÁ 3.990.000 KR



Eclipse Cross Intense FRÁ 4.890.000 KR

Ferðamenn og 10 milljarða framlag til vegakerfisins



Bjarnheiður Hallsdóttir formaður Samtaka ferðapjónustunnar

Allir vita að ástand vegakerfisins á Íslandi er ekki eins og best verður á kosið. Fjármögnun á viðhaldi og uppbyggingu íslenska vegakerfisins er sífelldur höfuðverkur. Það er erfitt fyrir fámenna þjóð í stóru landi að halda úti og þjónusta rúmlega 13.000 km vegakerfi, sem stenst nútímakröfur um ástand og öryggi. Það hefur heldur ekki farið fram hjá neinum að á undanförunum árum hefur umferð um landið aukist ár frá ári. Þar skipta erlendir ferðamenn sköpum en sífellt fleiri vegfarendur eru erlendir ferðamenn og hópferðabílar með erlenda gesti innanborðs. Íslendingar sjálfir ferðast jafnframt meira og nú sækja margir vinnu og skóla um lengri veg en áður tíðkaðist.

Vöxtur ferðapjónustu og aukin umferð kallar eðlilega á meiri fjárfestingar, viðhald og þjónustu á vegakerfi landsins en áherslur í þeim efnum hafa ekki verið í neinum takti við breyttan raunveruleika. Sumir Íslendingar hafa

kosið að lita erlenda ökumenn hornauga og einblína á hversu miklu álagi þeir valda á vegakerfið, þeir séu almennt til öþurfar úti á vegunum – þvælist fyrir, slíti þeim og borgi ekki krónu fyrir afnot af „okkar“ innviðum. Sannleikurinn er hins vegar sá, að umferð erlendra gesta um vegakerfi landsins er ein af vinsælustu útflutningsvörum landsins. Erlendir ferðamenn eru glænýr viðskiptavinahópur í vegakerfi landsins. Hann stuðlar að betri nýtingu samgöngumannvirkja um land allt og það sem meira er – hann tekur risastóran þátt í að fjármagna það.

Árið 2017 var gott ár í ferðapjónustu. Það ár má gera ráð fyrir að skatttekjur ríkisins vegna eldsneytiskaupa erlendra ferðamanna á bilaleigubílum hafi verið tæpir 9 milljarðar króna og 1,6 milljarðar vegna aksturs hópferðabíla með erlendra ferðamenn um landið. Þannig námu skatttekjur ríkisins vegna notkunar erlendra ferðamanna á vegakerfi landsins um 10,5 milljörðum króna sem er um 34% af heildartekjum ríkissjóðs (23 milljarðar króna) af eldsneytiskaupum fólksbifreiða á árinu 2017. Þessu til viðbótar greiddu erlendir ferðamenn um fjóra milljarða króna í virðisaukaskatt vegna þessara viðskipta.

Til að setja viðskipti erlendra ferðamanna á þjóðvegum lands-



Árið 2017 var gott ár í ferðapjónustu. Það ár má gera ráð fyrir að skatttekjur ríkisins vegna eldsneytiskaupa erlendra ferðamanna á bilaleigubílum hafi verið tæpir 9 milljarðar króna og 1,6 milljarðar vegna aksturs hópferðabíla með erlendra ferðamenn um landið.

ins í samhengi við Samgönguáætlun 2019-2023 er gert ráð fyrir að framkvæmdir á vegakerfinu nemi um 23,5 milljörðum króna á næsta ári. Að öllu óbreyttu má gera ráð fyrir að erlendir ferðamenn fjármagni um 45% af fyrirhuguðum framkvæmdum í vegamálum á næstu árum. Þetta og ýmislegt fleira er ágætt að hafa á bak við eyrað þegar rætt er um þörfina á að innleiða frekari skatta og gjöld á erlenda ferðamenn.

Að brjóta af sér



Heiðar Guðjónsson fjárfestir og eigandi Ursus

Mikið hefur verið fjallað um aðför Seðlabanka Íslands að Samherja hf. Hæstiréttur hefur nú staðfest að bankinn braut stjórnarsýslulög. Bankinn neitar hins vegar að viðurkenna ábyrgð á þessum misgjörðum sínum, eins og annarri misbeitingu á valdi sínu við framkvæmd gjaldveyrishafa.

Seðlabanki Íslands kærði félag mitt, Ursus ehf., ranglega fyrir að brjóta lög um gjaldveyrismál árið 2010 þegar Ursus var hæstbjóðandi ásamt öðrum í opnu sölufelri Sjóvá. Sérstakur saksóknari féllst ekki á málalíbúnað Seðlabankans og lét málið niður falla. Seðlabankinn kærði ákvörðunina til ríkissaksóknara sem staðfesti ákvörðun sérstaks saksóknara með löngu skammarbréfi til bankans. Félag mitt hafði engin lög brotið og einungis fært íslenskar krónur á milli reikninga í Íslandsbanka.

Ríkissaksóknari benti m.a. á, að það færi gegn stjórnarskrá að beita mig viðurlögum vegna þessara viðskipta. Eftir að niðurstaðan lá fyrir boðaði Seðlabankinn aðsta handhafa ákærvalds í landinu á sinn fund og sagði við fjölmiðla að í niðurstöðu ríkissaksóknara kæmi fram „grundvallarmisskilningur varðandi eðli fjármagnshreyfinga og framkvæmd gjaldveyrishafa, enda

um flókið sérfræðimálefni að ræða!“ Í samtali við blaðamann sagði svo fulltrúi Seðlabankans: „Hann slapp í þetta skiptið.“ Þessi orð hafa síðan verið endurtekin oftsinnis, nú síðast í tiffelli Samherja, og lýsa forherðingum Seðlabankans.

Það er fjöldinn allur af málum sem Seðlabankinn hefur stofnað til sem hafa skaðað einstaklinga og fyrirtæki. Þeir hafa kært tugi mála en orðið afturreka með þau öll.

Seðlabankinn hefur líka lagt stjórnvaldssektir á fjölda fyrirtækja en engin þessara sekta hefur staðist lög og þær jafnan verið felldar úr gildi af dómstólum. Nú síðast 8. nóvember í máli Samherja.

Bankinn segir að tæknileg atriði valdi því að ekkert í málalíbúnaði hans standist. En ekki hvað? Þarf bankinn ekki að fara eftir settum lögum eins og aðrir? Getur verið að forsvarsmenn bankans séu haldnir grundvallarmisskilningi um eðli réttarríkisins og framkvæmd laga gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum.

Aðfarið Seðlabankans taka yfir tæpan áratug og strax í upphafi var ljóst hvílik sneypuför var í uppsiglingu. En það hefur ekkert hamið kærugleði bankans sem alltaf hefur látið niðurstöðu ákærvalds sem vind um eyru þjóta.

Kostnaður bankans fyrir samfélagið, fyrirtæki og einstaklinga nemur milljörðum króna. Asetningur bankans hefur verið einbeittur og yfirlýsingar forystumanna bankans á umliðnum árum lýsa fádæma forherðingu og valdhroka.

Erú starfsmenn Seðlabankans einu aðilarnir í samfélaginu sem geta brotið af sér án þess að gjalda þess?



MITSUBISHI AÐ YÐAR ÞÖRFUM



Outlander PHEV S-Edition

FRA 6.090.000 KR



Outlander Intense 7 manna

FRA 5.490.000 KR



Outlander Instyle 7 manna.

FRA 5.990.000 KR



L200 Double cab

FRA 4.990.000 KR



L200 Double cab m/pallhúsi

TILBOÐSVERÐ FRA 5.465.000 KR




L200 33 breyttur

TILBOÐSVERÐ FRA 5.240.000 KR



Eclipse Cross Instyle

FRA 5.290.000 KR



KOMIÐ Í BÍLTÚR

Þér finnið alltaf einn Mitsubishi að yðar þörfum.



Jákvæð atriði þrátt fyrir tap

Ísland spilaði þéttan varnarleik þegar liðið sótti Belgíu heim í lokaleik sínum í A-deild Þjóðadeildar UEFA í knattspyrnu karla í gærkvöldi. Michy Batshuayi reyndist hins vegar íslenska liðinu erfiður í þessum leik.

FÓTBOLTI Það er með hreinum ólíkindum hversu óheppið íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hefur verið með meióli síðan Erik Hamrén og Freyr Alexandersson tóku við stjórnartaumunum hjá liðinu í haust. Tíu leikmenn vantaði í íslenska hópinn sem réðst á einkar háan garð og mætti Belgíu, efsta liði heimslista FIFA, á þeirra eigin heimavelli.

Til þess að bæta gráu ofan á svart meiddist Alfreð Finnbogason í upphitun fyrir leikinn og þar með var liðið án Gylfa Þórs Sigurðssonar, Jóhanns Berg Guðmundssonar og Alfreðs Finnbogasonar sem borið hafa uppi sóknarleik íslenska liðsins undanfarin ár. Arnór Sigurðsson, sem er einungis 19 ára gamall, lék sinn fyrsta A-landsleik og Albert Guðmundsson byrjaði sinn fyrsta mótssleik með liðinu.

Þá fékk Jón Guðni Fjóluson það verðuga verkefni að fylla skarð Ragnars Sigurðssonar í hjarta varnarinnar hjá íslenska liðinu. Þetta var fyrsti mótssleikur Jóns Guðna fyrir A-landsliðið. Hamrén og Freyr brugðu á það ráð að leika með fimm manna varnarlinu, þriggja manna miðu og tveggja manna sóknarlinu. Þetta virkaði vel framan af leik.

Leikmyndin var eins og búast mátti við, Belgar mun meira með boltann og leikmenn íslenska liðsins í skotgröfunum. Það var unun að sjá og heyra Aron Einar Gunnarsson styra varnarleik íslenska liðsins og nærvera hans fyllti greinilega leikmenn liðsins trú á verkefnið. Íslenska liðið náði nokkrum fínum spilköflum framan af leik og Albert fékk besta færi liðsins þegar hann batt endahnúttinn á vel útfærða skyndisök.

Þegar liða tók á leikinn fundu Belgar hins vegar glufur á þéttum varnarleik íslenska liðsins og Michy Batshuayi skoraði tvicegis í seinni hálfleik. Belgía er þar af leiðandi taplaus eftir þrjá leiki á toppi riðilsins. Íslenska liðið fer hins vegar stigalaust frá A-deildinni og er fallið niður í B-deildina sem þýðir að liðið mun verða í B-deild þjóðadeildarinnar næst þegar mótið fer fram.

Þá verður íslenska liðið í öðrum styrkleikaflokki þegar dregið verð-



Michy Batshuayi kemur boltanum fram hjá Hannesi Þór Halldórssyni og í íslenska markið. NORDICPHOTOS/APP

ur í riðla í undankeppni EM 2020 í byrjun desember.

Þeir jákvæðu punktar sem hægt er að taka úr þessum leik er að íslenska liðið bætti öðru leikkerfi í vopnabúr sitt, en leikmenn fundu sig vel í þeirri leikaðferð sem leikin var. Jón Guðni Fjóluson stóð sig í þessum leik og getur hæglega komið inn með söma ef fastamenn meiddast í undankeppninni sem fram undan er.

Guðlaugur Victor lék svo mun betur í þessum leik en í fyrri leiknum gegn Sviss. Albert bankar fast á dyr byrjunarliðsins með frammistöðu sinni og Arnór Sigurðsson er kominn langt í þróun sinni sem leikmaður í hesta gæðaflokki.

Fram undan er vináttulandsleikur gegn Katarr sem er síðasti leikur liðsins á þessu ári. hjorvaro@frettabladid.is



0-1 Michy Batshuayi 65., **0-2** Michy Batshuayi 81.

Skot (á mark): 13 (6) – 4 (1). **Horn:** 8-1. **Rangstöður:** 0-2.

Frammstæða Íslands (5-3-2)

Hannes Þór Halldórsson	5
Hörður Björgvin Magnússon	4
Jón Guðni Fjóluson	6
Kári Arnason	7
Sverrir Ingi Ingason	5
Ari Freyr Skúlason	5
Aron Einar Gunnarsson	7
Guðlaugur Victor Pálsson	6
Albert Guðmundsson	8
(87. Jón Dagur Þorsteinsson -)	
Arnór Sigurðsson	5
(65. Kolbeinn Sigþórsson 4)	
Alfreð Finnbogason	7

Maður leiksins:

Albert Guðmundsson

Albert Guðmundsson fékk tækifærið í fyrsta skipti í byrjunarliði íslenska liðsins á stóra sviðinu. Hann greip gæsina svo sannarlega og spilað fantavel. Hann var duglegur varnarlega, stóð sig vel við að halda boltanum og komst í besta færi íslenska liðsins.



Spennandi að taka þátt í að sækja ártal á vegginn

KÖRFUBOLTI Landslagið í Domino's-deild kvenna í körfubolta breyttist í gær þegar Helena Sverrisdóttir samdi við Val, sífurliðið frá síðasta tímabili. Helena fékk sig lausa frá ungerska liðinu Ceglédi fyrir í vikunni, er flutt heim og kominn í Val, þar sem hún hittir fyrir systur sína, Guðbjörgu.

„Ég var byrjuð að huga að því í síðustu viku að losa mig undan samningi úti. Ég spjallaði við Guggu systur og spurði hvort hún hefði áhuga á að fá mig ef það væri í boði. Hugurinn leitaði eiginlega alltaf hingað, ekki að fara strax aftur heim í Hauka,“ sagði Helena í samtali við Fréttablaðið í gær.

Helena er uppalin á Ásvöllum og Haukar eru eina liðið sem hún hefur spilað með á Íslandi. Hún segir að það hafi vissulega komið til greina að fara aftur í Hauka en Valur hafi orðið fyrir valinu.

„Haukar voru líka sterkir þarna en mér fannst það sem er í gangi

hjá Val spennandi. Fyrir mig snerist þetta líka um að fara ekki aftur í þægindarammann á Ásvöllum heldur koma hingað og spila með nýjum liðsfélögum fyrir nýjan þjálfara; á stað þar sem mér liður eins og ég þurfi að sanna mig. Það er áskorun,“ sagði Helena sem varð Íslandsmeistari með Haukum í fyrra.

Hún kveðst spennat fyrir því að spila með systur sinni. „Mér finnst það ótrúlega spennandi. Gugga er frábær leikmaður en hefur kannski ekki alltaf fundið stöðugleikann. Við erum að mörgu leyti líkar sem körfuboltakonur og ég tel að við getum hjálpað hvor annari.“

Valur hefur ekki unnið stóran titil í kvennaflokkinn en því á að breyta.

„Þegar þú labbar inn á Hliðarenda er veggur með titlum félagsins og ártölunum. Það er tómt hjá kvennakörfunni og mér finnst spennandi að taka þátt í að sækja ártal á vegginn. Að sjálfsgöðu verður það markmiðið,“ sagði Helena. – íps



Helena Sverrisdóttir skrifar undir samninginn undir vöku auga Grims Atlasonar úr stjórn körfuknattleiksdeildar Vals. Darri Freyr Atlason, þjálfari Vals (lengst til vinstri), er hæstánægður með liðsstyrkinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGVARI

Nýjast

Dominos-deild karla



Breiðablik - Þór P. 107-110

Stigahæstir: Breiðablik: Christian Coville 33, Snorri Vignisson 19, Hilmar Pétursson 16, Snorri Hrafnkelsson 12. Þór Þorlákshöfn: Nicolas Tomsick 39, Kinu Rochford 30, Jaka Brodnik 15, Halldór G. Hermannsson 13.

Skallagr. - Keflavík 95-97

Stigahæstir: Skallagrímur: Aundre Jackson 31, Matej Buovac 28, Björgvin Hafþór Rikharðsson 15. Keflavík: Michael Craion 26, Gunnar Ólafsson 20, Hörður Axel Vilhjálmsson 14, Magnús Már Traustason 12.

KR - Haukar 97-88

Stigahæstir: KR: Björn Kristjánsson 21, Orri Hilmarrson 19, Julian Boyd 18, Pavel Ermolinski 12, Vilhjálmur Kári Jenson 11. Haukar: Hjalmar Stefánsson 22, Marques Oliver 19, Hilmar Smári Henningsson 18.

Efri	Neðri		
Keflavík	12	Haukar	6
Tindastóll	10	Skallagrímur	4
Njarðvík	10	Þór	4
KR	10	Grindavík	4
Stjarnan	8	Breiðablik	2
ÍR	8	Valur	2

Olis-deild kvenna



Valur - Fram 22-27

Markahæstar: Valur: Lovisa Thompson 6, Diana Dögg Magnúsdóttir 3, Sandra Erlingsdóttir 3, Íris Ásta Pétursdóttir 3. Fram: Ragnheiður Júlíusdóttir 8, Steinunn Björndóttir 8, Þórey Rosa Stefánsdóttir 5.

Þjóðadeildin



A-deild

Riðill 2

Belgía - Ísland 2-0

1-0 Michy Batshuayi 65., 2-0 Michy Batshuayi 81.

Staðan: Belgía 9, Sviss 6, Ísland 0.

Riðill 4

Króaía - Spánn 3-2

1-0 Andrej Kramaric 54., 1-1 Daniel Ceballos 56., 2-1 Tin Jedvaj., 2-2 Sergio Ramos 78., 3-2 Tin Jedvaj 90.

Staðan: Spánn 6, England 4, Króaía 4.

B-deild

Riðill 3

Austurríki - Bosnía 0-0

Staðan: Bosnía 10, Austurríki 4, N-Írland 0.

C-deild

Riðill 2

Grikkland - Finnland 1-0

Ungverjaland - Eistland 2-0

Staðan: Finnland 12, Grikkland 9, Ungverjaland 7, Eistland 1.

D-deild

Riðill 1

Kasakstan - Lettland 1-1

Andorra - Georgía 1-x

Staðan: Georgía 13, Kasakstan 6, Lettland 3, Andorra 3.

Riðill 2

Lúxemborg - Hv.-Rússl. 0-2

San Marínó - Moldóva 0-1

Staðan: Hvíta-Rússland 11, Lúxemborg 9, Moldóva 8, San Marínó 0.

LEÓIK

FÖSTUDAGUR 16. NÓVEMBER 2018

Lífsstíll



Móðurhlutverkið róandi

Dagný Brynjarsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu, eignaðist sitt fyrsta barn í sumar. Meðgangan var erfið og kastaði hún upp fram á síðasta dag. Fæðingin gekk hins vegar eins og í sögu og drengurinn sem hún fékk í hendur dafnar vel. Dagný hefur verið að glíma við meiðsli en vonast til að geta haldið utan í atvinnumennsku eftir áramót. →2

ENZYMEDICA®

- ertu með
brjóstsviða eða
bakflæði?



SVEFNSÓFAR

frá Innovation Living Denmark



FRODE
kr. 179.800



TURI
kr. 149.800

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Vera
Einarsdóttir
vera@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Dagný var sett 11. júlí. Drengurinn kom mánuði fyrr, eða 12. júní. Hann er því nýorðinn fimm mánaða. Hann var rúmar þrettán merkur og alveg tilbúinn og þurfti því ekki að dvelja á vökuðeild. „Hann fæddist um nótt og við vorum eina nótt í bænum,“ segir Dagný en hún og unnusti hennar, Ómar Páll Sigurbjartsson, eru búsett á Selfossi. „Það var svo mælt með því að við myndum vera eina nótt á Selfossi og jafnvel tvær sem við þáðum.“

Erfið meðganga en draumafæðing

Aðspurð segir Dagný fæðinguna hafa gengið vel. Drengurinn, sem heitir Brynjar Atli í höfuðið á föður hennar og bróður, komst strax á brjóst. Hann fékk smá gulu á fimmta degi en jafnaði sig fljótt. „Hann er síðan búinn að vera væg og góður og sefur og drekkur vel. Fólk finnst það ótrúlegt í ljósi þess að við foreldramir erum bæði mjög virk,“ segir Dagný og hlær. Meðgangan var hins vegar erfið og glímdi Dagný við uppköst frá upphafi til enda. „Þau byrjuðu þegar ég var komin sjö vikur á leið. Mér var fyrst sagt að þau myndu ganga yfir eftir tólf vikur, svo sextán og að lokum tuttugu. Það gekk hins vegar ekki eftir og ég kastaði upp fram á síðasta dag, þó það hafi aðeins dregið úr því síðustu vikurnar. Dagný fékk enga sérstaka skýringu á þessu en fannst hreyfing gera sér gott. Hún æfði með meistaraflokki karla á Selfossi þar til hún var komin 13 vikur á leið og kvennaliðinu fram á 29. viku, ásamt því að æfa sjálf. „Ef ég náði að borða eftir uppköstin fannst mér gott að drifa mig af stað. Ef ég hefði verið heima hugsa ég að ég hefði bara haldið áfram að kasta upp.“ Lýsir Dagný en segir að svo hafi komið dagar þar sem hún lá alveg fyrir. Hún segist engu að síður hafa þyngst eðlilega og að hún og drengurinn hafi nærst þrött fyrir allt.

Meðgangan tók eðlilega sinn toll og meióslí sem hrjáðu hana í fyrra gerðu vart við sig á ný. „Ég meiddist í lið sem heitir SI-joint, eða sacroiliac ligament í fyrra en þau meióslí koma oftast eftir högg, árekstur eða meðgöngu. Í mínu tilfelli komu þau eftir högg í boltanum. Þessi meióslí hrjáðu mig í fimm mánuði í fyrra en þegar ég hafði verið góð í tvo mánuði varð ég óvænt ólétt. Það var ekki planið en ég er vissulega himinlifandi með það í dag,“ segir Dagný. Hún fann til í liðnum alla meðgönguna en þó ekki þannig að hún gæti ekki æft. Hún segir heldur ekki mælt með því að hvíla alveg því nauðsynlegt sé að halda vöðvunum í kringum liðinn sterkum. Eftir fæðingu fann hún að verkurinn var enn til staðar og fór í svokallaða PRP-sprautu í Corpus Medica fyrir átta vikum en þá er tekið blóð úr henni sjálfri og því sprautað í liðinn. „Ég fór í sömu sprautu í Portland þar sem ég lék með Portland Thorns í fyrra til að ná EM, en ef ég hefði ekki fengið hana hefði ég örugglega ekki getað verið með. Sprautan á að toppa eftir tólf vikur og ég finn að ég er ekki alveg orðin góð. Kannski tekur þetta líka lengri tíma af því að ég er nýbúin að eiga barn,“ segir Dagný. Hún er auk þess í sjúkrahjálfun og fer til styrktarþjálfara þrisvar í viku sem vinnur að því að „trappa“ hana upp. Hún er þó ekki farin að fara á fotboltaæfingar en æfir sjálf eins og hún getur.

Langar aftur út

„Ég hef stundum óskað þess að ég hefði frekar fótbrotnað því þá vissi folk hvernig það ætti að meðhöndla mig og hversu langan tíma það tæki að verða góð. Þetta er aðeins óljósara og enginn sem getur sagt nákvæmlega til um hvenær ég verði búin að ná mér. Mig langar hins vegar að fara út í atvinnumennsku eftir áramót og stefni að því.“ Aðspurð segir Dagný ýmsar þreifingar í gangi og að þessu sinni ætli hún að taka unnustann og auðvitað drenginn með, en hún og Ómar Páll voru í fjarbúð í sex ár á meðan hún var við nám og stórf í Bandaríkjunum. „Það er komið nóg af því. Ef við færum út



Brynjar Atli er augljóslega sonur móður sinnar eins og sjá má á klæðaburðinum.

eftir áramót myndi Ómar byrja á að fara í fæðingarorlof. Hann er rafvirki og gæti svo vonandi fengið vinnu við það í kjölfarið,“ segir Dagný.

Dagný segist almennt mikill planari en að óvænt meðganga og meióslí hafi gert það að verkum að hún sé farin að sætta sig við að láta hlutina svoltið ráðast. „Ég vona að þetta batni allt með tímanum því ég vil ekki halda áfram í þessum sprautum og finnst leiðinlegt að þurfa að gera svona inngrip.“

Ýmis framtíðaráform

Hún er líka með ýmis framtíðaráform til lengri tíma lítið en meðfram atvinnumennskunni í Bandaríkjunum lagði hún stund á NTCP-einkaþjálfaranám í fjarnámi frá Keili og útskrifaðist í byrjun árs. Hún bætti svo við ÍAK-styrktarþjálfun sem hún lauk í vor, rétt áður en Brynjar Atli fæddist. „Hún heillar mig sérstaklega en í Bandaríkjunum er alltaf styrktarþjálfari á öllum æfingum og leikjum. Ég myndi vilja innleiða það á Íslandi.“ Dagný er með BS-próf í Sports Management frá Florida State. „Mig langar svo að bæta við mig master í íþróttáða kennslufræðum enda hef ég mjög gaman af því að vinna með börnum.“

Gíftir sig í sumar

En hefur móðurhlutverkið breytt þér mikið?

„Já, vissulega. Mér fannst það nánast pirrandi hvað ég breyttist mikið á meðgöngunni og svo þegar sængurkvennagráturinn bættist við hélt ég að ég væri bara alveg búin að týna sjálfri mér en það jafnaði sig nú sem betur fer,“ segir hún og hlær. „Almennt finnst mér ég orðin rólegri og er orðið meira sama um ýmislegt. Öll mín meióslí í gegnum tíðina, nema reyndar þessi sem ég er að glíma við núna, hafa til að mynda komið eftir af mikið álag. Ég var þannig að ef ég missti af æfingu æfði ég tvöfalt daginn eftir. Núna er mér meira sama, hlusta á styrktarþjálfarann minn og hvíli frekar en að bæta mér upp



Brynjar Atli hefur frá upphafi verið væg og góður.

æfingar,“ segir Dagný sem notar fæðingarorlofið líka til að skipuleggja brúðkaup sitt og Ómars Páls sem verður haldið í Þykkvabænum, heimabyggð Ómars, 20. júlí næst-af æfingu æfði ég tvöfalt daginn eftir. Núna er mér meira sama, hlusta á styrktarþjálfarann minn og hvíli frekar en að bæta mér upp

verksins vel. „Ég hef upplifað nánast allt sem knattspyrnukona en ef mér myndist ég ekki eiga enn meira inni í atvinnumennskunni myndi ég örugglega koma með annað fljótlega. Ég hef aldrei spilað betri fótbolta en rétt um það leyti sem ég varð ólétt og held ég geti orðið enn betri.“

VINSÆLU KULDASKÓRNIR MEÐ MANNBRODDUNUM

ERU KOMNIR FYRIR DÖMUR OG HERRA



Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B|A|S|L|E|R MaxMara BRAX

PALLIETTUKJÓLL

Stærðir 42-56
Verð 16.990 kr



Curvy.is

Fákafeni 9, 108 Reykjavík | Sími 581-1552 | www.curvy.is

Byrjaði sem saklaust áhugamál

Anna M. Konráðsdóttir hannar og smíðar eyrnalokka sem skreyttir eru litlum bókum. Þeir eru allir handunnir og fyrir vikið er hver þeirra einstakur. Hún kynnir vörur sínar á Handverki og hönnun í næstu viku.

Starri Freyr
Jónsson

starri@frettabladid.is



Undanfarnir 2-3 ár hefur Anna M. Konráðsdóttir dundað sér við að hanna og smíða eyrnalokka sem skreyttir eru litlum bókum. Þetta byrjaði sem saklaust áhugamál þar sem ætlinin var að hanna eyrnalokka fyrir hana sjálfa en svo fannst henni áhugavert að sjá hvort aðrir hefðu

áhuga á að skreyta sig með bókum. „Einnig finnst mér mikilvægt að halda bókum á lífi þar sem allt er orðið svo rafrænt í dag. Ég er líka búin að vera að koma fleiri vörum inn í vörulínuna svo fleiri geti nýtt sér þær. Í næstu viku tek ég þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur en sú sýning er eiginlega það fyrsta sem ég geri til að koma merkinu minnu á framfæri.“

Engir tveir skartgripir eins

Hún segist eingöngu nota gæðaefni í bækurnar og kápan sé í raun unnin alveg eins og hefðbundin bók. „Það þýðir að horn og kjólar bókarinnar eru úr lambaskinni eða roði og svo er pappírsklæðning eins og notuð er á venjulegum bókum. Í þær nota ég svo ýmsan flottan pappír sem mér finnst passa við. Allar bækur eru handunnar sem þýðir að hver og ein bók er einstök og því eru engir tveir skartgripir eins.“ Fyrir utan bókaeyrnalokkana hefur hún einnig hannað bókahálsmen, bókaisskápasegla, bókaorma, jólabókanælur og jólabókaeyrnalokka en vörur sínar selur hún undir heitinu Book of the (y)ear.

Ólíkar litasamsetningar

Hugmyndirnar fær hún með því að prófa sig áfram með ýmsis efni auk þess sem hún segist fá hugmyndir með því að kíkja í föndurbúðir og



„Allar bækur eru handunnar sem þýðir að hver og ein bók er einstök og því eru engir tveir skartgripir eins,“ segir Anna M. Konráðsdóttir, sem hefur m.a. hannað bókaeyrnalokka og fleiri skemmtilegar vörur undanfarnir ár. MYND: SIGTRYGGUR ARI

skoða pappír á netinu. „Ég býð upp á óteljandi útgáfur af samsetningum auk þess sem ég er með nokkrar staðlaðar útgáfur. Auk þess getur hver og einn óskað eftir sérstökum litum og litasamsetningu. Viðtökurnar hafa verið góðar en það eru auðvitað ekki allir sem vilja vera með bækur hangandi í eyrunum.“

Áhuginn kviknaði snemma

Áhugi Önnu á handavinnu byrjaði á unglingsaldri þegar hún hóf störf í bókbandi yfir sumartímann. „Þar kviknaði fyrst áhugi á handavinnu. Fljótlega eftir stúdentspróf ákvað ég að innrita mig í bókbandsnám og hef verið að vinna í prentsmiðjum og dunda mér við handband síðan. Það var einmitt í náminu sem ég fékk þá hugmynd að gera litla bókaeyrnalokka og hef ég verið að þróa hönnunina síðan þá.“

Óvænt vara

Á Handverki og hönnun sem hefst í Ráðhúsi Reykjavíkur 22. nóvember mun fjöldi aðila sýna eigin verk



Litfögur bókahálsmen (t.v.) og bókaormar velja hvarvetna athygli.



og selja, þ. á m. Anna. „Þar verð ég með ýmsar tegundir af bókaeyrnalokkunum og jólabókaeyrnalokkunum, margar gerðir af hálsmenum, nokkrar tegundir af bókaormum, bóka-

isskápasegla og jólabókanælur. Svo ætla ég að sýna nýja vöru sem ég ætla ekki að segja frá strax. Hún kemur í nokkrum útgáfum, m.a. útgáfu sem ég myndi segja að væri algjörlega jólaaskautið í ár.“

Hönnun Önnu má skoða á www.annagarcia58.wixsite.com/book-of-the-year þar sem einnig er hægt að hafa samband við hana.



Anna segist eingöngu nota gæðaefni í bækurnar. Það þýðir að hver og ein-kápa er í raun unnin alveg eins og hefðbundin bók.

Við erum í fararbroddi í göngu- og hlaupagreiningum, greiningarbúnaði, innleggjum, skóm og fylgihlutum

Reynslumesta starfsfólkið í nánu samstarfi við íþróttahreyfinguna og fagfólk í heilbrigðisstétt.



Höfum opnað glæsilega sölusíðu - www.gongugreining.is



EINS OG FÆTUR TOGA

www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 Reykjavík og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

Dagur íslenskrar tungu

FÖSTUDAGUR 16. NÓVEMBER 2018

Kynningar: Árnastofnun, Sýn

Brennur fyrir íslenskunni

Á degi íslenskrar tungu er ekki hægt að segja neitt fegurra við miðaldafræðinginn Evu Maríu Jónsdóttur en að hún sé dugleg. Hún segir orðasmið búa í öllum og að Íslendingum sé annt um mótun móðurmálsins. ➔2



Framhald af forsiðu →

Pórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Eins og allir Íslendingar hef ég miklar mætur á dugnaði og því varla hægt að segja neitt fegurra við mig á íslensku en að ég sé dugleg. Dugnaður hefur hér verið í slíkum hávegum hafður að það er umhugsunarefni aðfluttra, enda segjum við meira að segja við ómálga börn að þau séu dugleg. Sennilega mættum við útvikka hrósorðafórðann okkar til muna og hafa fleira uppbyggilegt að segja við aðra, til dæmis að fólk sé lausnamiðað, útitekið, grátægurt eða með þokkafullt göngulag," segir Eva María Jónsdóttir, miðaldrafræðingur og vef- og kynningarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Þar hefur verið unnið að undirbúningi dags íslenskrar tungu um skeið.

Á degi íslenskrar tungu upplýsir Eva María um önnur orð íslenskrunnar sem eru í miklu dálæti hjá henni.

„Ég hef alltaf verið hrifin af orðinu lé magna og nota það gjarnan frekar en að segjast vera geðveikt þreytt. Það hefur sömu merkingu og að vera uppgefnið eða ör magna. Notkun á orðinu er dvinandi og folki tamara að segja eitthvað einfaldara, en það er kannski ekki undarlegt þar sem óljóst er til hvers forliðurinn „lé“ visar. Margt kemur þar til greina, eins og ljár eða lín,“ útskýrir Eva María og bendir á annað orð í upphaldi:

„Það er orðið finngálkn. Dularfullt orð um torkennilega skepnu. Fátt er vitað um uppruna orðsins en fágæt og sérkennileg orð eru heillandi og margir vilja fá þau aftur í tunguna. Finngálkn getur aftur við leyndardómsfulla skepnu, eins og mannhest, en í þjóðsögum var það notað yfir afkvæmi kattar og töfu. Einhverjir töldu sig hafa rekist á finngálkn þótt ég hafi aldrei séð það,“ jatar Eva María kankvis.

Ætlum við að sletta óhikað?

„Dagur íslenskrar tungu er helsti uppskerudagur móðurmáls og þá er þeim hampað sem gæla við á íslensku og við íslenska tungu. Aðra daga ársins vinnum við í því að fá fram góða uppskeru og vitaskuld má ekki einskoraða þá mikilvægu vinnu við þennan eina dag, því eru allir dagar okkar dagar íslenskrar tungu og dugar ekki að tylla sér á tå og tala vandað og gott mál í aðeins einn dag,“ útskýrir Eva María brosmild.

„Við þurfum öll að hugleiða hvernig við viljum hafa íslenskuna okkar, staldra við og taka meðvitanda ákvörðun, til dæmis um hvort við sem Íslendingar ætlum að skrifa ensku á samfélagsmiðlum eða sletta ensku óhikað. Ætlum við að velja enskt orð fram yfir sambærilegt íslenskt orð? Erum við ánægð með það sem við leggjum af mörkum til stuðnings íslenskunni og sátst við okkar eigin málstefnu?“ spyr Eva María því öll höfum við okkar eigin meðvitundu og ómeðvitundu málstefnu.

Umburðarlýndi gagnvart breyttum talsmáta fari þó vaxandi.

„Nú er umræðan oft á þeim nóttum að ekki megi mismuna fólk eftir því hversu vel það talar tungumál og því fer umburðarlýndi gagnvart röngum beygingum, tilbrigðum, villum og ambögum vaxandi. Mörgum þykir þetta fullmikil linkind en auðvitað er ekki heldur gott ef hluti þjóðarinnar þorir ekki að tjá sig af ótta við að tala vitaust. Málfræðireglur eru því víða brotnar og nú heyrst það máltilbrigði að nota þágufall í stað þolfalls meira að segja í útvarpsauglýsningum, en það er miklu eldri



Eva María segir hugsanlegt að vel heppnuð nýyrði sem landsmenn setja í nýja Nýyrðabankann verði síðar tekin inn í orðabækur. MYND/ANTON BRINK

Útlendingar fara á mis við mikið ef þeir heyra ekki íslensku í daglegu umhverfi. Þeir vilja upplifa framandi menningarheim; rétt eins og við viljum heyra frönskuna talaða í París.

tilhneiging en margan grunar,“ upplýsir Eva María.

Íslensk málmeðferð hefur þann starfa að benda á það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi og segir Eva María það gott; meðal annars til að missa ekki mælikvarðann um hvað sé rétt og gott mál.

„Við þurfum að tryggja að allir fái góða íslenskukennslu og íslenskukennara sem blása fólk áhugann í brjóst í stað þess að vera alltaf með leiðréttingafingurinn á lofti. Það má ekki ganga svo langt að fólk þori ekki að tjá sig af ótta við að segja vitleysu, en íslenskan er eitt fárra tungumála í heiminum sem er enn með flókið beygingakerfi og því telja margir sig öruggari með að tala á ensku þar sem eignarfallið er eitt eftir.“

Ný heimsmynd þarf ný orð

Í tilefni dags íslenskrar tungu verður opnaður nýyrðabanki sem unnið hefur verið að hjá Stofnun Árna Magnússonar.

„Fólk hefur ánægju af því að taka þátt í mótun tungumálsins og því var ljóst að við þurfum fastan samastað þar sem fólk getur fengið útras fyrir sköpunargleði í tungumálinu,“ segir Eva María um frábæra nýjung.

„Íslenskan er nú sem fyrr í mikilli þörf fyrir nýyrði því við viljum geta notað hana til alls. Enda eru tugir orðanefnda í mismunandi fögum starfandi og hafa verið í meira en hálfa öld. Afrakstur þeirrar vinnu má finna í svokölluðum lóðrðabanka. Á netinu er svo heill heimur vefsíða sem ganga eingöngu út á tungumálið. Íslendingar eru þar einkar áhugasamir um móðurmál sitt og spyrja hver annan hvernig á að þýða orð eða leita orða yfir allt mögulegt. Á Arnastofnun berast okkur líka stöðugar fyrir-

spurnir og tillögur að betri orðum yfir allt milli himins og jarðar, og við tökum þessum mikla áhuga fagnandi.“

Til að leggja inn nýtt orð í nýyrðabankann er farið á nýyrði.arnastofnun.is.

„Þar skrifar maður inn orðið og hvað það þýðir og uppsker þá ýmist þumla upp eða þumla niður auk þess að geta séð athugasemdir og umræður annarra um nýyrðið. Hugsanlegt er að orð verði síðar tekið inn í orðabækur. Hins vegar er ekki til nein löggildingarstofa fyrir ný orð. Nýyrði verður gilt þegar málnotendur taka orðið í notkun en jafnframt fellur það úr gildi ef enginn notar það. Þeir sem tala og skrifa íslensku eiga því síðasta orðið,“ segir Eva María.

Frá árinu 2015 hafa Ríkisútværpið, Arnastofnun og Mimir – félag stúdenta í íslenskum fræðum, staðið fyrir vali á nýyrði ársins.

„Fyrsta orð ársins var fössari, um föstudag, en tilfinning manna var að um leið og orðið var valið datt notkun þess niður hjá yngra fólkinu og það varð eldra fólks orð. Árið 2016 var nýyrði Hallgríms Helgasonar, hrútskýring, valið en það er myndað á sérstakan hátt úr orðunum hrútur og útskýring og er þýðing á enska orðinu mansplaining, sem er samsett úr man og explain. Það er dæmi um víðeigandi nýyrði sem við þurfum mikið á að halda og tengist samfélagsbyltingu og kvenfrelsi, og Árið 2017 var valið nýyrði Hildar Lillendahl Viggisdóttur, epalhommi,“ útskýrir Eva María um nýyrði nafngreindra orðasmiða sem eignast hafa ný orð í móðurmálinu.

„Það býr orðasmiður í okkur öllum og það er gaman geta smíðað orð sem verður vinselt í tungumálinu. Jónas Hallgrímsson var listasmiður þegar kom að orðum og hreint magnað hversu mörg orð lifa eftir hann. Hann er eftirbreytniverður, völdundarsmiður orða, vann mikið að þýðingum, bjó til orð og heiti yfir mannslíkamann og dýratrikið, fyrir utan allt skáldlega málið. Sum orðanna náðu ekki flugi en ótrúlega mörg festust í tungumálinu og við höldum þeim daglega á lofti með því að nota þau.“

Heilsar maður á ensku?

Hátíðahöld í tilefni dags íslenskrar tungu fara fram víða í dag. Hátíðar-

dagskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins verður haldin í Nýheimum á Höfn í Hornafirði þar sem kunnugt verður hver hlýtur Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar í ár.

„Höfn varð fyrir valinu hjá mennta- og menningarmálaráðherra í ár, og er það í fyrsta sinn sem hátíðarhöldin fara fram á því landshorni. Það hefur verið heildur að vinna með heimamönnum og ætla ráðherra að heimsækja skólana í byggðarlaginu. Þar hafa nemendur spreytt sig á nýyrðasmíði og geta í kjölfarið lagt inn í Nýyrðabankann á netinu. Svo er hápunktur hátíðarhaldanna þegar veitt verða Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar en þau hlýtur árlega einhver sem hefur unnið íslensku tungu til gagns og gleði,“ segir Eva María.

Einnig verða veittar viðurkennningar fyrir stuðning við íslenskuna.

„Þar er endalauzt hægt að gera góða hluti fyrir íslenskuna og maður fyllist bjartsýni að sjá hversu margir leggja sig eftir því þegar allt er talið. Allir virðast standa með íslenskunni en til að sýna þann hug í verki þarf að fara í naflaskoðun og skoða hvernig maður sjálfur velur og hafnar íslenskunni í ýmsum aðstæðum: Heilsar maður á ensku? Birtir maður öll sín hugðarefni á ensku á samfélagsmiðlum? Þetta eru stórar ákvarðanir þótt þær virðist smávægilegar. Því ætti hver og einn að velja sér tungumál sem tjáningsmáta að vel athuguðu máli.“

Í dag verða líka veitt hvatningarverðlaun viðskiptalífins í fyrsta sinn, en með þeim er varpað ljósi á fyrirtæki sem vinna íslenskunni gagn á eftirtektarverðan hátt.

„Abyrgðin liggur nefnilega hjá okkur öllum og ekki nóg að íslenska sé opinbert tungumál ríkissapparatins. Við erum öll í þessu saman og þurfum öll að taka afstöðu til íslenskunnar og sýna hana í verki. Í ferðamálagæranum væri til dæmis hægt að ákveða að taka á móti íslenskum og útlenskum viðskiptavinum á íslensku, því útlendingar fara á mis við svo mikið ef þeir heyra ekki íslensku í daglegu umhverfi. Þeir koma til Íslands vegna þess að þeir vilja upplifa það að vera gestir í framandi menningarumhverfi, rétt eins og okkur þykir tilheyra að heyra frönsku í

París. Við verðum að hætta að taka íslenskunni sem sjálfsögðum hlut því hún verður bara til á meðan við brennum fyrir henni.“

Ást til móðurtungunnar


Dagur íslenskrar tungu er opinber fánadagur og segir Eva María skemmtilegt ef sem flestir dragju fána að húni.

„Ekki vegna skyldurækni heldur væntumþykju til móðurtungunnar. Í tilefni dagsins væri líka best fyrir íslenskuna ef allir settu sér markmið um að reyna að tala íslensku og fækka slettum úr öðrum málum. Líka að taka þátt í að búa til ný orð yfir ný hugtök því komin er ný tækni, ný heimsmynd og nýjar hugmyndir sem þarfnast nýrra íslenskra orða. Að tileinka sér að tala íslensku og finna ný orð yfir hlutina jafnöldum. Það er nefnilega skemmtilegur lífsstíll að leggja sitt af mörkum til að bæta málið og unga fólkíð okkar á hefur orðið sprenging í fjölgun nemenda sem bera mikla virðingu fyrir íslenskunni og veita okkur hinum innblástur. Erlendir nemar sakna sjálfsátsins móðurmáls og vita að ekki er betra að tjá sig á néinu öðru tungumáli en því sem maður lærir fyrst. Vinsældir íslensku sem annars máls skrifast áreiðanlega á frábæra kennara og mikla fjölgun erlends vinnuafis sem finnur fljótt að það kemst ekki almennilega inn í hlutina hér nema að hafa íslensku á valdi sínu,“ segir Eva María, en rétt er að benda á vefsíðuna icelandiconline.is sem er ókeypis íslenskukennsla á netinu og hefur sannað gildi sitt eftir margra ára notkun.

„Íslenska sem annað mál er eitt vinsælasta fagið í Háskólanum og hefur orðið sprenging í fjölgun nemenda sem bera mikla virðingu fyrir íslenskunni og veita okkur hinum innblástur. Erlendir nemar sakna sjálfsátsins móðurmáls og vita að ekki er betra að tjá sig á néinu öðru tungumáli en því sem maður lærir fyrst. Vinsældir íslensku sem annars máls skrifast áreiðanlega á frábæra kennara og mikla fjölgun erlends vinnuafis sem finnur fljótt að það kemst ekki almennilega inn í hlutina hér nema að hafa íslensku á valdi sínu,“ segir Eva María, en rétt er að benda á vefsíðuna icelandiconline.is sem er ókeypis íslenskukennsla á netinu og hefur sannað gildi sitt eftir margra ára notkun.

„Íslenska er málið og ráðherranum okkar er greinilega alvara þegar kemur að þjóðtungunni. Ráðuneyti hennar undirbýr nú vitundarvakningu sem er liður í fjölbreyttum aðgerum til að styrkja stöðu íslenskunnar og ég veit að við munum heyra meira af því fljótlega.“

STÓRVIRKI ÁRSINS



Á annað þúsund óviðjafnanlegar vatnslitamyndir

Allar 467 tegundir íslensku flórunnar

Flóra Íslands fæst á sérstöku kynningarverði til áramóta



 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

Tekist á við stærstu áskorunina

Í dag verða hvatningarverðlaun viðskiptalífsins afhent í fyrsta sinn, á degi íslenskrar tungu. Markmið þeirra er m.a. að setja íslenskuna á dagskrá viðskiptalífsins eins og hvert annað hagsmunamál í rekstri fyrirtækja.

Fyrstu hvatningarverðlaun viðskiptalífsins verða afhent í dag, föstudag, á degi íslenskrar tungu. Það eru Viðskiptaráð Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð sem standa fyrir þeim en þar er verðlaunað fyrir eftirtektarverða notkun á íslenskrri tungu í viðskiptalífni.

Dómnefndina skipa Katrín Olga Jóhannesdóttir, formaður Viðskiptaráðs Íslands, Ari Páll Kristinsson, rannsóknarprófessor hjá Árnastofnun, og Hrafn Loftsson, dósent við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík. Katrín Olga segir hugmyndina hafa kviknað þegar Eva María Jónsdóttir, vef- og kynningarstjóri Árnastofnunar, kitekti í kaffi til Astu S. Fjeldsted, framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs, fyrr á árinu sem greip hugmynd hennar á lofti um að hvetja íslensk fyrirtæki til þess að standa vörð um íslenska tungu sem hluta af samfélagslegri ábyrgð sinni. „Hugmyndin þótti sérstaklega við hæfi á 100 ára fullveldisafmæli Íslands og upp úr þessu spratt hugmyndin að kalla eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna á degi íslenskrar tungu. Viðskiptaráð hafði áður átt í farsælu samstarfi við Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð, sem hefur það hlutverk að efla samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja, og gaf því augaleið að sameina þessa ólíku krafta við svo veigamikilið og þarft verkefni.“



Dómnefndin er skipuð Ara Páli Kristinssyni, rannsóknarprófessor hjá Árnastofnun, Hrafn Loftssyni, dósent við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík, og Katrínu Ölgu Jóhannesdóttur, formanni Viðskiptaráðs Íslands. Verðlaunin verða afhent í dag kl. 8.30 í Arion banka í Borgartúni í Reykjavík. MYND: SIGTRYGGUR ARI

Sett á dagskrá

Markmið verðlaunanna er að hvetja íslensk fyrirtæki til að nýta íslenska tungu á eftirtektarverðan hátt, segir Ari Páll. „Þeim er einnig ætlað að draga fram í sviðsljósið það góða starf sem fyrirtæki víðast hvar vinna í þágu íslenskunnar, en fer jafnan dult og ætti að vera öðrum fyrirtækjum til eftirbreytni. Með tilkomu verðlaunanna er íslenskan sett á dagskrá viðskiptalífsins eins og hvert annað hagsmunamál sem fellur undir samfélagslega ábyrgð og getur, ef rétt er haldið á spöðunum, orðið til jákvæðrar aðgreiningar og þar með haft í för með sér markaðs- og fjárhagslegan ávinning.“

Risastór áskorun

Fordæmalausar breytingar hafa orðið á tungumálaumhverfi smáþjóða undanfarin ár þar sem siaukin alþjóðavæðing, netið

“Þetta er stærsta áskorun sem íslensk tunga stendur frammi fyrir nú eins og mörg önnur tungumál.

og samfélagsmiðar leika stórt hlutverk, þar með talið í rekstri fyrirtækja, bætir Hrafn við. „Þetta er stærsta áskorun sem íslensk tunga stendur frammi fyrir nú eins og mörg önnur tungumál. Þau fyrirtæki sem átta sig á tungumálarfleifð okkar sem forskoti, fremur en dragbit, geta skarað fram úr.

Komandi kynslóðir eru báðaðar í tungumáli samfélagsmiðla, oft og tíðum enskra skammstafana og myllumerkja, og íslenskan getur auðvitað átt undir högg að sækja ef ekkert er að gert. Fyrirtæki á frjálsum markaði nýta alla miðla í auglýsingastarfi sínu og því er ábyrgðarhluti þeirra óneitanlega stór.“

Í þessu samhengi má einnig nefna erlenda starfsmenn, segir Hrafn, sem koma hingað til lands og standa frammi fyrir framandi tungumáli á nýjum slóðum. „Það er hlutverk fyrirtækisins að gera íslenskunám aðgengilegt og halda þannig vel utan um starfsfólk sitt sem upplifir þá síður útilokun og jafnvel jaðarsetningu byggða á tungumálaþröskuldum.“

Margar leiðir mögulegar

En hvaða skref geta íslensk fyrirtæki stigið til að nýta íslenska

tungu betur? Þau benda fyrst á örmyndbandið „Íslenska er góður bisness“ þar sem Eva María Jónsdóttir bendir á nokkur atriði. „Það má til dæmis setja gæðaislensku á oddinn í öllu efni sem kemur frá fyrirtækinu, fá prófarkalestur á útgefið efni og ráða til sín íslenskmenntað fólk. Af ódýrari kostum má nefna að setja sér málstefnu, t.d. að ákveða að móttökutungumál fyrirtækisins sé íslenska. Eins má gera þá kröfu að starfsfólk sem hefur ekki íslenskuna að móður-máli taki netnámskeið á borð við icelandiconline.com, sem er öllum opið að kostnaðarlausu.“

Eliza Reid, forsetafrú Íslands, mun afhenda hvatningarverðlaunin við hátíðlega morgunathöfn í sal Arion banka við Borgartún í Reykjavík í dag. Athöfnin stendur yfir milli kl. 8.30 og 9.30. Ókeypis er inn og býður Arion banki upp á morgunverðarveitingar.

NESTI HANDA NÝRRI KYNSLÓÐ



Ný bók eftir
Guðrúnu Nordal




„Bókin er markverð gjöf í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins.“

BJÖRN BJARNASON
MORGUNBLAÐIÐ


ÞÚ MUNT DEYJA

úr spennu við að lesa þessar nýju bækur eftir okkar fremstu höfundu




Fullt verð: 6.990 kr

TILBOÐ 4.893 kr




Fullt verð: 6.999 kr

TILBOÐ 4.899 kr




Fullt verð: 6.999 kr

TILBOÐ 4.899 kr




Fullt verð: 6.999 kr

TILBOÐ 4.899 kr



Fullt verð: 6.990 kr

TILBOÐ 4.893 kr



Fullt verð: 5.990 kr

TILBOÐ 4.193 kr

30% afsláttur af þessum titlum í eina viku



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

Nýyrðabanki opnaður í dag

Í dag verður formlega opnaður vefur helgaður nýyrðum. Vefurinn er hugsaður sem vettvangur fyrir orðasmiði landsins til að koma orðum á framfæri og fá viðbrögð og skapa umræður.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Um er að ræða nýja vefsíðu á vegum Stofnunar Arna Magnússonar þar sem fólk er hvatt til að leggja inn nýyrði og taka þátt í umræðu um þau. Um ánægjuleg tímamót er að ræða en hingað til höfum við ekki haft tækifæri til að birta einstök nýyrði. Á vefnum verður hægt að tjá skoðanir sínar á nýyrðum með því að gefa þumalinn upp eða þumalinn niður," segir Ágústa Þorbergsdóttir, málfræðingur og ritstjóri Nýyrðabankans, sem má finna á vefslóðinni nyrdr.arnastofnun.is.

Dagur íslenskrar tungu var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1996, á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Það er því vel við hæfi að opna nýyrðavef á þessum merka degi, en Jónas var einn mikilvirkasti nýyrðasmiður landsins á sínum tíma. Í tengslum við nýyrðavefinn verður kynntur afrakstur skólabarna á Höfn í Hornafirði sem hafa verið að læra að smíða ný orð.

Almenningur áhugasamur um nýyrði

Ágústa segir almenning mjög áhugasaman um íslenskt mál, ekki síst nýyrði. „Við hjá Arna-stofnun fám oft simtöl þar sem fólk segir okkur frá nýyrðum sem það hefur heyrt eða myndað sjálf. Ósjaldan er haft samband og spurt um ný orð fyrir ný fyrirbæri. Það



Trausti og Ágústa hafa unnið að smíði nýyrðabanka frá því síðla sumars. Hann verður opnaður í dag.

MYND/SIGTRYGGUR ARI

tekur tíma fyrir nýyrði að komast í umferð, sum spretta upp og lifa áfram í málinu en önnur ekki. Með nýyrðavefnum viljum við skapa vettvang fyrir fólk til að velja þeim fyrir sér. Markmiðið er að þetta verði lifandi vefur í stöðugri þróun," upplýsir Ágústa.

Þau Trausti Dagsson forritari hafa unnið saman að smíði vefsins frá því síðla sumars. „Nýyrða-

bankinn verður opinn allan sólarhringinn. Hann er farsímavænn, hann á að vera skemmtilegur og nútímalegur og mun með tímanum byggjast upp af notendum. Íslenskan er ótrúlega ríkt tungumál og finnst mér ánægjulegt að geta lagt mitt af mörkum til að gera hana enn ríkari," segir Trausti, sem vonast til að sem flestir nýti sér nýyrðavefinn og leggi inn í hann.

En hvað er nýyrði? „Nýyrði er notað um nýtt orð í íslensku. Sumir vilja skilgreina það sem nýtt orð sem er myndað úr innlendum orðhlutum. Nýyrði getur haft fleiri en eina skýringu. Oft koma ný orð um nýja hluti, svo sem hlaðvarp og snjallúr. Stundum koma ný orð inn í umræðuna sem fara á flug en detta svo niður. Má sem dæmi nefna orðið þyrilsnælda. Gæsa- og

steggiapartí eru nýyrði um samfélagslega athöfn sem var ekki til fyrir nokkrum áratugum. Íslenskan er lifandi tungumál og orðaforðinn tekur sífelldum breytingum. Ný orð bætast við málið og önnur orð hverfa," segir Ágústa.

Nýyrðabankinn er á vefslóðinni nyrdr.arnastofnun.is.

Betra að tjá sig á íslensku

Mao er fyrsti erlendi nemandinn í meistaranámi í ritlist við HÍ. Hún flytur hugvekju um móðurmál og íslenskuna sem annað mál á Café Lingua seinnipartinn í dag í tilefni af degi íslenskrar tungu.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddufreyr@frettabladid.is



Í tilefni af degi íslenskrar tungu munu nemendur og kennarar í íslensku sem annað mál ræða um gildi tungumálsins og miðla reynslu sinni með gestum á Café Lingua á Borgarbókasafninu í Grófinni. Viðburðurinn hefst klukkan 17.30.

Þar verður rætt um stöðu íslenskunnar hjá þeim sem nota tungumálið sem annað mál og Mao, pólsk kona sem hefur búið hér í 12 ár, flytur hugvekju um móðurmál og íslenskuna sem annað mál. Mao er fyrsti erlendi nemandinn í meistaranámi í ritlist við Háskóla Íslands.

„Ég flutti til Íslands til að læra íslensku, eins skringilega og það hljómar. Ég kom hingað fyrst 2004 og vann á farfuglaheimili fyrir austan í mánuð. Ég bjó með íslenskri fjölskyldu og við vorum alltaf að hlusta á morgunleikfimi og annað í útvarpinu með morgunkaffinu," segir Mao. „Ég segi alltaf að það hafi verið Halldóru Björnsdóttur, sem sér um morgunleikfiminna, að kenna, eða þakka, að ég fór að læra íslensku.

Ég var svo hrifin af hrynjandinni og framburðinum að ég fékk íslensku á heilann. Það varð til þess að ég fór og lærði íslensku í ár í Sorbonne-háskóla í Paris og flutti svo hingað.

Ég kláraði BA-námið í fyrra og svo komst ég í ritlist. Sem var sjokk," segir Mao og hlær. „Námið er mjög gefandi og skemmtilegt og það er frábært að vinna með öðrum nemendum og fá álit kennara.

Ég er mest hrifin af því hvað það er mikill náttúruorðaforði í íslensku. Það er hægt að segja svo margt með því að tala um vind eða tíðarfarar og ég nota þennan orðaforða mikið í mínum skrifum," segir Mao. „Mér finnst betra að skrifa á íslensku en pólsku og mjög gott að tjá mig á íslensku, því hún er svo beinskeytt og skýr.

Íslenska er miklu erfiðari en flest evrópsk tungumál og það eru enn hlutir sem mér finnst erfiðir, eins og að vita hvenær á að vera greinir," segir Mao. Hún heyrir samt að tungumálið vefst líka stundum fyrir innfæddum. „Já, heldur betur. Það fer mikið í taugarnar á mér þegar fólk segir „mér langar“ og notar „þú veist“ sem kommu," segir hún létt að lokum.



Mao segir að það hafi komið henni á óvart að komast inn í meistaranám í ritlist við Háskóla Íslands en hún sé mjög ánægð. Hún flytur hugvekju um um móðurmál og íslenskuna sem annað mál á Café Lingua í dag. MYND/STEFÁN



Þóra Björg Clausen, rekstrarstjóri nýmiðla Sýnar, er ánægð með samstarfið við Hopster þar sem sameiginlegur metnaður er fyrir því að stuðla að málþroska barna tveggja til sex ára. MYND/ SIGTRYGGUR ARI

Íslensk risaeðlunöfn fyrir íslensk börn

Sjónvarp Sýnar og efnisveitan Hopster tóku höndum saman til að gera barnaefni veitunnar barnvænna sem fólst meðal annars í því að íslenska nokkur risaeðlunöfn.

Málþroski barna og málvitund barna og unglinga er þeim sem bera hag íslenskunnar fyrir brjósti oft áhyggjuefni, einkum þó þegar í hlut eiga erlendar efnisveitur sem sjá börnum fyrir afþreyingarefni. Hjá Sýn sem áður var Vodafone hafa þessi málefni verið tekin föstum tökum og í samstarfi við bresku efnisveituna Hopster hefur verið ráðist í metnaðarfulla nýyrðasmíði á helsta áhugasviði margra ungra barna, risaeðlum. Þetta verkefni hlaut tilnefningu til hvatningarverðlauna viðskiptalífsins um eftirtektaverða notkun á íslenskrari tungu. Þóra Björg Clausen er rekstrarstjóri nýmiðla Sýnar.

„Hopster er efnisveita fyrir börn sem hefur verið hægt að nálgast hjá Vodafone og Sýn í svona þrjú ár,“ segir Þóra Björg um tildrög verkefnisins. „Þetta er bresk efnisveita og við höfum í samstarfi við þau þýtt allt efni sem kemur inn á efnisveituna, þar með talið appið sem fylgir með áskriftinni. Þetta hefur verið stórt verkefni sem við höfum tekið á hendur af festu og áhuga enda finnst okkur afar mikilvægt, á tímum alnetsins, að börn geti nálgast efni á góðu íslensku máli.“ Ein af þáttaröðunum sem íslenskum börnum býðst að horfa á í gegnum Hopster



Hopster efnisveitan er bæði app og sjónvarpsþættir, allt á íslensku á SÝN.

efnisveituna heitir Ég er risaeðla þar sem risaeðlur og eiginleikar þeirra eru kynntir. Hver þáttur heitir eftir þeirri risaeðlu sem verið er að fjalla um hverju sinni. „Þegar verið var að þýða þættina kom í ljós að það eru ekki til íslensk heiti yfir allar risaeðlurnar og þá þurfti þýðandinn okkar að vera skapandi og finna nöfn,“ segir Þóra. Leitað var samstarfs víða svo allt yrði sem best gert úr garði. „Við leituðum til risaeðlusérfræðings til að fá sem réttastar upplýsingar um eðli og útlit þeirra risaeðla sem um var rætt og einnig var rætt við stofnun Árna Magnússonar um hvort til væru íslensk nöfn á þessar tilteknu risaeðlur. Árnastofnun kom með

tillögur og það var ánægjuleg reynsla að nýta þessa stofnun okkar til að finna nöfn sem kannski eru ekki mikið notuð eða búa til nýyrði í íslensku máli.“

Þóra Björg segir mikla vinnu hafa farið í að íslenska Hopster. „Þetta er bresk efnisveita eins og áður sagði og þar er allt efni yfirfarið af teymi sérfræðinga, uppeldisfræðingum og sálfræðingum í Bretlandi og vottað „kidsafe“ eða barnvænt, áður en það fer í loftið,“ segir hún en efnið á veitunni er helst ætlað börnum á aldrinum tveggja til sex ára. „Þegar barnið þitt er að horfa á Hopster efni geturðu þar af leiðandi verið viss um að efnið stuðlar að góðum



Fjaðureðla og fiseðla

Hér má sjá dæmi um þau risaeðlunöfn sem þýða þurfti sérstaklega í þáttaröðinni Ég er risaeðla.

Beipiaosaurus - Fjaðureðla
Microseratus - Goggeðla
Afrovenator - Afrikurumedeðla
Jobaria - Graseðla
Bavarisaurus - Bæjaralandseðla
Elaphrosaurus - Fiseðla

þroska. Okkur fannst mikilvægt að stuðla að þroska á sem flestum sviðum og vildum taka það með í íslensku útgáfuna af efniinu að það stuðlaði að góðum málþroska.“ Hopster sýndi strax mikinn skilning og áhuga enda í stefnu fyrirtækisins að stuðla að þroska barna á sem flestum sviðum. „Metnaður Hopster til að skila góðu verki hvað varðar íslenskun á efniinu var það mikill að þeir réðu til sín íslenskan starfsmann til að sinna okkur svo það hefur allt verið lagt í að gera þetta eins vel og hægt er,“ segir Þóra og bætir við að efnisveitan breska hafi notað íslensku leiðina sem fyrirmynd í viðræðum við viðskiptavinina á öðrum málsvæðum. „Hopster er

mjög stoltur samstarfsaðili okkar og hefur fundist mjög gott að vinna með okkur,“ segir Þóra. „Þegar fyrirtækið kynnir sig fyrir aðilum sem eru að hugleða viðskipti nota þeir íslenska risaeðluverkefnið sem dæmi um hvernig samstarf gæti gengið fyrir sig.“

Hopster efnisveitan er tilnefnd til BAFTA children's award og sú verðlaunaathöfn fer fram í lok nóvember. „Þar er Hopster að keppa við alla stærstu aðilana á þessum markaði svo þarna er greinilega verið að gera mjög góða hluti,“ segir Þóra. „Við hjá Sýn erum síðan tilnefnd til hvatningarverðlauna viðskiptalífsins um eftirtektarverða notkun á íslenskrari tungu. Við erum auðvitað mjög ánægð með það og stolt af því að þessi viðleitni okkar til að styðja við málþroska barna skuli vekja athygli. Það hvetur okkur til að halda áfram á sömu braut.“

Viðskiptaráð Íslands, Stofnun Árna Magnússonar og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð kölluðu eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna viðskiptalífsins um eftirtektarverða notkun á íslenskrari tungu. Eliza Reid, forsetafrú Íslands, afhendir verðlaunin í dag.



Jónas Hallgrímsson skáld.

Nýyrði Jónasar

Sporbaugur, skjaldbaka, æðakerfi, klógulur, bringusund, fjadurmagnaður, hryggdýr, mörgæs, sundtak, haflötur, liödyr, meltingarfæri, kerfjall, haförn eru allt orð sem afmælisban dagsins Jónas Hallgrímsson (1807-1845) smíðaði á sinni stuttu ævi. Hann var ekki bara skáld heldur einnig mikilvirkur nýyrðasmíður og þýðandi. Er hann þýddi úr erlendum málum hikaði hann ekki við að búa til orð á íslensku sem hann taldi vanta í málið. Fyrir starf slíkra nýyrðasmiða þróast tungumál og eru nothæf við allar aðstæður, þó að miklar tækninýjungar ryðji sér til rúms og nýjar hugmyndir bylti þjóðfélaginu að öðru leyti. Í nútímanum er t.d. mikil þörf fyrir ný orð um nýja tækni, en hugsanlega má endurnýta eldri orð sem ekki er lengur þörf fyrir eins og orðið skjár er ágætt dæmi um.

málið.is



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í íslenskum fræðum

Þúsund ánægðir notendur daglega

Vefgáttin málið.is, sem var opnuð fyrir rétt um tveimur árum, veitir beinan aðgang að sjö gagnasöfnum um íslenskt mál og málnotkun. Hún er ókeypis og handhægt hjálparkæmi við skriftir og frágang íslensks ritmáls. Daglega fara yfir þúsund notendur inn á vefgáttina og eru uppflettingar að jafnaði um fjögur þúsund á dag. Góð stígandi hefur verið frá upphafi í fjölgun þeirra sem sækja þangað fróðleik og leiðbeiningar. Sem dæmi má nefna að þriðjudaginn 6. nóvember fóru 1.265 manns inn á málið.is og flettu upp 5.300 sinnum.

Viðtökur notenda hafa verið framar vonum. Undanfarnar þrjár vikur var gerð notendakönnun í því skyni að bæta þjónustuna enn frekar. Sem dæmi um jákvæð ummæli notenda í könnuninni má nefna: „Kraftaverkagátt.“ „Sumir segja „gúglaðu það“ en ég segi „farðu á málið.is.“ Nú er hægt að sækja málið.is-app fyrir Android-síma og app fyrir iPhone er væntanlegt. Það mun auðvelda fólki á öllum aldri að kynna betur málinu okkar allra.

ÍSLENSKA Á FERÐAÖLD


Íslensk málnefnd hefur í ár einkum beint sjónum sínum að áhrifum hins mikla erlenda ferðstraums á tungumálið en enn fremur hvaða áhrif það hefur á tungumálið að sífellt fjölga Íslendingum og íbúum á landinu sem ekki hafa tunguna að móðurmáli. Af því tilefni bar Málræktarþing í ár heitið „Íslenska á ferðaöld“ en það var haldið í Þjóðminjasafni fimmtudaginn 15. nóvember. Lilja Dógg Alfreðsdóttir menntamálaráðherra ávarpaði þingið en einnig voru flutt fimm erindi. Ólafur Stephensen, Donata Honkovicz-Bukowska, Hafdis Ingvarsdóttir, Gígja Svavarsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason tóku til máls og ræddu stöðu íslensku í þessu nýja umhverfi. Þá var kynnt ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu tungunnar árið 2018. Ályktunina má lesa á islskan.is.



Veittar voru þrjár viðurkenningar og hlutu þær Ingibjörg Hafstað fyrir frumkvöðlastarf í kennslu íslensku sem annað mál, Anh Dao Tran fyrir frumkvæði að gerð orðabókar milli vietnömsku og íslensku og Stanislaw Bartoszek fyrir frumkvæði að gerð orðabókar milli pólsku og íslensku.

HENNY HERMANNSS – VERTU STILLT! EFTIR MARGRÉTI BLÖNDAL

KONAN Á BAK VIÐ GOÐSÖGNINA



Henny Hermans lifði sannkölluðu glæsílífi í heimi

dans- og dægurmenningar en tilveran á bak við glansmynd

feegurðar og frægðar var oft sár og nöpur. Hún hefur aldrei viljað

segja sögu sína fyrr en nú – þegar hún er sjálf loksins tilbúin til að

stíga fram, opinská og einlæg!



BJARTUR

BJARTUR-VEROLD.IS

5. DESEMBER 2018

JÓLAHÁTÍÐ

FATLAÐRA

Miðvikudaginn 5. des. verður Jólahátíð fatlaðra
haldin í 36. sinn á Hilton Reykjavík Nordica kl. 19:30

Hljómsveitin Toppmenn sér um undirleik.
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts undir stjórn
Snorra Heimissonar leikur létt lög frá 18:45

Jóhannes Guðjónsson píanóleikari leikur í anddyri

HÚSÍÐ VERÐUR OPNAÐ KLUKKAN 18:30 OG DAGSKRÁ LÝKUR UM KLUKKAN 21:30



Jógvan



Laddi



Sveppi



Steindi



Ingó Veðurguð



Dagur Sigurðsson



Heiða Ólafs



Hreimur



Geir Ólafs



Eyjólfur Kristjánsson



Jói P & Króli



MC Gauti



María Ólafsdóttir



Rósa, Sigurjón
og Hrabby



Birgitta Haukdal



Páll Óskar



Sigmundur Ernir



Dagur B. Eggertsson

Kynnar: Sigmundur Ernir og Með okkar augum
Hljóðstjórn: Jón Skuggi Sviðsstjóri: Friðgeir Bergsteinnsson
Heiðursgestur: Dagur B. Eggertsson borgarstjóri
Pantið tímanlega hjá Ferðapjónustu fatlaðra

Að venju eru aðstandendur hvattir til að mæta með sínu fólki





Jacob Wrén ræðir í Mengi von listamannsins um að breyta heiminum.

Sjónlistahátíð á föstudagskvöldi

Sviðslistahátíðin Everybody's Spectacular stendur nú yfir og í kvöld verður ymislegt forvitnilegt á boðstólum. Má þar nefna sýninguna Cock, cock... who's there? sem verður sýnd í Tjarnarbiói og hefst klukkan hálf níu. Þar fer Samira Elagoz með áhorfandann í rannsóknarleiðangur sem varpar ljósi á hio tvíræða samband kynjanna, sem er svo grimmilegt og dásamlegt í senn.

Í Mengi klukkan sex verður listamaðurinn Jacob Wren, annar stofnandi listhópsins PME-ART með gjörninginn A user's guide to authenticity is a feeling, þar sem meðal annars er spurt spurningarinnar: hvernig höldum við áfram að halda í þá veiku von að veikburða samkrull listar og stjórnmála geti með einhverjum hætti breytt heiminum?

Styrmir Örn Guðmundsson verður svo í Listasafni Reykjavíkur klukkan tíu með framhald á Gjörningatið sinni en verkum Styrmis er ekki ætlað að falla í ákveðinn flokk heldur flæða milli listforma.

Everybody's spectacular er einstakur vettvangur fyrir þá sem vilja kynna sér nýjustu strauma og stefnur í sviðslistum en hátíðin stendur fram á sunnudag.

Miða má fá á tix.is og dagskrána í heild sinni á <http://www.spectacular.is/dagskr-2018>



Samira Elagoz fjallar um samskipti kynjanna á villtan og áhrifamikinn hátt í Tjarnarbiói klukkan hálf níu.



Heilbriggt hár

- Flestir vilja skarta heilbrigðu hári. Hér eru nokkur ráð til að það haldist í sem bestu standi.
1. Farðu reglulega í klippingu, jafnvel þó þú sért að safna. Klofnir endar gera það að verkum að hárið eyðist upp neðan frá, verður þurr og drusulegt. Það getur verið nóg að rétt láta narta í það til að það haldist heilbriggt.
 2. Ekki þvo það of oft. Það fer til lengdar illa með hárið og þurrkar það.
 3. Forðastu of mikið stress. Það getur valdið hártosi.
 4. Nærðu þig vel. Það byggir hárið upp frá rótum.
 5. Ekki sofa með hárið í tagli. Það getur valdið sliti.
 6. Reyndu að nota hárburrku, sléttu- eða krullujárn í hófi. Hitinn fer illa með hárið.
 7. Forðastu aflitun. Hún er hvað verst fyrir hárið.

Húsasmíði barnanna

Nú eru rétt fimm vikur til jóla og tímabært að hefja svolitinn jólaundirbúning svo hægt sé að njóta töfrastunda aðventunnar án streitu, álags og láta. Það spáir víða rigningu um helgina og því upplagt að hafa það notalegt heima, baka piparkökuhús, eða kaupa það tilbúið til samsetningar og líma saman þak og vegg í ilmandi deigi.

Að búa til piparkökuhús skapar indælar fjölskyldu-

minningar og börnum þykir mikið fjór að ná sér í efnivið til húsagerðarinnar, litríkt sælgæti og glás af glassúr og flörsykri til að skreyta fagurt húsið með glitrandi puðursnjó. Svo er vel skreytt piparkökuhús til stakrar heimilisprýði og setur skemmtilegan jólablað heimkynnin með lokkandi angan og sætindum sem biða þess að standa af sér aðventuna og vera étin upp til agna á jólum.



Fallegt piparkökuhús setur heimilið í jóla-legan búning.



Stærsta bókabúðin er á netinu!



Frí heimsending samdægurs

Allar pantanir yfir 4.900 kr. eru sendar frítt heim að dyrum... samdægurs!



Bókaljós fylgir!

Þessum bókum fylgir glæsilegt bókaljós til jóla!



HEIMKAUP.IS

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími: 550-2700

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949




TOYOTA RAV4 VX Diesel 4x4 7/2014, ekinn 57 þ.KM, leður, mjög fallegur og sparneytinn bíll, sjálfskiptur 6 girar. Ath. skipti ód. Verð 3.650.000. Rnr.289682.



HONDA Cr-V PANORAMA DIESEL. Glerþak, leður, dráttarkrökur. 9/2015, ekinn 47 þ.KM, sjálfskiptur 9 girar. Verð 4.590.000.ath. skipti ód. Rnr.152381.



TOYOTA C-hr C-ENTER 4x4. Árgerð 2018, ekinn 1 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Ath. skipti ód. Verð 4.690.000. Rnr.152363.



BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



BMW 5 525d XDRIVE diesel 4x4. Árgerð 2014, ekinn 38 þ.KM, sjálfskiptur. Frábær bíll sumar og vetrardekk í felgum Verð 4.980.000. Rnr.280163.



BMW X5 XDrive25d 4x4 diesel. Árgerð 2016, ekinn 30 þ.KM, sjálfskiptur 8 girar. Einn m/ öllu Verð 7.490.000. Rnr.152388.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

BETRIBILASALAN.IS

- FRÍ skráning - Vantar bíla á skrá -



2013 TOYOTA Auris Active. Ekinn 96.000 km, disel, 6 girar. Íslendingar elska Toyota. Rúmögður og áreiðanlegur fjölskyldubíll með dráttarkrök. Verð 1.540.000 kr. Rnr.150006.

BETRIBILASALAN.IS

- FRÍ skráning - Vantar bíla á skrá -



2103 CHEVROLET Cruze. Ekinn 122.000 km, disel, sjálfskiptur. Flottur og rúmögður bíll. Hálf leðraður, bakkmyndavél, nýr rafgeymir, nýtt í bremsum, ný smurður. Verð 1.690.000 kr. Rnr.150036.



2014 NISSAN Qashqai. Ekinn 80.000 km, disel, sjálfskiptur, bakkmyndavél, dráttarkrökur. Góður jeppi fyrir veturinn! Verð 2.390.000 kr. Rnr.150016.



2015 FORD Fusion Tengil-tvinn (Plug-in Hybrid). Ekinn 49.000 km, Bensín, sjálfskiptur. Leður, bakkmyndavél, lúxus bíll sem getur keyrt á hreinni íslensku orku. Tilboð 2.490.000 kr. Rnr.110146.

Betri bílasalan
Sími: 571 7166
www.betribilasan.is

BETRIBILAKAUP.IS

- Betri verð - Örug og góð þjónusta -



2017 Mercedes-Benz C 350e. Ekinn 18.000 km. Frábær, þægilegur og kraftmikill þýskur lúxusvagn. Verð: 4.390.000 kr.



2018 Mercedes-Benz E 350e. Ekinn 14.000 km. Stærri og vegmeiri gerð af C-bílum. Þessi er algjör kaggl! Verð: 5.990.000 kr.



2018 Mercedes-Benz GLC 350e AWD. Ekinn 5.000 km. Með flottari jeplingum sem eru í boði. Fjörhjóladrifinn! Verð: 7.590.000 kr.



2017 Mercedes-Benz CLE 500e AWD, ekinn 9þ. km. Einn af flottustu Benzum sem völ er á. Fjörhjóladrifinn jeppi fyrir íslenskar aðstæður. Verð: 9.390.000 kr.

Betri bílakaup ehf.
Sími: 511 2777
www.betribilakaup.is

Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíll og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.

Silfri ehf | S. 894 9690 | silfrieihf.is

Tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Lagning stofnæðar hitaveitu frá Hoffelli að Höfn, Hornafirði

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skiplag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 17. desember 2018.



Auglýsing um skipulagstillögur við Naustahvílt í Ísafjarðarbæ

Þæjarsjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 1. nóvember s.l. að breytingartillaga á aðalskiplagi Ísafjarðarbæjar dags. okt. 2018 verði auglýst skv. 1. mgr. 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og deiliskiplagstillaga og greinargerð frá Alta frá því í október 2018 auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skiplagssvæðið er vinsæl gönguleið frá þjóðvegnum, Djúpvégi (61), upp í Naustahvílt um Kirkjubólshlíð. Deiliskiplagstillagan felur í sér í að byggja svæðið upp sem góðan áfangastað, auka öryggi og vernda náttúru.

Samhliða tillögu að deiliskiplagi er lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskiplagi Ísafjarðarbæjar 2008-2028. Í tillögunni er aukið við umfjöllun um Naustahvílt í greinargerð aðalskiplagsins og stefnu um landnotkun breytt í útivistarsvæði. Umrædd breyting á aðalskiplagi nær til sveitarfélagsuppdráttar sunnan Djúps og greinargerðar aðalskiplagsins.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofunum að Hafnarstræti 1 frá og með mánudeginum 19. nóvember nk. til þriðjuddagsins 1. janúar 2017 og hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Tillögurnar er einnig til sýnis á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillögurnar til og með fimmtudagsins 3. janúar 2019. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1.

Skiplagstulltrúi Ísafjarðarbæjar

Tilkynningar

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2018, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2018 og önnur gjaldfallin á lögdum gjöld og ógreiddar hákkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2018, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnuefirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skatttrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útrvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldaraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaefirlitarkæmi, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athugi skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Pá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2018

Tollstjóri	Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Vestfirðjum	Sýslumaðurinn á Austurlandi	Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

Þjónusta

Pípulagnir

Pípulagnarmeistarar getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - þrif eftir iónaðarmenn þvegillinn. í s. Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Óll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Alhliða málningaráþjónusta löggilttra fagmanna. malarar@sinnet.is Sími 891 9890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytjais.flytja@flytja.is

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025 Tilboð dyrasímaakerfi, mynddyrasímar, töfluskípti. Löggildur rafverktafi. rafneisti@sinnet.is

Keypt & Selt

Til sölu



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhófa 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Til sölu 12 volta leiðskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíó virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verstu okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstaðu upplifun fyrir þér, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bill með allt að 9 m loft hæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veittir Sverrir í s. 661 7000

Einstaklingsíbúð á Langholti til leigu. Laus strax. S. 888-2171

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að gevma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S. 564-6500

Atvinna

Atvinna óskast

STARFSMENN til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS Starfsmannaþjónusta 551 5000 proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík www.proventus.is

CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnáman

HEPPNI Í KEPPNI

Gullnáman

GLÆSILEGUR SPILASALUR

Komdu og freistaðu gæfunnar!

LIFANDI TÓNLIST

TRAP

Spilar fyrir dansi

FÓSTUDAG & LAUGARDAG

FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19

FRÁBÆR HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

SÍMI 554 2166

HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGS

WWW.CATALINA.IS

Atvinnuauglýsingar | Job.is

Fjármála- og efnahagsráðuneytið - LEIÐANDI SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI UMBÓTAMÁLA

Starfið felur í sér að vera leiðandi í umbótateymi og gegna forystu á sviði umbóta í starfi og þjónustu ríkisins, hagfræðingar í ríkisrekstri og þróun stjórnumaraðferða.

Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10592

Fjármála- og efnahagsráðuneytið - SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI FRAMKVÆMDA- OG FASTEIGNAMÁLA

Starfið felur í sér virka þátttöku í breytingum sem eru framundan á eignaumsýslu ríkisins auk vaxandi umfangs framkvæmda ríkisins.

Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10593

Mýrdalshreppur - Skrifstofustjóri

Mýrdalshreppur óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf skrifstofustjóra. Starfið er mjög margþætt og krefst því góðrar færni á ýmsum sviðum. Húsnæðishlunnindi fylgja starfinu.

Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10589

Matorka - Starfsmenn og verkstjóri í fiskeldi

Matorka óskar eftir að ráða almenna starfsmenn og verkstjóra í fiskeldi. Viðkomandi aðilar þurfa að hafa þekkingu og/eða mikinn áhuga á fiskeldi og löngun til að starfa á því sviði. Staðsetning Matorku er í Grindavík. Búseta á svæðinu er skiljleg.

Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10555

Fjármála- og efnahagsráðuneytið - HAGFRÆÐINGUR

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að metnaðarfullum og framsæknum hagfræðingum til að sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði efnahagsmála. Starfið felur í sér stefnumörkun, ráðgjöf og greiningar. Um er að ræða nýtt starf á skrifstofu efnahagsmála.

Upplýsingar veita:

Aldís Stefánsdóttir í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, aldis@fjr.is Inga S. Arnardóttir hjá Hagvangi, inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember 2018. Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Landhelgisgæsla Íslands leitar - Sérfræðingur á rekstrarsviði

Landhelgisgæsla Íslands leitar að áhuga sömum einstaklingi til að slást í samhent teymi Gæslunnar. Viðkomandi þarf að vera traustur, með ríka þjónustulund og geta tekist á við krefjandi verkefni.

Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember 2018. Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Starfsgreinasamband Íslands - Framkvæmdastjóri

Starfsgreinasamband Íslands óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf framkvæmdastjóra. Um er að ræða afar fjölbreytt og krefjandi starf.

Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10496

Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

Tveir landsliðsmenn komnir aftur heim

KÓRFUBOLTI KR og Njarðvík barst mikill liðsstyrkur á lokadegi félagaskiptaguggans í gær. Landsliðsmennirnir Kristófer Acox og Elvar Már Friðriksson eru komnir heim eftir stutt stopp hjá franska B-deildarliðinu Denain Voltaire.

Kristófer lék síðustu leiki tímabilsins 2016-17 með KR og svo allt síðasta tímabil. Hann varð Íslandsmeistari í bæði skiptin. Kristófer var valinn leikmaður og varnarmaður ársins í Domino's-deildinni í fyrria auk þess sem hann var valinn besti leikmaður úrslitakeppninnar.

Kristófer skilaði 16,6 stigum og 10,1 frákasti að meðaltali í leik á síðasta tímabili. Skotnýting hans var 62,9%.

KR fékk einnig Finn Atla Magnússon sem er fluttur heim frá Ungverjalandi

ásamt unnustu sinni, Helenu Sverrisdóttur. Finnur Atli er uppalinn hjá KR og varð Íslands- og bikarmeistari með liðinu 2011 og 2016. Finnur Atli lék með Haukum 2015-18.

Elvar lék síðast með Njarðvík tímabilið 2013-14 ef frá eru taldir tveir leikir í mars 2015. Elvar var fjögur ár í bandaríska háskólaboltanum; eitt með LIU Brooklyn og þrjú með Barry þar sem hann átti afar góðu gengi að fagna.

Síðasta tímabilið sem Elvar lék hér á landi var hann með 20,8 stig, 4,3 fráköst og 7,3 stoðsendingar að meðaltali í leik.

Elvar gæti leikið með Njarðvík þegar liðið mætir Grindavík í 7. umferð Domino's-deildarinnar í kvöld. – íþs



TINDUR

FÆST NÚ Í SNEIÐUM



SONIC VIBRATION TANNBURSTI

Gefur auka kraft í daglega umhirðu tannanna



Nýtt Batterísdryfinn tannbursti með einstakri hreinsunartækni

- Fín burstahárin hreinsa betur án þess að valda ertingu
- Þægilegur titringur veitir djúpa en blíða hreinsun
- Burstahaus og rafhlöðu má skipta út eftir þörfu
- Einstök hönnun á loki fyrir burstahausinn

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Rannsóknir sýna að fínu burstahárin á þessum rafmangstannbursta fjarlægja allt að 50% meira af óhreindum milli tannanna og hreinsa allt að helmingi dýpra undir tannholdsbrúnina.

TÍMAMÓT



Okkar elskulega systir,
Sigríður Bjarnadóttir
Kettingevej 70, Danmörku,
er látin.
Útför hennar hefur farið fram.

Jón Bjarnason
Þurður J. Bjarnadóttir



Ástkær sonur okkar,
bróðir, mágur og frændi,
Heimir Jakob Þorfinnsson
f. 7. febrúar 1975,

varð bráðkvaddur 28. október 2018.
Jarðarförin hefur farið fram.
Ástvinir þakka auðsýnda samúð
og vinarhug.

Kristín Karólína Jakobsdóttir Þorfinnur Júlíusson
Anna Rósa Þorfinnsdóttir
Júlíus Þorfinnsson Þórunn Ásdis Óskarsdóttir
og frændsystkini.



Elskuleg systir okkar,
Aðalbjörg Baldursdóttir
frá Grytubakka I,

lést á öldrunarheimilinu
Lögmannshlíð 6. nóvember. Útför
hennar fer fram frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 19. nóvember kl. 13.30.

Hjartans þakkir til starfsfólks á Lögmannshlíð fyrir
hlýja og góða umönnun.

Sigríður, Margrét, Jónas, Bryndis,
Ari, Guðmundur og fjölskyldur.



Elskuleg eiginkona, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
Sólrún Þórarinsdóttir
bóndi á Hálsi í Kjós og
húsmóðir í Baulubrekku,

lést 6. nóvember á Landspítalanum.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Jón Gislaun

Kristín Jónsdóttir Henry Christer Eriksson
Ingibjörg Jónsdóttir Axel Jóhannsson
Þórarinn Jónsson Lisa Boije af Gennaes
barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Magnea Kristín
Sigurðardóttir**
Grænumörk 5, Selfossi,

lést á Fosshæimum sunnudaginn
11. nóvember. Útförin fer fram
frá Selfosskirkju miðvikuðaginn
21. nóvember kl. 14.00.

Sigríður Ólafsdóttir Sigurður Á. Þorsteinsson
Ólóf Ólafsdóttir Skúli Einarsson
Guðveig Bergsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Bróðir okkar,
Agnar Traustason
frá Hörgshóli,

andaðist á Sjúkrahúsinu á
Hvammstanga 11. nóvember. Útförin
fer fram frá Breiðabólstaðarkirkju í
Vesturhópi föstudaginn 23. nóvember
kl. 14.00.

Björn Traustason Þorkell Traustason
Þráinn Traustason Guðbjörg Traustadóttir
Hörður Traustason



„Það sem er gaman við að hugsa svona um breyskleika er að þannig kemst maður svo nálægt manningnum,“ segir Páll. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Öll erum við jú breysk

Dálítið sérstök samkoma verður haldin um heilsufar og hina hlið Jónasar Hallgrímssonar skálds á morgun, laugardaginn 17. nóvember, í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu.

Þetta eru bara hugleiðingar um breyskleika. Ég ætla að leyfa mér að hugsa upphátt,“ segir Páll Valsson rithöfundur um væntanlegt erindi sitt á málþingi um Jónas Hallgrímsson. Þingið verður haldið þann 17. nóvember klukkan 10 í Þjóðmenningarhúsinu, daginn eftir að 211 ár verða liðin frá fæðingu Þjóðskáldsins. Þingið er haldið að tilhlutan Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar. Ætlunin er að taka til umfjöllunar líf, ástamál, drykkju og dauðdaga Jónasar og velta fyrir sér tíðaranda 19. aldar. Helstu sérfræðingar landsins í lífi og verkum Jónasar mæta til leiks. Þar er Páll fremstur meðal jafningja, enda skrifaði hann ævisögu skáldsins sem kunnugt er.

„Eftir dauða sinn var Jónas nánast tekinn í dýrlingatölu en var umdeildur í lifanda lífi. Öll erum við jú breysk, það gildir líka um Þjóðskáld,“ bendir Páll á. Hann kveðst ætla að velta fyrir sér hverjir hafi verið helstu lestin Jónasar og hvernig þeir hafi birst. Hvort það geti verið að þeir hafi nýst honum í

skáldskap en kannski komið niður á einhverju öðru. „Þetta verða svona hugleiðingar um manning Jónas,“ segir hann. „Ég lofa engu um niðurstöður. En það sem er gaman við það að hugsa svona um breyskleika er að þannig kemst maður svo nálægt manningnum.“

Páll kveðst ekki ætla að segja að Jónas hafi verið gallagripur en hann hafi haft sína veikleika, eins og við öll. „Ég get sagt að hann var vinnheigður, það er ekkert launungarmál. Fólki hættir til að setja menn á stall af því að það elskar verkin þeirra, það á við um listamenn sem hafa skapað ódauðleg verk. Sagt er að Picasso hafi verið óþolandi leiðinlegur – en því líkur listamaður.“

Páll kveðst telja að Jónas hafi verið mjög óhamingjusamur á köflum en hafi átt sínar góðu stundir. „Hann naut heldur ekki þess dálætis í lifanda lífi sem fólk fékk á honum síðar og kvartar undan vanþakklæti Þjóðarinnar. „Það vill enginn hirða verkin mín,“ segir hann á einum stað í bréfi. „Þú lastið allt sem ég geri.“ Það átti heldur betur eftir að snúast við.“ gun@frettabladid.is

Dagskrá þingsins

Drykkjuskapur skálda og rómantík á 19. öld

Torfi Tulinius, prófessor í íslenskum miðaldrafræðum

Breyskleikar Jónasar
Páll Valsson, rithöfundur og höfundur ævisögu Jónasar

Ástamál Jónasar
Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum nútímabókmenntum

Kaffi frá fröken Júlíu í boði félagsins

Dauði Jónasar
Óttar Guðmundsson, geðlæknir

Bein Jónasar
Jón Karl Helgason, prófessor í íslensku

Fundarstjóri Jón Jóhannes Jónsson, yfirlæknir erfða- og sameindalæknisfræðideildar LSH



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi,
langafi og samblylismaður,

Gissur Jensen
mjólkurfræðingur,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands,
Selfossi, þriðjudaginn 13. nóvember
sl. Útförin fer fram frá Selfosskirkju
þriðjudaginn 20. nóvember kl. 14.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vildu minnst hans er bent á Alzheimersamtökin.

Stefán Róbert Gissurarson Sigrún Sigurðardóttir
Axel Róbert Gissurarson Andrea Ingundardóttir
barnabörn, barnabarnabörn og Berglind Einarssdóttir



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar Sveinbjörn Jónsson
hússamiðameistari,

sem lést á Ísafold Hrafnistu í Garðabæ
þann 27. október, verður jarðsunninn
frá Víðalínskirkju í Garðabæ
mánudaginn 19. nóvember kl. 15.

Sara Gunnarsdóttir Þorkell Jóhannsson
Bergur Gunnarsson Hrönn Arnarsdóttir
Ólóf Gunnarsdóttir Ragnar Þór Jörgensen
Auður Gunnarsdóttir Gunnar Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn.




Opel Crossland X
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt
EURO NCAP.

OPEL CROSSLAND X

FRAMÚRSKARANDI BÍLL Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI

Við eigum ennþá nokkur eintök af beinskiptum Opel Crossland X Enjoy á þessu ótrúlega verði. Opel Crossland X kemur þér hvert á land sem er, allt í senn rúmgóður, sparsamur og þægilegur.



Crossland X Enjoy
Verð: 3.190.000 kr.

Tilboðsverð
2.890.000 kr.



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel Crossland X og bókaðu
reynsluakstur á crossland.opel.is

Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330


Opunartímar
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Bíllit
Benna

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Gengur í suðaustan hvasuviðri eða storm með rigningu. Hríðarveður til fjalla á Vestfjörðum í kvöld. Lignara og þurr á NA-verðu landinu. Hiti nálægt frostmarki viðast hvar en hlýnar er liður á daginn, mildast við ströndina SV-lands.



Laugardagur



LÉTT

	5		3					1
		3	6	1		2	9	
7			8					
4		7				6		
3			4				1	
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
		4						

MIDLUNGS

			8	4				
3				5			9	
	7	8	9					5
		9	2			6	1	
		3					2	7
	1			7	9	4		
		7	1			3	8	
			3	9				6
				8	1			

ÞUNG

			5			6	7		
1	2	9		7				8	
									9
		3						4	
		6					9	5	
8	7		1			3			
	4		2	9			6		
9		1	5						4
									8

Krossgáta

LÁRÉTT

- kæna
- kk nafn
- strit
- þjóðhöfðingi
- tveir eins
- jafnvel
- ástúð
- ókeypis
- þarma

LÓDRÉTT


- afturkippur
- ármynni
- málmur
- blómi
- ferhyrningur
- framkvæmdir
- kolla
- móðurlíf
- tveir eins

1	2	3	4						
5				6	7				
8				9					
10				11					
				12					
13	14								
15							16		
	17								

LÁRÉTT: 1. báklaug, 2. áros, 3. tít, 4. randa, 7. trefpis, 9. gerðir, 12. hvíta, 14. leg, 16. inn. LÓDRÉTT: 1. baklaug, 2. áros, 3. tít, 4. randa, 7. trefpis, 9. gerðir, 12. hvíta, 14. leg, 16. inn.

Skák Gunnar Björnsson

Magnús Carlsen (2.835) fann skemmtilegt framhald gegn Fabiano Caruana (2.832) í fimmtu skák heimsmeistaræinvígis þeirra í gær.



Svartur á leik

13. ... Da5! 14. cxd6 Be6
15. Dc7 Dxc7 16. dxc7 Rc6.
Magnús fékk auðtefldari stöðu en Fabiano var vandanum vaxinn og jafntefli samið eftir 35 leiki. Enn er það svartur sem fær betra tafl. Staðan í einvíginu er 2½-2½. Sjötta skákin verður teft í dag.
www.skak.is: Allt um HM-einvígið.

7	6	9	4	3	1	5	8	2
3	8	5	9	2	6	1	4	7
1	4	2	5	7	8	6	9	3
4	1	6	2	5	7	8	3	9
8	5	7	1	9	3	2	6	4
9	2	3	6	8	4	7	5	1
2	3	8	7	4	5	9	1	6
5	7	1	3	6	9	4	2	8
6	9	4	8	1	2	3	7	5
7	6	3	8	1	4	9	2	5
8	9	5	7	2	6	4	1	3
4	1	2	9	3	5	6	7	8
3	4	9	6	7	2	5	8	1
1	5	7	3	4	8	2	6	9
2	8	6	5	9	1	3	4	7
5	2	8	1	6	3	7	9	4
6	7	1	4	5	9	8	3	2
9	3	4	2	8	7	1	5	6
5	8	1	4	7	6	2	9	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niu reita línu, bæði lárétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgian



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

Heillaður af mannskepnunni

Leikarinn **John Rhys-Davies** sem lék dverginn Gimli í Lord of the Rings, er staddur á Íslandi og leikur í nýrri íslenskrí kvikmynd. Hann segir frá hugðarefnum sínum og bransanum.



Sósíalistar í sjávarþorpi

Í eina tíð var Neskaupstaður kallaður Litla-Moskva. Leikstjórinn **Grimur Hákonarson** komst að ýmsu forvitnilegu um líf sósíalista í sjávarþorpinu.

Súr Íslandssaga

Sif Sigmarsdóttir rithöfundur og **Halldór Baldursson** teiknari segja Íslandssöguna á frumlegan hátt með húmorinn að vopni í nýrri bók fyrir ungt fólk.

Beinagrindur og njósningar

Þórdís Gísladóttir gaf út sína fyrstu bók 45 ára og hefur átt farsælan feril síðan. Hún ræðir um ráðgætur sem leynast í nýrri skáldsögu.



% 8.535

% 1.3323


% 8.535

MARKADURINN.IS

NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ

% 1.3323

% 8.535



% 9.42

% 8.535

535

- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
 - GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIÐLA
 - ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
 - HVÆÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ



„Ég var á kafi í þessum akademíska heimi í Uppsölum en flutti heim til Íslands stuttu fyrir hrun og hef sáralítið gert á því sviði síðan ég kom heim,“ segir Þórhallur. Áður en hann flutti til Svíþjóðar stundaði hann nám við Myndlista- og handiðaskólann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ein af þekktustu teikningum Þórhalls er af konu í gróf frá vikingaöld. „Það er ljóst að þessi kona hefur haft mikilvæga stöðu í sínu samfélagi að hún skyldi hljóta svona legstað,“ segir hann.

Reiknaði ekki með að teikningarnar mínar yrðu svona vel metnar

Þórhallur Þráinsson, fornleifafræðingur og teiknari, tók nýlega við heiðursverðlaunum hinnar konunglegu Gustavs Adolf Akademíu í Uppsölum, á sviði þjóðmenningar. Athöfnin var í höll borgarinnar.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Fornleifafræðingurinn Þórhallur Þráinsson lætur ekki mikið yfir sér þó nýkominn sé heim frá Svíþjóð frá því að taka við heiðursverðlaunum konunglegrar akademíu fyrir fornaldarteikningar sínar. Hann segir tilkynningu um að hann væri meðal heiðursverðlaunahafa svo sannarlega hafa komið honum á óvart. „Í þessum geira er nú yfirleitt ekki verið að verðlauna teiknara, frekar fyrir skrif á fræðilega sviðinu. Reyndar eru þetta fræðilegar teikningar sem ég hef gert en ég bjóst alls ekki við þessu.“

Gustavs Adolf Akademíen för svensk folkkultur er ein af mörgum akademíum í Svíþjóð, að sögn Þórhalls. „Hún veitir til dæmis verðlaun innan fornleifafræði, norræna fræða og þjóðfræði,“ útskýrir hann og segir Íslendinga vera meðal með-

lima hennar. „Þau Gisli Sigurðsson, íslenskufræðingur við háskólann, og Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar, voru viðstödd athöfnina núna.“

Ég bið hann að byrja á að lýsa verðlaunahátíðinni og segja mér svo lítið eitt frá sjálfum sér.

„Athöfnin var haldin í höllinni í Uppsölum, í rikissalnum. Á íslenskum mælikvarða var allt voða formlegt og hátíðlegt. Það er reyndar þannig við svona forna háskóla. Einn Norðmaður klæddist þjóðbúningi, annars voru karlmenn í kjölfötum og konurnar í siðkjólum.“

Höllin stendur á áberandi stað, að sögn Þórhalls. Hann segir hana upp-haflega hafa verið byggð um miðja 16. öld, í tíð Gustavs Vasa, svo hafi hún brunnið en verið endurreist. „Uppsalslott er ekki konungleg höll heldur hefur landsþingið þar aðsetur og hún er mikið notuð fyrir veislur.“

Þórhallur er fornleifafræðingur. Hann kveðst hafa lært þau fræði úti í Uppsölum, þar hafi hann búið í tólf ár og þekki sig því vel. „Ég var í raun

ad elta konuna mína. Sif Ormarsdóttir, þangað út upphaflega, hún var að fara í framhaldsnám í læknisfræði. Ég vann svo meðal annars á háskólasafninu þar og við að teikna skýringarmyndir í bækur og á sýningar í sambandi við fornleifafræðina. Þetta eru ýmiss konar myndir en flestar eru þær tengdar norrænni fornöld og vikingaöldinni.“

Þegar ég spyr Þórhall hvar hægt sé að skoða myndir hans svarar hann fremur kærleysislega. „Ég hef voða litla yfirsýn yfir þær, hef selt höfundarréttinn að mörgum þeirra og svo bara reikist á þær af tilviljun. Ég reiknaði ekkert með því að þær yrðu svona vel metnar og færur svona víða en það gerir ekkert til.“

Áður en Þórhallur flutti til Svíþjóðar kveðst hann hafa stundað nám í Myndlista- og handiðaskólann, í málaradeild. Síðan hafi það verið atvinna hans, öðrum þræði, að teikna.

„Ég var á kafi í þessum akademíska heimi í Uppsölum en flutti heim til Íslands stuttu fyrir hrun og

hef sáralítið gert á því sviði síðan ég kom heim. Reyndar kenndi ég forsögu Norðurlanda á námskeiði í Háskóla Íslands og var formaður fornminjanefndar um nokkurt skeið. Jú, eitthvað hef ég teiknað en það er ekki mikið. Reyndar hef ég dálítið unnið við bíomýndir, séð um leikmuni og fleira. Eins var ég í nokkur ár að vinna fyrir tölvuleikjaframleiðandann CCP en það verkefni var endasleppt, það var vampiruleikur sem því miður varð ekki neitt úr.“

Spurningu hvort það hafi verið eitthvert sérstakt verk sem hann var heiðraður fyrir í Uppsölum svarar Þórhallur svo:

„Nei, þetta var nú almennt orðað. Ég hef unnið dálítið fyrir fornleifafræðinginn Neil S. Price og þær teikningar sem ég hef gert fyrir hann hafa fengið nokkra útbreiðslu. Ég hef oft teiknað myndir af fólki í kumlum. Sérstaklega er ein slík teikning þekktari en aðrar, þó hún sé kannski ekki mín besta. Hún er af gróf í Birka, vikingabæ á Björkö,

frá 9. eða 10 öld. Ég gerði hana fyrir nokkrum árum. Vikingaaldargrafi í Svíþjóð eru flestar frekar fatæklegar og undir litlum haugum en þarna í Birka voru sérstæðar grafir, djúpar ferkantaðar og stórar grafir, svokallaðar klefagrafir og víða hefur fólk verið látið sitja í þeim. Þekktasta grófin þarna var stríðsmannsgrof með austurlenskum stíl, merkt Bj 581 og um hana hefur verið talsvert fjallað. Beinfræðilegar rannsóknir árið 2014 sýndu að í grófinni væri kona en ekki karl og það staðfestu DNA-rannsóknir í fyrra. Sú niðurstaða flaug um allan fræðiheimum og sumir voru alls ekki sáttir við að þessi frægi stríðsmaður væri kona.

Ég ákvað að teikna þessa konu en ímyndaði mér aldrei að myndin hlýti jafn mikla eftirtekt og raun varð á. Það er ljóst að þessi kona hefur haft mikilvæga stöðu í sínu samfélagi að hún skyldi hljóta svona legstað. Það þarf ekki að þýða að hún hafi verið fimasti stríðsmaðurinn, heldur getur þetta allt eins verið merki um tign hennar.“

Saga kraumandi af snilld

ÞÆKUR

Sextíu kíló af sólskin



Hallgrímur Helgason

Útgefandi: JPV/Forlagið
Fjöldi síða: 461

Í Sextíu kílóum af sólskin, nýjasta skáldverki Hallgríms Helgasonar, kraumar sjórinn af síld. Þannig byltast nýir timar inn í íslenskt samfélag eins og óstöðvandi síldartorfa. Samskonar ölga af frásagnargleði, fróðleik og leifturmyndum fortíðar kraumar í sögunni sjálfri.

Þessi bók er einhvern veginn sambland af Heimsljósi og Sjálfstæðu folki með ívafi af Sólku Völku, jafnvel Fjallkirkju Gunnars Gunnarssonar. Stórfengleg örlagasaga á tímum þegar þjóðin er að stiga út úr torfkofunum til móts við nýja öld, í umbrotum atvinnubyltingar og breyttra lífshátta. Þjóðarsaga spegluð í lífi nokkurra sögupersóna, einkum drengsins Gests sem við kynnumst á fyrstu blaðsíðum bókarinnar, þar sem hann lifir af snjófargið sem hefur brotið bæ foreldranna. Þar finnst hann undir kvíð kyrrinnar sem nærir hann af gnótt sinni, líkt og úlfynjan Remulus (já eða tikin Ástu Söllilju í Sjálfstæðu folki). „Glögg er gests augað“ segir máltekið, og hver veit nema höfundur hafi hugsað til þess þegar hann valdi sögupersónu sinni nafn og hlutverk. Gestir fylgjum við gegnum söguna, hann er nokkurs konar sjöngler og leiðsögumaður um refilstigu hennar, einkum þegar liður á.

leiðis ásamt frumlegum nýsmíðum orða, orðskviða og máltækja. Innan um má sumstaðar sjá tilvísanir í bókmenntaperlur og aðra eðalhöfunda, líkt og verið sé að senda kveðju á öldum skáldvakans – gegnum tíma og rúm – þakka fyrir lánið eða gjöfina.

Sumstaðar er farið að ystu mörkum þess mögulega með ýkjukennndum stíl og töfraraunsæi í anda suðuramerískra höfunda á borð við Garcia Marquez og Allende. Aldrei

er þó farið lengra en svo að alltaf fylgir lesandinn framvindunni, eins og dreginn áfram af duldom þræði sem kastar honum milli hláturs og gráts. Höfundur leikur á alla tilfinningastrengi með því að tefla saman andstæðum af öllu mögulegu tagi. Segja má að sagan sé einn samfelldur átakaóxull þar sem persónum líkt og lesendum er varpað milli gleði og sorgar, fegurðar og ljótleika, ástar og haturs, óhugnaðar og unaðar, lífs og dauða



Hallgrímur Helgason rithöfundur.

af því líkri snilld að því er vandlýst. Eins og öll snilldarverk visar þessi saga bæði inn og út. Hún er vissulega aldarspjall horfinnar tíðar, samt er hún tímalaus. Allra alda mannfélags- og sálardeigla sem ölgar og kraumar, líkt og fjórður fullur af síld.


Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

NIÐURSTAÐA: Bókin er meistaraverk.

GLÆPIR Í FÓKUS

Frábærir Forlagshöfundar á glæpasagnahátíðinni *Iceland Noir* 16.-18. nóvember.




Kynnið ykkur dagskrána á icelandnoir.is



Síglufjórður er augljóslega fyrirmyndin að sögu sviði bókarinnar. Staðhættir og persónur koma kunnuglega fyrir sjónir, sérstaklega þjóðlagasafnarinn og presturinn á staðnum sem spunninn er úr þeim nafnþekktu manni Bjarna Þorsteinsyni. Allar eiga sögupersónurnar sér fyrirmyndir, ef ekki í þekktum einstaklingum þá í þjóðinni sjálfri eins og hún hefur birst okkur í sögum, kvæðum og endurminningum um aldir. Sú fátæka þjóð hefur dregið fram líf sitt á mörkum hins byggilega heims, borin í skaffi og að skaffi öld eftir öld.

Hallgrímur Helgason (f. 1959) hefur bæði notið og verið útnefndur til viðurkenninga fyrir verk sín. Hann hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin 2001 fyrir Höfund Íslands og hefur tvívegis verið tilnefndur til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir bækur sínar 101 Reykjavík og Rokland. Sú bók sem hér er til umfjöllunar tekur öllum hans fyrri verkum fram.

Frásagnarháttur sögunnar einkennist af orðsnilld og mælsku – svo mikilli að á köflum verður lesandinum nóg um. En stillinn er leiftrandi og litríkur og hin skáldlega orðgnótt svo skapandi að lesturinn verður hreinasta nautil. Persónulýsingar eru margar óborganlegar, náttúru- og mannlífslýsingar sömu-



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

Borgareikihúsið

568 8000 • borgarleikhus.is

Elly

Stóra sviðið

Lau 17.11.	Kl. 20:00	Fös 23.11.	Kl. 20:00	Lau 01.12.	Kl. 20:00	Fös 07.12.	Kl. 20:00
Sun 18.11.	Kl. 20:00	Sun 25.11.	Kl. 20:00	Sun 02.12.	Kl. 20:00	Sun 30.12.	Kl. 15:00
Fim 22.11.	Kl. 20:00	Fim 29.11.	Kl. 20:00	Fim 06.12.	Kl. 20:00	Sun 30.12.	Kl. 20:00

Allt sem er frábært

Litla sviðið

Lau 10.11.	Kl. 20:00	Fös 23.11.	Kl. 20:00	Fös 08.12.	Kl. 20:00
Lau 17.11.	Kl. 20:00	Fös 30.11.	Kl. 20:00		

Kvenfólk

Nýja sviðið

Fim 22.11.	Kl. 20:00	Lau 01.12.	Kl. 20:00	Sun 16.12.	Kl. 20:00	Sun 30.12.	Kl. 20:00
Fös 23.11.	Kl. 20:00	Fös 07.12.	Kl. 20:00	Fim 20.12.	Kl. 20:00	Sun 06.01.	Kl. 20:00
Lau 24.11.	Kl. 20:00	Lau 08.12.	Kl. 20:00	Fös 21.12.	Kl. 20:00	Fös 11.01.	Kl. 20:00
Sun 25.11.	Kl. 20:00	Fim 13.12.	Kl. 20:00	Fös 28.12.	Kl. 20:00		
Fös 30.11.	Kl. 20:00	Fös 14.12.	Kl. 20:00	Lau 29.12.	Kl. 20:00		

Tvískinnungur

Litla sviðið

Sun 18.11.	Kl. 20:00	Fim 22.11.	Kl. 20:00	Sun 25.11.	Kl. 20:00	Lau 01.12.	Kl. 20:00
------------	-----------	------------	-----------	------------	-----------	------------	-----------

Jólaflækja

Litla sviðið

Lau 24.11.	Kl. 13:00	Lau 01.12.	Kl. 13:00	Lau 08.12.	Kl. 13:00
Sun 25.11.	Kl. 13:00	Sun 02.12.	Kl. 13:00	Sun 09.12.	Kl. 13:00

Rocky Horror

Stóra sviðið

Fös 16.11.	Kl. 20:00	Fös 30.11.	Kl. 20:00	Fös 14.12.	Kl. 20:00
Lau 24.11.	Kl. 20:00	Lau 08.12.	Kl. 20:00		

Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is

Ronja Ræningjadóttir

Stóra sviðið

Sun. 11.11.	kl. 13:00	Lau. 01.12.	kl. 14:00	Sun. 30.12.	kl. 16:00	Sun. 03.02.	kl. 13:00
Sun. 11.11.	kl. 16:00	Lau. 01.12.	kl. 14:00	Sun. 06.01.	kl. 13:00	Sun. 03.02.	kl. 16:00
Lau 17.11.	kl. 14:00	Sun 02.12.	kl. 14:00	Sun. 06.01.	kl. 16:00	Sun. 10.02.	kl. 13:00
Lau 17.11.	kl. 17:00	Sun 02.12.	kl. 17:00	Sun. 13.01.	kl. 13:00	Sun. 10.02.	kl. 16:00
Sun. 18.11.	kl. 16:00	Sun 09.12.	kl. 14:00	Sun. 13.01.	kl. 16:00	Sun. 17.02.	kl. 13:00
Sun. 18.11.	kl. 13:00	Sun 09.12.	kl. 17:00	Sun. 20.01.	kl. 13:00	Sun. 17.02.	kl. 16:00
Lau 24.11.	kl. 15:00	Lau 29.12.	kl. 13:00	Sun. 20.01.	kl. 16:00	Sun. 24.02.	kl. 13:00
Sun. 25.11.	kl. 14:00	Lau 29.12.	kl. 16:00	Sun. 27.01.	kl. 13:00	Sun. 24.02.	kl. 16:00
Sun. 25.11.	kl. 17:00	Sun. 30.12.	kl. 13:00	Sun. 27.01.	kl. 16:00		

Samþykki

Stóra sviðið

Fös 16.11.	kl. 19:30	Fim 29.11.	kl. 19:30	Fös 07.12.	kl. 19:30
Fös 23.11.	kl. 19:30	Fös 30.11.	kl. 19:30		

Leitin að jólnum

Leikhúslóftið

Lau 17.11.	kl. 11:00	Lau 01.12.	kl. 12:30	Fös 14.12.	kl. 17:30	Lau 22.12.	kl. 11:00
Lau 17.11.	kl. 12:30	Sun 02.12.	kl. 11:00	Fös 14.12.	kl. 19:00	Lau 22.12.	kl. 13:00
Lau 24.11.	kl. 11:00	Sun 02.12.	kl. 12:30	Lau 15.12.	kl. 11:00	Lau 22.12.	kl. 14:30
Lau 24.11.	kl. 13:00	Lau 08.12.	kl. 11:00	Lau 15.12.	kl. 13:00	Sun 23.12.	kl. 13:00
Lau 24.11.	kl. 14:30	Lau 08.12.	kl. 13:00	Lau 15.12.	kl. 14:30	Sun 23.12.	kl. 14:30
Sun 25.11.	kl. 11:00	Lau 08.12.	kl. 14:00	Sun 16.12.	kl. 11:00		
Sun 25.11.	kl. 12:30	Sun 09.12.	kl. 11:00	Sun 16.12.	kl. 13:00		
Lau 01.12.	kl. 11:00	Sun 09.12.	kl. 12:30	Sun 16.12.	kl. 14:00		

Fly Me To The Moon

Kassinn

Sun. 11.11.	kl. 19:30	Lau 17.11.	kl. 19:30	Fös 23.11.	kl. 19:30	Sun 02.12.	kl. 19:30
Fös 16.11.	kl. 19:30	Fim 22.11.	kl. 19:30	Lau 01.12.	kl. 19:30		

Insomnia

Kassinn

Lau 24.11.	kl. 19:30	Fim 29.11.	kl. 19:30	Sun 09.12.	kl. 19:30
Sun 25.11.	kl. 19:30	Fös 30.11.	kl. 19:30		

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

16. NÓVEMBER 2018

Tónlist

Hvað? Konsertorganistinn Janós Kristófi frá Transilvaníu
Hvenær? 17.00
Hvar? Hjallakirkja, Kópavogi
 Janós Kristófi hefur verið organisti við dómkirkjuna í Oradeu í Rúmeníu frá 1987 og frá 2011 hefur hann einnig gegnt þar starfi kórstjóra og hljómsveitarstjóra, auk professorstöðu sem hann hefur við Partium Christian University í sömu borg. Hann hefur áður spilað á Íslandi á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju, en að þessu sinni mun hann halda námskeið fyrir lengra komna orgelnemendur Tónskóla Þjóðkirkjunnar ásamt því að halda tónleika í Hjallakirkju og Stykkishólmskirkju. Á efnisskránni eru verk eftir Bach, Wagner, Widor, Áskel Tálsson o.fl. Ókeypis aðgangur, en tekið við frjálsum framlögum.

Hvað? Jacky Terrasson – pianisti hamingjunnar í Salmum
Hvenær? 20.00
Hvar? Salurinn, Kópavogi
 Jacky er pianisti hamingjunnar samkvæmt franska tímaritinu Telerama en með flutningi sínum gripur hann hlustandann og umvefur velliðan og fögnuði. Hann fæddist í Berlin og ólst upp í París hjá bandarískri móður og frönskum föður. Jacky bar sigur úr þýtum í Thelonious Monk Piano Competition árið 1993 og bauðst í framhaldinu sæti í hljómsveit Betty Carter.

Viðburðir

Hvað? Hvernig ætla opinberir aðilar að mæta framtíðarskorumum?
Hvenær? 08.30
Hvar? Grand hôtel
 Eru opinberir aðilar tilbúnir til að móta framtíðarsýn til 15, 20 eða 25 ára? Hvað eru stjórnvöld að gera og af hverju? Aðferðir til að skoða framtíðina á kerfisbundinn hátt og hvað er verið að gera. Morgunverðarfundur 16. nóvember kl. 8.30-10.00, haldinn í Háteigi á Grand hótel í samstarfi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og forsætisráðuneytisins. Morgunverður hefst kl. 08.00 og dagskrá hefst kl. 08.30.

Hvað? Erindi, William Ryan
Hvenær? 12.00
Hvar? Bókasafn Kópavogs
 Írski rithöfundurinn William Ryan segir frá kveikjunnari að sögulegu glæpasögunni A House of Ghosts. Sagan gerist á Englandi á hrotalegasta skeiði fyrri heimsstyrjaldarinnar og er í senn hrollvekjandi og æsispennandi. Höfundur dregur innblástur úr Downton Abbey, Agóthu Christie og vikmyndinni



Styrmir Örn listamaður verður í Hafnarhúsinu með gjörning sem er hluti af sviðslistahátíðinni Everybody is spectacular. FRETABLADIÐ/ANTON BRINK



Loftslagsmálin verða rædd í Þjóðminjasafninu í dag. MYND/ANTON BRINK

The 39 Steps og fjallar um samband sagnfræði og skáldskapar á lífandi og skemmtilegan máta.

Hvað? Þórarinn Þórarinnsson: Þingvellir
Hvenær? 20.00
Hvar? Lífsspekifélagið, Ingólfrstræti
 Frásögn Njálssögu af bardaga á Þingvöllum í ljósi þekkingar á skipulagi staðarinnar.

Hvað? Áhrif ljósmynda í nútímasamfélagi | Hádegiserindi
Hvenær? 12.10
Hvar? Ljósmyndasafn Reykjavíkur
 Yfirstandandi sýning Ljósmyndasafnsins Fjölaskýldumyndir leiðir hugann að ljósmyndun sem miðli er flóttir áreynslulaust úr einu rými yfir í annað; frá heimilinu og atvinnulífinu, yfir á síður dagblaðanna, inn í sýningarsalina og öngstræti veraldarvefins. Oft er talað um virkni ljósmynda og er þá átt við allt í senn: vaxandi notkun, kraft einstakra mynda, ástundunina, og dreifingu mynda í margþætta stafrænu samhengi. Í erindinu verða þessar sjónhverfingar myndanna ræddar í ljósi áður nefndrar sýningar Fjölaskýldumyndir – sem er sýning á ljósmyndum Guðbjarts Ásgeirssonar og Herdisar Guðmundsdóttur og afkomenda þeirra.

Hvað? Umhverfismál á nýrri öld – Viðhorf Íslendinga til loftslags- og orkumála í evrópsku samhengi.
Hvenær? 13.00
Hvar? Þjóðminjasafnið
 Loftslagsbreytingar af manna-völdum hafa þegar haft veruleg áhrif á lífsskilyrði á Íslandi og jörðinni allri og allar líkur eru á að þau áhrif muni einungis aukast. Ljóst er að við, bæði sem einstaklingar og samfélag, þurfum að breyta hegðun okkar, sérstaklega þegar kemur að nýtingu orku og annarra náttúruauðlinda áður en það

verður of seint. En hver eru viðhorf Íslendinga til málaflökkssins? Höfum við einhverjar áhyggjur og erum við tilbúin til að taka ábyrgð og gera það sem þarf? Og hvernig eru viðhorf okkar á samanburði við viðhorf almennings í öðrum Evrópulöndum?

Hvað? Gjörningatíð #2: Styrmir Örn Guðmundsson / Spectacular
Hvenær? 22.00
Hvar? Hafnarhúsið
 Velkomin á diskotekið. Hér er diskotekarinn gestiker. Á meðan hvert listaverkið eftir öðru flæðir fram er þú örugg/ur í höndum töfrálnkennisins sem ryður frá sér riminu með rokkaðri rödd. Halló, þú dýrslegi heilasteikjari lagasyrpnunar: Wham bam, thank you mam! Svartur fugl flógar úr diskó-egginu. Annar fylgir á eftir. Þeir taka flugið inn í villtan og heimskulegan hugmyndaheim – skammtafræðilegt stökk.

Hvað? Ari Shaffir – Uppistand í Hörpu
Hvenær? 21.00
Hvar? Harpa
 Leikarinn og uppistandarinn Ari Shaffir hefur boðað komu sína til Íslands í annað sinn og ætla að skemmta gestum Hörpu með hömlulausri sýningu eins og honum einum er lagið og nýju efni.

Sýningar

Hvað? Tvennd í Samsýning Ragnheiðar Ragnarsdóttur og Sigríðar Ágústsdóttur
Hvenær? 16.00
Hvar? Borgarbókasafnið, Spönginni
 Sýningin Tvennd er samstarfsverkefni þeirra æskuvinkvenna Ragnheiðar Ragnarsdóttur, arkitekts og myndlistarmanns, og Sigríðar Ágústsdóttur, leirlistarmanns og leiðsögumanns.

Hvað? Cavern
Hvenær? 19.00
Hvar? OPEN Reykjavík, Grandagarði
 Amanda sýnir ný verk sem reyna að bera kennsl á lim alheimsins sem finna má allt í kringum okkur og hefur þannig hlutverkaskipti milli hins sýnilega og ósýnilega. Innteningin er unnin í marga miðla: vélo, ljósmyndir og skulptur en mun einnig teygja anga sína alla leið til nágranna okkar hjá Valdisi þar sem Amanda hefur unnið nýja bragðtegund í samstarfi við þau sem frumsýnd verður á sama tíma. Viðburðurinn er öllum opin!

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Frettablaðinu á Facebook

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADÍSIS

Juliusz (POLISH WITH ENGLISH SUB)	17:45	Kalt stríð // Cold War (ICE SUB)	20:00
Litla Moskva (ICELANDIC - NO SUB)	18:00	Juliusz (POLISH WITH ENGLISH SUB)	20:00
Mæri // Border (ICE SUB)	18:00	Lof mér að falla (ENG SUB)	22:00
FÖSTUDAGSPARTÍSÝNING!			
Romy & Michele's High School Reunion	20:00	Hinn seki // The Guilty (ENG SUB)	22:15
		Blindspotting (ICE SUB)	22:15

Góðir menn og góðar konur

Góðir menn og góðar konur, komið sem allra, allra fyrst“ er yfirskrift málþings um spænsku veikina sem Borgarsögusafn Reykjavíkur stendur fyrir í lónó sunnudaginn 18. nóvember kl. 14.

Líðin eru 100 ár frá því að spænska veikin barst til Íslands en í nóvember 1918 var fyrsta dauðsfall vegna veikinnar skráð í Reykjavík og fjölgaði dauðsföllum gifurlega á afar skömmum tíma. Samkvæmt opinberum tölum létust 484 Íslendingar úr veikinni sem kom þýngst niður á Reykvíkingum, en hægt var að stöðva útbreiðslu hennar með ströngum sóttvörnum og einangrun manna milli landshluta.

Framsögufolk á málþinginu kemur úr röðum sagnfræði og læknavísinda og eru það Bragi Þorgrímur Ólafsson sagnfræðingur, Magnús Gottfreðsson, prófessor og sérfræðingur í smitsjúkdómum, og Erla Dóris Halldórsdóttir, gjörgæsluhjúkrunarfræðingur og doktor í sagnfræði, sem taka til máls. Bragi mun fjalla um aðdraganda veikinnar, Magnús segir frá einkennum og afdrifum sjúklinga í heimsfaraldrinum og veltir því upp hvort samþætilegir atburðir gætu endurtekið sig og hver viðbrögð yrðu við því. Að endingu mun Erla Dóris fjalla um áhrif influensunnar á konur í Reykjavík í nóvember og desember 1918.

Fundarstjóri er Alma D. Möller landlæknir og um tónlistarflutning sjá Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Hrönn Þráinsdóttir pianóleikari. Að



Ljósmynd af sýningunni í Aðalstræti 10. Þar er að finna myndir sem tengjast spænsku veikinni en úr henni létust tæplega 500 Íslendingar.



Árið 1918 reyndist landsmönnum erfitt og þá voru miklar frosthörkur.

málþingi loknu verður boðið upp á kaffi og kökubita.

Eftir kaffið um klukkan 16.30 verður farin söguganga frá lónó með Gunnari Þór Bjarnasyni sagnfræð-

ingi. Gengið verður að Hólavallagarði þar sem Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur og Heimir Björn Janusarson, umsjónarmaður Hólavallagarðs, munu segja frá áhrifum veikinnar á garðinn. Gangan endar á minningarstund sem sr. Elínborg Sturludóttir dómkirkjuprestur leiðir.

Reykjavík 1918 er yfirskrift sýningar í Aðalstræti 10. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands. Á sýningunni má sjá ljósmyndir frá hinu viðburðaríka ári 1918 og er þar fjöldi ljósmynda sem tengjast spænsku veikinni. Sýningin verður opin þennan dag 18. nóvember frá kl. 12-17.

OPINN FUNDUR



VG OG NÝJA VERKALÝÐSFORYSTAN

17. nóvember kl. 11.00
Parabakki 3, 109 Reykjavík

Gengið inn hjá Ökuskólanum í Mjódd

FRUMMÆLENDUR

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Drífa Snædal, forseti ASÍ

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

FUNDARSTJÓRI

Ögmundur Jónasson

fyrirv. innanríkisráðherra

og fyrirv. formaður BSRB



**Jacky
Terrasson**
16. nóvember



**Alessandro
Lanzoni &
Giovanni Guidi**
16. desember



John Scofield
17. febrúar



**Rita
Marcotulli**
8. mars



**Gwilym
Simcock**
26. mars

jazz í Salnum

Ef keyptir eru miðar á þrenna eða fleiri tónleika
fæst 20% afsláttur af miðaverði.

Salurinn.is **44 17 500**

DAGSKRÁ

Föstudagur

STÖÐ 2

07.00 Blíða og Blær
07.25 Tommi og Jenni
07.45 Strákrarnir
08.10 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Curb Your Enthusiasm
11.00 Restaurant Startup
11.45 The Goldbergs
12.10 Feðgar á ferð
12.35 Nágrannar
13.00 Norman
14.55 Lego: The Adventures of Clutch Powers
16.25 First Dates
17.20 Friends
17.45 Bold and the Beautiful
18.05 Nágrannar
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 The X-Factor Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraþróði situr söngvarinn Louis Tomlinson úr One Direction, söngarinn góðkunnir Robbie Williams og leikkonan Ayda Field.
20.50 Suður-ameríski draumurinn
21.25 Father Figures
23.15 The Danish Girl
01.10 The Accountant Hörkuspennandi glæpamynd frá 2016 með Ben Affleck, Anna Kendrick, J.K. Simmons og Jon Bernthal. Christian Wolff var sannkallað undrabarn í stærð- og rúmfræði á kostnað félagslegra hæfileika enda var hann alltaf einn með sjálfum sér. Nú þegar hann er orðinn fullorðinn vinnur hann við að hviþyvo peninga hættulegustu glæpasamtaka heims með alls konar bókhaldsbrellum. En það eru blíkur á lofti.
03.15 Slow West
04.40 Norman

STÖÐ 2 SPORT

09.25 Belgía - Ísland
11.05 Þjóðadeildarmörkin
11.25 ÍR - Valur
13.05 Huddersfield - West Ham
14.45 Crystal Palace - Tottenham
16.25 Messan
17.25 Premier League World
17.55 Centers of the Universe: Shaq & Yao
18.20 Grindavík - Njarðvík
20.10 Stjarnan - Tindastóll
22.10 Domino's körfuboltakvöld
23.50 Wales - Danmörk

STÖÐ 2 SPORT 2

08.30 AC Milan - Juventus
10.10 Ítölsku mörkin
10.40 Newcastle - Bournemouth
12.20 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
12.45 Domino's-körfuboltakvöld kvenna
13.45 NFL Gameday
14.15 England - Bandaríkin
15.55 Króatía - Spánn
17.35 Belgía - Ísland
19.15 Þjóðadeildarmörkin
19.35 Holland - Frakkland
21.45 Þjóðadeildarmörkin
22.05 Grindavík - Njarðvík
23.45 UFC Fight Night: The Korean Zombie vs. Rodriguez

ÚTVARP


FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Lítt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



Úrslita-
þáttur

SUÐUR-AMERÍSKI DRAUMURINN

KL. 20:55

Hörkuspennandi lokapáttur þar sem liðin tvö mætast í Argentínu. Nú kemur í ljós hverjir bera sigur úr bytum í þessari ævispennandi keppni. eru það Audi og Steindí eða Pétur Jóhann og Sveppi?



Frábær föstudagur

Fáðu þér áskrift á stod2.is

THE X-FACTOR UK

KL. 19:25

Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni ásamt fleiri góðum gestum.



FATHER FIGURES

KL. 21:35

Frábær gamanmynd með Owen Wilson og Ed Helms en þeir leika tvíburana Kyle og Peter. Í brúðkaupi móður þeirra ljóstrar hún því upp að hún hefur alla tíð lagið því að þeim að faðir þeirra sé dáinn.

THE DANISH GIRL

KL. 23:25

Stórkostleg sannsöguleg mynd um Lili Elbe en hún var ein fyrsta manneskjan í sögunni sem fór í kynskiptiágerð.



MARSHALL

KL. 22:00

Byggð á sannri sögu um Thurgood Marshall sem árið 1967 varð fyrsti maðurinn af afrískum uppruna til að vera skipaður hæstaréttardómari í Bandaríkjunum.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.

stod2.is

STÖÐ 3

19.10 Anger Management
13.00 Steve Jobs
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Fresh Off the Boat
21.15 The Simpsons
21.40 Bob's Burgers
22.05 American Dad
22.30 Silicon Valley
23.00 Eastbound & Down
23.30 UnReal
00.40 Schitt's Creek
01.05 Seinfeld
01.30 Friends
01.55 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Mörgásirnar
07.47 Doddí lítli og Eyrnastór
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveinsson
08.49 Mamma Mu
08.55 Lalli
09.00 Strumparnir
09.25 Ævintýraferðin
09.37 Gulla og grænjaxlarnir
09.48 Stóri og Lítli
10.01 Hvellur keppnisbill
10.13 Tindur
10.23 Mæja býfluga
10.35 K3
10.46 Grettir
11.00 Dóra könnuður
11.24 Mörgásirnar
11.47 Doddí lítli og Eyrnastór
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveinsson
12.49 Mamma Mu
12.55 Lalli
13.00 Strumparnir
13.25 Ævintýraferðin
13.37 Gulla og grænjaxlarnir
13.48 Stóri og Lítli
14.01 Hvellur keppnisbill
14.13 Tindur
14.23 Mæja býfluga
14.35 K3
14.46 Grettir
15.00 Dóra könnuður
15.24 Mörgásirnar
15.47 Doddí lítli og Eyrnastór
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveinsson
16.49 Mamma Mu
16.55 Lalli
17.00 Strumparnir
17.25 Ævintýraferðin
17.37 Gulla og grænjaxlarnir
17.48 Stóri og Lítli
18.01 Hvellur keppnisbill
18.13 Tindur
18.23 Mæja býfluga
18.35 K3
18.46 Grettir
19.00 Alvin og ikornarnir: Ævintýrið mikla



Dóra könnuður,
11.00 og
15.00

GOLFSTÖÐIN

07.50 Inside the PGA Tour
08.15 The RSM Classic
11.15 CME Group Tour Championship
14.15 Golfing World
15.05 Inside the PGA Tour
15.30 The RSM Classic
18.30 The RSM Classic
21.30 Golfing World
22.20 Champions Tour Highlights
23.15 CME Group Tour Championship

STÖÐ 2 BIÓ

11.25 Hanging Up
13.00 Steve Jobs
15.00 Diary of a Wimpy Kid: Rodrick Rules
16.40 Hanging Up Grátbrosleg kvikmynd frá 2000 með þeim Meg Ryan, Diane Keaton og Lisu Kudrow. Myndin fjallar um systurnar Eve, Georgiu og Maddy og þabba þeirra, hinn elliaera Lou. Samskipti þeirra gegnum árin hafa verið heldur snubbótt og einkum í gegnum símann. Dæturnar eru allar uppteknar af eigin lífi og það er helst Eve sem heyrir hljóðið í gamla manninum annað slagíð.
18.15 Steve Jobs
20.20 Diary of a Wimpy Kid: Rodrick Rules
22.00 Marshall Dramatísk mynd frá 2017 sem byggð er á sannri sögu Thurgood Marshall sem varð árið 1967 fyrsti maðurinn af afrískum uppruna sem var skipaður hæstaréttardómari í Bandaríkjunum. Áður en það gerðist hafði hann skapað sér nafn sem einn besti mannréttindalögmaður landsins og í þessari mynd er fjallað um eitt af fyrstu málum hans.
00.00 Sleight
01.30 Losers
02.45 Marshall

RÚV

13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2010-2011
13.55 Úr Gullkistu RÚV: 90 á stöðinni
14.25 Úr Gullkistu RÚV: Fólk og firnindi
15.25 Úr Gullkistu RÚV: Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni
16.00 Úr Gullkistu RÚV: Stúdíó A
16.40 Séra Brown
17.25 Landinn
17.55 Táknaðsfréttir
18.05 KrakkarRÚV
18.06 Ósagað sagan
18.35 Krakkafréttir vikunnar
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Útsvar
21.05 Vikan með Gísla Marteini
21.50 Agatha rannsakar málið - Brúður fyrir bí
22.40 Ride
00.10 Banks lögreglufulltrúi - Bruni í hverjum blóðdropa
01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Siminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Bordertown
14.15 Family Guy
14.40 Glee
15.25 The Voice
16.25 Everybody Loves Raymond
16.45 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 America's Funniest Home Videos
19.30 The Voice
21.00 Marvel's Cloak & Dagger
21.50 Marvel's Agent Carter
22.40 The Tonight Show
23.25 Hawaii Five-0
01.00 The Affair
02.15 FBI
03.00 Code Black
03.45 The Chi
04.35 Siminn + Spotify

VASKURINN Í VASKINN!



FELLUM NIÐUR JAFNGILDI VIRÐISAUKASKATTS AF
ÖLLUM BÓKUM & TÍMARITUM ÚT ALLA HELGINA!

#LESUMMEIRA

*Að sjálfsgötu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 9,91% er alfarið á kostnað Pennans. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími verðlækkunar er til og með 18. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Það er alveg hægt að nota skóna við pils og síða kjója.

Alvöru skófatnaður



Kaia Gerber notar sína skó við þröngar leggings og jakkafatajakka.

Í vetur dugir ekkert minna en skórnir sem ganga upp í öllum veðrum. Gömlu góðu gönguskórnir og reimuð stígvél voru áberandi á tiskupöllunum fyrir veturinn, sem betur fer fyrir okkur Íslendinga, því þetta eru skórnir sem við getum notað í rigningu, slabbi og snjó. Glamour gefur þér nokkrar hugmyndir um hvernig þú getur klæðst þínum og ef þú átt gamla sem þú vilt hressa upp á þá er alltaf hægt að kaupa litáðar reimar, og skórnir verða eins og nýir.



Gucci fer ekki troðnar slóðir. Þessir eru blanda af strigaskóm og gönguskóm, skreyttir steinum.



House of Holland x Grenson. Þessir skór fást í Kvartýru no. 49 í Reykjavík og verða góðir í vetur.



Skór frá Louis Vuitton.



38 Prep, Oxs, 53.000 kr.



GS Skór, Dr. Martens, 31.995 kr.



Zara, 11.995 kr.



Kultur, Rocco, 79.995 kr.



Bella Hadid í rauðköflótttri kápu, beinum gallabuxum og Dr. Martens.

GLAMOUR

Farðu inn á glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tisku.
● Facebook ● Instagram ● Twitter

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

frá 1.999



Álskóflur

Sonax hreinsivörur á frábæru verði



4.895

Viðgerðarbretti



19.999

Öflugar háprýstidælur 165Bör 1800W



9.999

Háprýstidæla 1650W



3.795

Hjólattjakkur 2T m/tösku



9.999

6T Búkkar 605mm Par



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395

Hjólbörur 100kg



3.995

Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Laufahrifur

frá 999



frá 395

Ruslatínur



frá 995

Skóflur

Strákústar

685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

79.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



Steðjar í miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Vice Multi angle

6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



7.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



Fjolsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



14.999

Hjolsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Leikritið *Insomnia* er nú sýnt í Þjóðleikhúsinu og þar eru áhrif gamanþátta-raðarinnar *Friends* rannsökuð. Hljóm-sveitin Eva sér um tónlistina og leituðu þær til Phoebe um innblástur og komust að innsta kjarna persónunnar.

Leikhópurinn Stertabenda rannsakar áhrif gamanþátta-rannsóknar *Friends* á sjálfsmynd og samfélag kynslóða í nýjasta verkinu sínu *Insomnia* sem er nú sýnt í Þjóðleikhúsinu. Hljóm-sveitin Eva sér um tónlistina í verkinu og þær Vala Höskuldsdóttir og Sigríður Eir Zophoniasardóttir leituðu beint til hennar mjög svo sérstöku Phoebe úr *Friends* um innblástur fyrir þessa tónlist.

„Það er skritið að fara aðra leið að tónlistarstjórn í svona verki en að fara í gegnum Phoebe, allavega er það ekki hægt öðruvísi en að vera innblásinn af henni,“ segir Vala Höskuldsdóttir en hún segist samsama sig persónunni.


„Okkur er skipt upp í hlutverk í sýningunni og ég er Phoebe. Við eigum margt sameiginlegt – þannig að það var svolítið gott. Þetta var hörð keppni því að bæði María Heba og Tinna Sværiss tikka í mörg Phoebe-box en ég var einfaldlega bara skritnust og vann því þá keppni.“

Einnig komust þær stóllur að því að það eru einnig praktiskari ástæður fyrir því að miðla Phoebe í tónlistarskópun fyrir leikverk – persónan gegndi enda líka mikilvægu hlutverki innan *Friends*-þáttanna enda var hún eins konar uppljóstrari sannleikans – hún var laus við tilgerð og ófeimin við að segja frá því þegar keisarinn var án klæða. Hennar hlutverk var óneitanlega svipað og hjá gríska kórnum forna sem sá um meta-frásögn í leikritum þess tíma.

„Þegar við förum að skoða hvaða þekktu minni eru í Phoebe þá sáum við að hún er gríski kórinn. En hann sagði sannleikann á sviðinu í grískum leikritum til forna og þjónaði þar með stóru og mikilvægu hlutverki. Við erum líka að vinna með Grikkina í verkinu – þannig að þetta passaði mjög vel saman og var skýr leið fyrir okkur að fara.



Hljóm-sveitin Eva sér um tónlistina í verkinu en einnig allar hljóðbrellurnar sem þær framkvæma með eigin rödd. MYND/OWEN FIENE




Tónlist í anda Phoebe Buffay

VIÐ EIGUM MARGT SAMEIGINLEGT – ÞANNIG AÐ ÞAÐ VAR SVOLÍTIÐ GOTT. ÞETTA VAR HÖRD KEPPNI ÞVÍ AÐ BÆÐI MARÍA HEBA OG TINNA SVÆRRIS TIKKA Í MÖRG PHOEBE-BOX EN ÉG VAR EINFALDLEGA BARA SKRITNUST OG VANN ÞVÍ ÞÁ KEPPNI.

Hún er líka svo mikilvæg, hún er „the odd one out“ sem fær samt að vera með og gerir þetta allt miklu skemmtilegra. Allt væri auðvitað svo leiðinlegt ef allir væru eðlilegir.“

Tónlist Evu sér um að vera ákveðin líflina til áhorfenda þegar



Stærsti smellur Phoebe er líklega lagið stórskemmtilega, Smelly Cat.

atburðir á sviðinu fara úr böndunum.

„Við erum líflina til áhorfenda – því uppbyggingin, fagurfræðin og þráðurinn í verkinu er mjög mikil kakófónía og mjög erfitt stundum að halda þræði, á skemmtilegan hátt, en þetta er stundum rugl og bull og maður hugsar „hvert er þetta að fara?“ og þá kemur tónlistin sem líflína og maður skilur þá hvað er að gerast.“

Ekki bara sér hljóm-sveitin um tónlistina heldur bókstaflega allar hljóðbrellur sömuleiðis.

„Við vorum með þá reglu að öll hljóð væru gerð af okkar röddum. Við erum ekki með neina eflekta eða neitt aðkeypt – ef okkur vantar til dæmis dróna þá fer ég bara að urra í hljóðnemann. Við settum

okkur hömlur svo við gætum haft þetta eins og einfalt og hrátt og mögulegt er. Allt leikritið, þótt það fari um víðan völl, er sótt í *Friends*. Eins sóttum við í hljóm-sveitinni innblástur í *Friends* með öll stefin, millispilið úr þáttunum og allt þetta – þannig að þetta er svolítið kunnuglegt.“

Sýningin tekur á stórum spurningum og setur þær í samhengi við *Friends* og möguleg áhrif þáttanna á vestrænt samfélag.

„Við erum ekki að taka neina afstöðu með eða á móti *Friends* heldur förum við inn í og kryfjum þættina. Hversu miklir guðir og áhrifavaldar þessir karakterar og þættir eru bara á samfélagið. Var *Friends*-tímabilið einhvers konar vendipunktur? Hvað gerðist þegar síðasti *Friends* þátturinn fór í loftið? Breyttist eitthvað á meðan þessi þáttaröð var í gangi – í hinu stóra samhengi?“ stefanthor@frettabladid.is

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Kemur út þriðjudaginn 27. nóvember.

Skemmtilegt blað sem kemur inn á allar hliðar jólaundirbúningsins. Uppflettirit sem lesendur leita í aftur og aftur.

Viltu þú auglýsa í mest lesna jólablaði landsins?

Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins. Sími 550 5077 – serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Ný og glæsileg
gönguskíðadeild

Veldu
aðeins
það
besta

 **HEAD**

FISCHER 

Vetur 2018

Full búð af nýjum vörum

20% afsláttur af öllum
skíða- og brettapökkum



SWIX

 **odlo**

 **alpina**

 **ziener**
made by pros



Skeifunni 6 · www.everest.is

20-50% AF VÖLDUM



30%
AF ÖLLUM
JÓLALJÓSUM



CLARA köngull. H14 cm. 1.995 kr. Nú 1.397 kr. H20 cm. 2.995 kr. Nú 2.097 kr. H8 cm. 2 í pk. 2.995 kr. Nú 2.097 kr.



AGNES jólatré. LED. H8,3 cm. 2.995 kr. Nú 2.097 kr.



BOLETTE MINI sería. 16 LED ljós. Hvít. 2.495 kr. Nú 1.747 kr.
Gyllt eða silfurliðuð. 2.995 kr. Nú 2.097 kr.



PARIS stóll. Svört eða hvít, hvíttuð eik í fótum.
14.900 kr. Nú 11.175 kr.



LAKE borðstofuborð. Gegnheil eik.
150x90 cm. 99.900 kr. 69.900 kr.



CAROLINA stóll. Bleik, blá eða græn seta með svörtum fótum.
12.900 kr. Nú 9.675 kr.



25%

BLAZE NY barstóll. Svartur. 19.900 kr. Nú 14.925 kr.
ALTA barstóll. Hvít seta, eikarfætur. 19.900 kr. Nú 14.925 kr.
HYPE barstóll. Svart PU leður. 34.900 kr. Nú 26.175 kr.

b
BROSTE
COPENHAGEN



25%
AF NORDIC
MATARSTELLI

NORDIC matarstell. Coal, sandlituð eða grátt.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND

INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

VÖRUM



20%

RING spegill. Svartur MDF hringur.
Ø50 cm. 17.995 kr. Nú 14.396 kr.
Ø60 cm. 19.995 kr. Nú 15.996 kr.
Ø70 cm. 24.995 kr. Nú 19.996 kr.



50%

VARA HÆTTIR

METZ handklæði. Hvítt, sandlitáð eða brúnt.
76x150 cm. 4.495 kr. Nú 2.247 kr.
50x100 cm. 1.995 kr. Nú 997 kr.
Þvottastykki. 30x30 cm. 495 kr. Nú 247 kr.



MESSINA 2JA SÆTA
NÚ **49.900**
SPARAÐU 30.000

MESSINA sófi. 2ja sæta. Grátt áklæði. L174 cm. 79.900 kr. Nú 49.900 kr.



35%

MESSINA sófi. 3ja sæta. Grátt áklæði. L224 cm. 119.900 kr. Nú 77.935 kr.



25%

RAW borðmotta. Endurunnid leður.
41x33,5 cm. 1.595 kr. Nú 1.196 kr.



25%
AF ÖLLUM
GLÖSUM

aida®
daily design

HARVEY kokteilglas. 26 cl. 4 í pk. 1.995 kr. Nú 1.496 kr.



25%

GROOVY hnifaparasett. 16 hlutir. 4.495 kr. Nú 3.371 kr.



12 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING

Þegar verslað er með VISA eða MasterCard fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

3 MÁNAÐA
GREIÐSLUDREIFING MEÐ



FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing

Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Mariu Bjarnadóttur



Tölvukunnátta

Japanski ráðherrann sem ber ábyrgð á netöryggismálum notar ekki tölvur. Hann upplýsti um þetta á svipuðum tíma og hann tók þátt í þingumræðum um netöryggismál í kjarnorkuverum og það kom í ljós að hann var ekki alveg viss um hvað USB-kubbur væri. Það er í sjálfu sér ekki hræðilegt að vita ekki hvað USB-kubbur er. Við munum ekki alltaf hvað allar skammstafnir þýða. Þessi kjarnorkutenging gerði mig samt ólítili órólega. Kveikti líka nokkrar spurningar.

Hvernig er hægt að vera ráðherra í heimalandi Nintendo, Sony og Toshiba og nota ekki tölvu? Hvað með allan tölvupóstin, innhólfíð sem aldrei tæmist? Hvernig fylgist hann með fréttum? Les hann bara blaðið og ekkert annað? Eru engar myndir úr sumarfríinu á Instagram? Hvernig eiga kjósendur að tengja við hann sem einstakling nema að hafa aðgang að upplýsingum um hvernig sumarfrístýpa hann er? Hvernig er hægt að vera ráðherra netöryggismála og nota ekki tölvu? Er hægt að móta stefnu í málaflökki án þess að hafa raunverulegan skilning á grundvallaratriðum sem fjallað er um?

Stjórnmalin fast oft við stór og flókin álitaefni. Við ætlum stjórnmalamönnum stundum að vera sérfræðingar í öllu sem þau fast við, en það eru þau auðvitað ekki. Þess vegna fá þau til liðs við sig aðstoðarfólk, sérfræðinga, ráðgjafa. Stjórnmalamenn eiga ekki að þurfa að hafa mikið í saltan sjó til þess að hafa trúverðuga sýn á kvótamál. Það er hægt að taka pólitíska umræðu um málefni fólks á flóttu án þess að hafa þurft að búa í flóttamannabúðum. Það er hægt að hafa pólitíska sýn án þess að hafa reynt alla anga hennar persónulega. Það hlýtur samt að hjálpa að kunna á tölvu.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

Áramótaskraut og hattar



Finndu okkur á f

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534



Charlotte & Julien
Create your world

HEILSURÚM



TEMPUR

AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

25% JÓLATILBOÐ Á STILLANLEGUM RÚMUM

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING



- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd



DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarkslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEG RÚM - VERÐDÆMI

Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 569.800

Tilboð 427.350 kr.

Með Tempur Original eða Cloud heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 769.800

Tilboð 577.350 kr.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur



JOOP RÚMFÖT

21.165 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 24.900 kr.



BAÐSLOPPAR

Verð frá: 16.900 kr.

Verð á sloppum á myndum: 29.900 kr.



STÓRI BJÖRN DÚNSÆNG

Hlý og létt dúnsæng (700 gr).
50% dúnn, 50% smáfíður.
100% bómullar áklæði.

15.920 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 19.900 kr.

FAXA FENI 5
Reykjavík
588 8477

DALS BRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK



GRÍMAN
TILNEFND SEM
BARNASYNING ÁRSINS

Jólaflækyja



MBL



FBL

borgarleikhus.is





GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu gjöf
sem lifnar við

